Breytingar og bjargráð

AÐFERÐIR FÓLKS Á LANDBÚNAÐARSVÆÐUM TIL AÐ TAKAST Á VIÐ SAMFÉLAGSLEGAR BREYTINGAR

Gunnar Þór Jóhannesson

M.A. – ritgerð í mannfræði nr.
Leiðbeinendur: Dr. Unnur Dís Skaptadóttir
Dr. Karl Benediktsson
Janúar 2003

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR **4**
ABSTRACT **5**
FORMÁLI **6**

I. HLUTI INNGANGUR 7

II. HLUTI FRÆÐILEGAR STOÐIR 11

KAFLI 1 HNATTVÆÐING **12**
INNTAK HNATTVÆÐINGAR 12
AFLEIÐINGAR OG ÁHRIF HNATTVÆÐINGAR 15
AÐ FINNA HREYFINGU 18
SAMANTEKT 22
KAFLI 2 BJARGRÁÐ **24**
MEÐVITAÐAR AÐGERÐIR 24
NÝSKÖPUN, TENGSLANET OG UPPBYGGING SJÁLFSMYNDAR 27
SAMANTEKT 30
KAFLI 3 FÉLAGSLEGUR AUÐUR **32**
AUÐUR Í KRAFTI TENGSLA 32
SAMFÉLAG EÐA EINSTAKLINGAR? 36
EIGN EÐA GJÖRÐIR? 41
SAMANTEKT 43
KAFLI 4 AÐ LOKUM **45**

III. HLUTI AÐFERÐAFRÆÐI 46

KAFLI 5 KVEIKJAN **47**
SAMBAND LANDBÚNAÐAR OG FÉLAGSVÍSINDA Á ÍSLANDI 47
KAFLI 6 AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD **50**
ETNÓGRAFÍSKAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR 50
ÞÁTTTAKENDUR, GAGNASÖFNUN OG GREINING 51
KAFLI 7 AÐ SKAPA ÞEKKINGU **54**
VIÐ OG HINIR 54
EINHYGGJA FYRIR AÐRA 56
GRUGGUGAR RANNSÓKNIR 58

IV. HLUTI BREYTINGAR OG BJARGRÁÐ 59

KAFLI 8 UMHVERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR 60
HAGRÆNAR BREYTINGAR OG REGLUKERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR 60
Hagrænar breytingar í hnotskurn 60
Útflutningsbætur og þjóðarsátt – syndir og yfirbót? 62
Rekstrarumhverfið – atvinnugrein í hafti 65
SAUÐFJÁRRÆKT SEM BYGGÐAMEÐAL 67
Beingreiðslur – byggðastyrkir eða stuðningur við framleiðslu? 67
Þrjár leiðir til framtíðar 69
SAMANTEKT 71
KAFLI 9 AÐSTÆÐUR FÓLKS Í FLJÓTSDAL 73
BREYTTAR AÐSTÆÐUR 73
STAÐAN Í DAG 75
Hagræn staða 75
Félags- og menningarleg staða 77
BJARGRÁÐIN STÓR OG SMÁ 79
Bjargráð einstaklinga 79
Virkjun sem bjargráð? 82
SAMANTEKT 85
KAFLI 10 HÉRAÐSSKÓGAR 87
SAGA, MARKMIÐ OG TILGANGUR HÉRAÐSSKÓGA 87
UPPHAFIÐ 89
VIÐTÖKUR OG ÞRÓUN 90
AÐ SKJÓTA RÓTUM 93
SAMANTEKT 96
KAFLI 11 EFLING EINSTAKLINGA OG BYGGÐAR 97
SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF HÉRAÐSSKÓGA 97
Byggðir 97
Umhverfi 98
Samfélag og menning 100
HÉRAÐSSKÓGAR SEM SVEIGJANLEGT BJARGRÁÐ 102
SAMANTEKT 104
KAFLI 12 AÐ LOKUM 105

V. HLUTI UMRÆÐUR OG LOKAORÐ 107

KAFLI 13 SAUÐFJÁRRÆKT OG HNATTVÆÐING 107
KAFLI 14 BJARGRÁÐ Í FLJÓTSDAL 111
KAFLI 15 HÉRAÐSSKÓGAR SEM BJARGRÁÐ 115
KAFLI 16 AÐ LOKUM 121

HEIMILDIR 123

ÚTDRÁTTUR

Hér er fjallað um samfélagslegar breytingar sem fólk á landbúnaðarsvæðum hefur staðið frammi fyrir. Lögð er áhersla á að skýra hvernig fólk mótar og beitir margvíslegum aðferðum til að takast á við þær. Ritgerðin byggir á vettvangsrannsókn sem fram fór austur í Fljótsdal.

Ritgerðin hefst á fræðilegri umræðu um hnattrænar breytingar. Þar eru dregin fram ákveðin hugtök sem varpa ljósi á aðstæður sem íbúar Fljótsdals þurfa meðal annarra að takast á við. Lykilhugtök rannsóknarinnar eru bjargráð og félagslegur auður. Þau fela í sér áherslu á nýsköpun, meðvitaða sköpun sjálfsmyndar og virkjun félagslegra tengslaneta og henta vel til skilnings og greiningar á aðstæðum og aðgerðum fólks.

Seinni hluti ritgerðarinnar fjallar um breytingar á umhverfi sauðfjárræktar, breyttar aðstæður íbúa Fljótsdals og mismunandi bjargráð þeirra. Sérstaklega er fjallað um eitt tiltekið bjargráð – Héraðsskógaverkefnið. Héraðsskógar er dæmi um byggðavænt nýsköpunarverkefni sem byggir m.a. á virkjun félagslegra tengsla og hagnýtingu félagslegs auðs.

Að lokum eru niðurstöður dregnar saman. Sauðfjárræktarfólk tekst á við hnattrænar breytingar með margvíslegum bjargráðum. Reynsla fólks af Héraðsskógaverkefninu er mikilvægt dæmi um hverskonar bjargráð geta hentað á landbúnaðarsvæðum og eykur skilning á hvernig bjargráð eru mótuð og framkvæmd af fólki í samspili við formgerð samfélagsins.

Lykilorð: Landbúnaðarsvæði, bjargráð, sauðfjárrækt, félagslegur auður, hnattvæðing, hnattsvæðing, sjálfsrýni, nýsköpun, tengslanet, sjálfsmynd, flæði.

ABSTRACT

The research underlying this thesis addresses coping strategies of people living in agricultural areas in Iceland. An emphasis is put on explaining how people formulate and practise diverse coping strategies. The thesis is based on ethnographic research in a valley named Fljótsdalur, in the Eastern part of Iceland.

It begins with a theoretical discussion of globalisation and certain concepts, which cast light on the social conditions the inhabitants of Fljótsdalur, among others, have to cope with. Key concepts of the research are coping strategies and social capital. They highligth innovation processes, reflexive identity construction and the practise of social networks and are useful for explaining and analysing different circumstances and practises of people.

The latter part of the thesis discusses the development of the regulatory framework for sheep-farming, social changes in the locality of Fljótsdalur and various coping strategies of the inhabitants. One case of an innovation project is presented, i.e. "Héraðsskógar". "Héraðsskógar" is a regional forestry project, which is to some extent based on social networks and the harnessing of social capital.

In the end conclusions are summarised. Sheep-farmers are coping with global transformations using different strategies. The case of "Héraðsskógar" casts light on which kind of innovation projects can be succsessful in agricultural areas as well it gives an important insight into how individuals formulate and practise coping strategies.

Keywords: Agricultural areas, coping strategies, sheep–farming, social capital, globalisation, glocalisation, reflexivity, innovation, networks, identity, flows.

FORMÁLI

Rannsókn þessi er metin til 35 eininga af meistaraprófi í mannfræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún var styrkt af Nordic Research School on Local Dynamics sem er norrænt net framhaldsnema sem miðar m.a. að því að efla rannsóknir í dreifbýli á norðurslóðum. Jafnframt var rannsóknarverkefnið styrkt af Rannsóknarnámssjóði Rannsóknarráðs Íslands og Starfsmenntunarsjóði BHM. Mér var úthlutað fræðimannaíbúð að Skriðuklaustri í Fljótsdal í október 2001 og var það sérlega mikilvægt fyrir vettvangsvinnu mína. Kann ég öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir.

Leiðbeinendum mínum, dr. Unni Dís Skaptadóttur og dr. Karli Benediktssyni þakka ég fyrir gott samstarf og leiðbeiningu – fundi, skraf og ráðagerðir. Fjölmargir aðrir aðstoðuðu við vinnu og frágang ritgerðarinnar og gáfu góðar ábendingar um efnistök. Ég þakka þeim öllum. Síðast en ekki síst vil ég sérstaklega þakka viðmælendum mínum og öðrum þátttakendum í rannsókninni.

I. HLUTI INNGANGUR

Tuttugusta öld hefur verið tími hraðra breytinga í íslensku samfélagi. Segja má að þjóðfélagið hafi tekið stökk inn í nútímann í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar þegar iðn- og vélvæðing hér á landi hófst fyrir alvöru. Síðustu áratugi 20. aldar og fyrstu ár þeirrar 21. er margt sem bendir til þess að ný þjóðfélagsgerð sé að renna upp, sem hefur aðrar áherslur í för með sér en áður. Lykilatriði í efnahagslífinu í dag eru tækni, miðlun upplýsinga og nýsköpun. Sífellt hærra hlutfall fólks vinnur við þjónustugreinar en vægi frumvinnslugreina fer minnkandi (Hagstofa Íslands, 2002). Hér er ætlunin að fjalla um samfélagslegar breytingar sem þessu fylgja í byggðarlögum sem byggja á frumvinnslu og bjargráð sem íbúar þeirra hafa beitt.

Ritgerðin byggir á vettvangsrannsókn á tilteknu landbúnaðarsvæði á Íslandi, þ.e. Fljótsdal. Hún fjallar um breytingar sem fólk þar hefur upplifað og þau *bjargráð* sem það hefur beitt til að takast á við þær. Fljótsdalur er hefðbundið landbúnaðarsvæði að því leyti að aðalatvinna íbúa þar hefur verið sauðfjárrækt. Hefðbundinn landbúnaður á Íslandi hefur síðan á áttunda áratug 20. aldar gengið í gegnum ýmiskonar þrengingar. Sauðfjárbændur hafa staðið frammi fyrir aukinni samkeppni á matvörumarkaði og breyttum neysluvenjum sem hafa haft í för með sér minnkandi markað fyrir kindakjöt. Sauðfjárrækt hefur átt í vök að verjast og sauðfjárafurðir hafa ekki náð að halda markaðsshlutdeild sinni. Þrátt fyrir minni neyslu kindakjöts hefur framleiðendum ekki fækkað að sama skapi, sem hefur þýtt tekjusamdrátt hjá sauðfjárræktarfólki. Það hefur því þurft að taka til við ólík bjargráð til að geta haldið áfram búskap og þeirri búsetu sem það hefur valið sér.

Lagt var upp með þrjár meginrannsóknarspurningar sem leitað verður svara við hér. Þær eru: Hvaða breytingar hafa orðið í umhverfi sauðfjárræktarfólks? Hvers konar bjargráð hefur það tekið til við? Hvernig mótar fólk bjargráð

sín? Eftirfarandi umfjöllun er því þríþætt og ganga spurningarnar bæði í gegnum fræðilega umræðu og umfjöllun um rannsóknarvinnu mína.

Fyrsta þema rannsóknarinnar fjallar um breytingar – það sem hefur gerst. Lögð er áhersla á að lýsa og skýra breytingar sem hafa orðið á umhverfi sauðfjárræktar og hafa haft áhrif á líf sauðfjárbænda og íbúa landbúnaðarsvæða. Þessar breytingar tengjast almennari breytingum sem oft er lýst með hugtakinu *hnattvæðing* (e. globalisation). Samfélagsgerð Vesturlanda er að breytast. Fólk upplifir meiri hraða, hreyfanleika og aukið valfrelsi en þó einnig meiri stöðlun og ójöfnuð í samfélaginu. Þessar breytingar hafa áhrif jafnt í alþjóðlegu fjármálaumhverfi sem og í uppsveitum Austurlands. Þemað snertir því bæði hnattræn breytingaferli og staðbundnar aðstæður í Fljótsdal, sem beinir kastljósinu að öðru þema rannsóknarinnar: Bjargráðum.

Með hugtakinu bjargráð (e. coping strategies) er sjónum beint að þeim aðgerðum sem fólk notar til að takast á við breytingar í umhverfi sínu. Bjargráð vísa til nýsköpunar, tengslaneta og uppbyggingar sjálfsmyndar. Þetta er því vítt hugtak sem getur vísað til hreinna nýsköpunarverkefna í hefðbundnum skilningi s.s. uppfinninga eða notkunar nýrrar tækni til framleiðslu en einnig mikilvægis huglægari þátta eins og merkingarbærrar sköpunar sjálfsmyndar með *aðgerðum* (e. practice) fólks. Hvort sem verkefni eru stór eða smá þá geta þau falið í sér nýsköpun og uppbyggingu sjálfsmyndar og lykillinn að hvoru tveggja er virkjun tengslaneta. Fjallað er um bjargráð bæði sem fræðilegt hugtak og sem nýsköpunarverkefni fólks í Fljótsdal.

Hugtakið bjargráð dregur athyglina að þeim ferlum sem felast í aðgerðum fólks. Ljóst er að mismunandi bjargráð henta á mismunandi svæðum eða í ólíku samhengi. Þriðja þema ritgerðarinnar snýst því um hvernig fólk mótar og framkvæmir bjargráð og hvaða þættir eru mikilvægir fyrir árangur ólíkra bjargráða. Til að varpa ljósi á hvernig bjargráð eru unnin og þau tengsl sem þau byggja á geri ég grein fyrir hugtakinu félagslegum auði og fjalla sérstaklega um eitt tiltekið bjargráð í Fljótsdal, þ.e. Héraðsskóga. *Félagslegur auður* (e. social capital) er hugtak sem getur nýst til að greina hvernig fólk hagnýtir margskonar

tengsl við framkvæmd bjargráða. Það varpar ljósi á mikilvægi félagslegra tengslaneta, hvernig ólíkir aðilar tengjast nýsköpunarverkefnum og hvorum öðrum og hvaða merkingu þau tengsl hafa fyrir viðkomandi. Héraðsskógar er skógræktarverkefni sem hefur haft mikil áhrif á líf fólks í Fljótsdal. Í gegnum það tengjast bændur og landeigendur í Fljótsdal, stjórnmálamenn, embættisfólk og sérfræðingar og er því um athyglisvert bjargráð að ræða sem virðist byggja á og um leið styrkja víðfeðmt tengslanet.

Ritgerðin skiptist í fimm meginhluta. Að loknum inngangi hefst annar hluti þar sem fjallað er um fræðileg sjónarhorn sem nýtt eru við þá greiningu sem á eftir kemur. Byrjað er á að fjalla um hnattvæðingu. Hugtakið er útskýrt og ákveðnir þættir þess dregnir fram sem skipta sérstöku máli fyrir staðbundin samfélög eins og Fljótsdal. Hér má nefna aðgengi að tengslanetum, meiri áherslu á markaðsvæðingu og aukinn hreyfanleika í samfélaginu. Jafnframt er lögð áhersla á þversagnakenndar afleiðingar hnattrænna ferla sem fara oft og tíðum eftir því hvernig fólk tekst á við síbreytilegar aðstæður sem virkir gerendur. Í öðru lagi er fjallað um hugtakið bjargráð. Ljósi er varpað á hvað felst í hugtakinu *sjálfsrýni* (e. reflexivity) og hvernig það er samtvinnað bjargráðum. Jafnframt er gerð grein fyrir hvernig hugmyndin um bjargráð getur nýst til að greina margvíslegar aðgerðir fólks og tengsl þeirra við ólíkar víddir bjargráða. Í þriðja og síðasta kafla fræðihluta ritgerðarinnar verður gerð grein fyrir hugtakinu félagslegum auði. Félagslegur auður vísar til bjarga sem felast í félagslegum tengslanetum. Virkjun félagslegra tengsla er mikilvæg þegar kemur að nýsköpun og mótun ólíkra bjargráða. Í þessum kafla verður hugtakið rætt útfrá mismunandi sjónarhornum og lögð áhersla á að félagslegur auður felist í aðgerðum einstaklinga í félagslegu samhengi þeirra en er ekki mælanleg eign samfélaga, menningar- eða landsvæða. Hinni fræðilegu umræðu er ætlað að þjóna sem grundvöllur að greiningu á breyttum aðstæðum íslenskra sauðfjárbænda og fjölskyldna þeirra og þeim bjargráðum sem þau hafa beitt.

Í þriðja hluta er gerð grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem verkefnið byggir á. Þar er rannsóknarferlinu lýst og ýmis vandamál þekkingarsköpunar

rædd. Í því sambandi er sjónum sérstaklega beint að eigindlegum eða etnógrafískum rannsóknaraðferðum og stöðu rannsakandans á vettvangi, gagnvart rannsókninni sem slíkri og ekki síður þátttakendum í henni.

Í fjórða hluta hefst umfjöllun um breytingar á umhverfi sauðfjárræktar og bjargráð fólks í Fljótsdal. Stjórnkerfi landbúnaðarins og skipan byggðamála hefur haft mikil áhrif á aðstæður fólks á landbúnaðarsvæðum og möguleika þess til að takast á við samfélagslegar breytingar. Byrjað er á að gera grein fyrir sumum þeim breytingum sem sauðfjárbændur hafa staðið frammi fyrir. Breytingar á reglukerfi og ytra umhverfi sauðfjárræktar á landinu eru raktar og jafnframt er fjallað um tengsl hefðbundins landbúnaðar við byggðastefnu stjórnvalda. Því næst er fjallað sérstaklega um breytingar sem hafa orðið í Fljótsdal og margvísleg bjargráð fólks á svæðinu. Íbúar dalsins hafa upplifað miklar þrengingar í aðalatvinnuvegi svæðisins, sauðfjárrækt, og við þær aðstæður eru árangursrík bjargráð nauðsynleg. Til að varpa ljósi á hvernig fólk mótar bjargráð er gerð grein fyrir Héraðsskógaverkefninu. Héraðsskógar hafa sterka skírskotun til byggðastefnu og tengir ólíka aðila einu bjargráði á svæðinu. Upphaf þess, þróun og áhrif á svæðinu eru rakin ásamt því að mikilvægi þess fyrir íbúa Fljótsdals er dregið fram.

Í fimmta hluta ritgerðarinnar eru fræðileg umfjöllun og niðurstöður rannsóknarinnar um Fljótsdal fléttaðar saman. Þar er dregið fram hvernig breytingar í umhverfi sauðfjárræktar tengjast almennum hnattrænum breytingum. Forsendur ólíkra bjargráða íbúa Fljótsdals eru skýrðar og þau sett í samhengi við nýsköpun, tengslanet og sköpun sjálfsmyndar. Að síðustu er Héraðsskógaverkefnið greint sem bjargráð og mikilvægi hagnýtingar félagslegs auðs í nýsköpunarverkefnum undirstrikað.

Þessari rannsókn er ætlað að varpa ljósi á hvernig fólk á landbúnaðarsvæðum tekur á breyttum aðstæðum sem gerendur. Hún undirstrikar mikilvægi margvíslegra bjargráða í dreifbýli og dregur fram þá þætti sem vert er að hafa í huga þegar stefnt er að víðfeðmum nýsköpunarverkefnum í staðbundnum samfélögum.

II. HLUTI FRÆÐILEGAR STOÐIR

Í þessum hluta er fjallað um hugtök og kenningar sem beitt verður til að skýra aðstæður fólks í Fljótsdal og aðferðir þess til að takast á við samfélagslegar breytingar.

Ég byrja á að fjalla um hnattvæðingu sem felur í sér hnattrænar breytingar sem hafa áhrif á flest svið daglegs lífs. Flestir kannast við þá tilfinningu að heimurinn sé að skreppa saman á einn eða annan hátt. Eins virðist hraði og aukinn hreyfanleiki fólks, ímynda og hluta vera meiri en áður. Með öðrum orðum virðist heimurinn vera samtengdari nú en fyrr á tímum. Hér er leitast við að lýsa því hvað er á seyði og jafnframt að skýra hvernig þessar breytingar eiga sér stað og hverskonar afleiðingar þær hafa.

Í öðrum kafla er fjallað um kenningarlega nálgun til að greina hvernig fólk tekst á við breytingar. Lykilhugtak hér er *bjargráð* (útlegging mín á enska hugtakinu *coping strategies),* sem hér er notað til að vísa til fræðilegs sjónarhorns er byggir á þremur hugtökum; nýsköpun, tengslanet og sjálfsmynd. Ég mun fjalla um þessi hugtök og skýra hvernig þau geta nýst til að varpa ljósi á aðgerðir fólks sem miða að því að skapa traustan lífsgrundvöll.

Í þriðja kafla ræði ég hugmyndina um félagslegan auð, sem hefur verið áberandi í umræðu um dreifbýlisþróun og aðgerðir ólíkra gerenda til að hafa áhrif á staðbundna þróun. Almennt talað vísar hugtakið til félagslegra tengslaneta og hugsanlegra bjarga sem í þeim felast. Skoðanir eru hins vegar mjög skiptar um þýðingu og gildi hugtaksins. Í kaflanum er þetta rætt út frá mismunandi sjónarhornum og fjallað um hvernig hugtakið getur varpað ljósi á mótun og framkvæmd mismunandi bjargráða.

KAFLI 1 HNATTVÆÐING

Hnattvæðing er tiltölulega nýtt hugtak bæði í almennu máli og í fræðilegri orðræðu (Giddens, 1999). Ef til vill þess vegna er ekki alltaf ljóst hvað er átt við með hnattvæðingu eða hvernig hún tengist daglegu lífi fólks, til dæmis á Íslandi[1]. Hér er byrjað á að fjalla um inntak hnattvæðingar og ljósi varpað á að ákveðin pólitísk formgerð liggur henni til grundvallar. Að því búnu geri ég grein fyrir hvernig kennismiðir sjá fyrir sér afleiðingar hnattvæðingar og legg áherslu á staðbundin áhrif hennar. Í þriðja lagi er rætt um tengsl hnattvæðingar og breytinga á heimsmynd Vesturlandabúa. Þar eru dregin fram lykilhugtök sem nýtast við að skýra bæði hnattrænar breytingar og bjargráð fólks við breyttar aðstæður.

◇◇◇

INNTAK HNATTVÆÐINGAR

Í *Íslenskri orðabók* er hnattvæðing skilgreind sem: „Aukin samskipti og viðskipti af ýmsu tagi milli þjóða heims, m.a. vegna bættra fjarskipta og samgangna." (Mörður Árnason, 2002). Þetta er mjög afmörkuð skilgreining, sérstaklega þar sem hún vísar aðeins til margvíslegs flæðis á milli þjóða en tekur ekki til hnattvæðingar staðbundinna samfélaga. Margt bendir til þess að heimurinn sé allur samtengdari og hreyfanlegri en áður. En til hvers er verið að vísa með slíku tali um samtengingu og hreyfanleika?

Tveir megin hugmyndastraumar um inntak hnattvæðingar hafa verið áberandi á síðustu árum (Giddens, 1999; Giddens og Hutton, 2000) Annars vegar er lögð áhersla á þá hugmynd að í rauninni hafi ekki svo mikið breyst frá fyrri tímum, hnattvæðing sé nánast orðin tóm. Bent er á að utanríkisverslun sé hlutfallslega ekki mikilvægari nú en oft áður og ríki byggi enn á innanríkisviðskiptum. Hnattvæðing er tengd við uppgang hugmyndafræði

[1] Ég nota orðið staðbinding sem þýðingu á „localisation" og hnattsvæðing sem þýðingu á „glocalisation".

nýfrjálshyggjunnar sem hefur lagt hagræn gildi til grundvallar samfélagi og menningu og hefur að sumra mati orðið að viðurkenndum sannleika í vestrænu samfélagi (Bourdieu, 1998a; Hirst og Thompson, 1996; Swyngedouw, 2000). Hins vegar er þeirri skoðun haldið á lofti að hnattvæðing hafi í för með sér eðlisbreytingu á daglegu lífi fólks hvar sem er í heiminum. Mikilvægi hins hnattræna hagkerfis er undirstrikað og bent er á minnkandi vægi þjóðríkja sem gerenda og valdhafa í heiminum (Friedman, 1999).

Tvískipting sem þessi er einfölduð útgáfa af veruleikanum og oftar en ekki skarast hugmyndir fræðifólks um hnattvæðingu. Hnattvæðing hefur ekki dottið af himnum ofan, hún á sér sögulegar og pólitískar rætur. Hins vegar erum við einnig að verða vitni að byltingakenndum og almennum breytingum á daglegu lífi, sérstaklega með tilkomu margs konar tækninýjunga.

Nytsamur byrjunarreitur til að leita forsendna hnattvæðingar eru heimskerfiskenningar og aðrar hugmyndir sem byggja á þeim. Heimskerfis Wallersteins (1974, 1979) var ein fyrsta tilraun félagsvísindafólks til að lýsa hvernig samfélög tengdust saman á hnattrænan hátt og voru um leið háð víðara samhengi (Eriksen, 1993; Plattner, 1994)[2]. Heimskerfiskenningin er ekki heppileg til að skýra upplifun fólks af veröldinni í dag nema að litlu leyti, en hefur gefið af sér hugmyndir sem undirstrika mikilvægi þess að taka tillit til hvernig formgerð félagslegra og hagrænna tengsla hefur áhrif á hnattvæðingu[3].

Friedman (1995, 2000) er einn þeirra sem hefur þróað hugmyndina um heimskerfið. Hann hefur kosið að fjalla um hnattkerfið (e. global system). Í stað þess að líta á hnattvæðingu sem nýja af nálinni telur Friedman að hér sé frekar um nýja hugmyndafræði að ræða og ólíkar greiningaraðferðir. Hugmyndir hans um hnattkerfið leggja áherslu á sögulegt samhengi hnattrænna stofnana og formgerða sem eru um leið afurð hnattrænna ferla. Með öðrum orðum vill

[2] Wallerstein lagði áherslu á að lýsa stærri ferlum, sérstaklega í tengslum við bága stöðu þriðja heims landa og efnahagslegra yfirburða Vesturlanda. Að hans mati ákvörðuðust aðstæður þjóðríkja út frá stöðu þeirra innan heimshagkerfisins sem var tilkomin vegna sögulegra og hnattrænna tengsla.

[3] Nánari umfjöllun um heimskerfiskenningar og skyldar hugmyndir ásamt dæmum um hvernig þær hafa verið nýttar má finna t.d. hjá Wallerstein (1974, 1979) og Wolf (1982).

Friedman undirstrika að „stofnanir" eins og ríki, markaður og kjarnafjölskyldan eru mótaðar og þeim umbreytt í hnattrænum tengslum.

Friedman mótmælir því ekki að hnattvæðing sé merkileg í sjálfu sér. Hann bendir hins vegar á að hnattvæðing er ekki flæði á milli óháðra stofnana heldur hafa þær mótast í hnattrænu og sögulegu samhengi. Margvísleg flæði (t.d. hugmyndir, ímyndir, fólk, fjármagn og tækni) hefur átt sér stað frá örófi og með tímanum hafa orðið til heims- eða hnattkerfi þar sem valdi er misskipt. Fólk hefur ávallt tekið utanaðkomandi þætti og nýtt þá í staðbundnu samhengi og gefið þeim staðbundna merkingu og því eiga hnattræn ferli sér langa sögu. Að mati Friedman er hins vegar ekki hægt að tala um hnattvæðingu nema að tiltekinn hlutur, orðræða, ímyndir o.s.frv. hafi sömu merkingu allsstaðar (Friedman, 1995). Hnattvæðing felur því bæði í sér hnattræn flæði sem fólk er meðvitað um og hnattræna merkingarsköpun í sögulegu samhengi. Forsenda hnattvæðingar er því að hnattrænt svið merkingarsköpunar sé til staðar. Þetta svið og hnattkerfið sem það byggir á er sögulega skapað, það er pólitískt og það er ávallt einhverjum breytingum undirorpið. Síðast en ekki síst er fólk virkir gerendur innan þess.

Fólk er ekki viljalaust og það getur haft áhrif á og mótað líf sitt. Það gleypir ekki viðstöðulaust við þeirri merkingu sem hlutir bera með sér. Fólk í Fljótsdal leggur ekki endilega sömu merkingu í hluti og íbúar London. Í kjölfar skjótara upplýsingaflæðis má telja að hlutir séu hlaðnir einsleitari merkingu en áður og hnattrænt svið merkingarsköpunar sé þar með víðfeðmara.

Friedman fléttar saman ákveðna þætti sem koma sér vel við að skýra bæði inntak eða forsendur, og afleiðingar hnattvæðingar. Hnattvæðing byggir á formgerð hnattrænna tengsla, þ.e. heimskerfi eða hnattkerfi. Hið hagræna svið skiptir þar miklu og hinn kapitalíski framleiðsluháttur og kenningar nýfrjálshyggjunnar þjóna sem drifkraftur þessara ferla[4] (1995, 2000). Gerendur í

[4] François de Bernard (2002) hefur bent á að hugtakið hnattvæðing hafi verið „einkavætt" af hagfræði og hagrænum skýringum. Hann undirstrikar að það felst mun meira í hnattvæðingu heldur en hagræn ferli og flæði menningarframleiðslu. Í stað þess að tala um hnattvæðingu leggur hann til hugtakið *heimsvæðingar* (f. les mondialisations) í fleirtölu. Að hans mati er með því lögð áhersla á að hið kapitalíska hagkerfi er ekki

hnattkerfinu eru misvaldamiklir. Vesturlönd, með Bandaríkin í broddi fylkingar, eru í yfirburðastöðu í krafti efnahagslegs og menningarlegs valds síns (Bourdieu, 1998a; Shiva, 2000). Merkingarsköpun staðbundinna gerenda skiptir þó ekki síður máli að mati Friedmans. Fólk hvar sem er vinnur úr aðstæðum sínum sem gerendur. Það hefur ávallt lagt merkingu í hnattræn ferli sem hefur tekið mið af félagslegu og menningarlegu samhengi hverju sinni.

Þessi skilningur vekur upp spurningar um afleiðingar hnattvæðingar. Það virðist ljóst að þó ákveðin formgerð liggi hnattvæðingu til grundvallar er um mjög margslungin ferli að ræða sem hafa ólík áhrif á mismunandi stöðum. Hér á eftir verður fjallað um hvernig fræðifólk hefur nálgast áhrif hnattvæðingar.

AFLEIÐINGAR OG ÁHRIF HNATTVÆÐINGAR

Mikið hefur verið skrifað um hugsanlegar afleiðingar og áhrif hnattvæðingar og oftar en ekki talið að hún leiði til vaxandi einsleitni. Þeirri skoðun hefur verið varpað fram að heimurinn sé að verða eins og þorp og það sé að verða til ein (vestræn) alheimsmenning (McLuhan, 1994; Toynbee, 2000)[5]. Einsleitni-sjónarhornið er dramatískt og auðskiljanlegt. Það einfaldar hins vegar veruleikann um of og lítur framhjá margleitni hnattrænna ferla og margvíslegum afleiðingum þeirra.

---

eini drifkraftur hnattvæðingar. Margskonar ferli eru að verki og oft eru þau drifin af sameiginlegum löngunum þeirra sem taka þátt í þeim að skiptast á hlutum, prófa tækni, gera tilraunir með listir og menningar. Að mínu mati er hugtakið heimsvæðingar keimlíkt þeim ferlum sem ég lýsi hér að aftan með orðinu hnatt***s***væðing. Það er að segja að fólk er gerendur í sínum eigin veruleika eða heimi. Sem betur fer er meira á seyði í lífi flestra en efnahagsleg atriði og fleiri hvatar til hreyfingar. Því er hins vegar ekki að neita að kapitalísk hugmyndafræði hefur lagt mjög mikið til við að skapa mismunandi netvíddir sem móta og auðvelda/torvelda samskipti á öðrum forsendum.

[5] Það eru tæp fjörutíu ár síðan fjölmiðlafræðingurinn Marshall McLuhan lýsti því hvernig jörðin væri að verða eitt heimsþorp að tilstuðlan nýrrar rafrænnar boðskiptatækni (McLuhan, 1994). Upprunaleg hugmynd McLuhans gekk þó ekki sérstaklega út á að veröldin væri að steypast í sama mót, heldur var hann fremur að lýsa því hvernig staðsetning skipti ekki sama máli og áður: Heimurinn væri að afsvæðast (e. deterritorializing). Í þessu sambandi hefur einnig verið talað um *Ameríkuvæðingu, Vesturlandavæðingu, McDonaldvæðingu* og *McDisneyvæðingu* (Pieterse, 1995; Ritzer, 1996; Urry, 2000). McDonaldvæðing er í meðförum Ritzer samnefnari fyrir skynsemishyggju (e. rationality) nútímavæðingar og notar hann hugtakið til að sýna fram á að nútíminn er ekki horfinn í póst-módernískan svelg. Skynsemishyggja nútímavæðingar byggir á skilvirkni, fyrirsjáanlegum niðurstöðum, magni í stað gæða og notkunar á tækni í stað mannafls og allt þetta má finna í formgerð McDonalds veitingahúsanna (Ritzer, 1996; Sclosser, 2002). McDisneyvæðing vísar til þess sama með áherslu á ferðamannaiðnaðinn, þ.e. eftirspurn ferðamanna eftir straumlínulöguðum ferðalögum og upplifun. Ameríkuvæðing og Vesturlandavæðing eru meira í ætt við klassíska sýn á menningarlega heimsvaldastefnu.

Robertson (1995) er einn þeirra sem hefur gagnrýnt áherslu á einsleitni. Að hans mati er varasamt að líta á hið hnattræna sem andstæðu hins staðbundna. Á sama hátt ætti ekki að líta svo á að aukin staðbinding, sem birtist m.a. í uppgangi etnískrar þjóðernishyggju og aukinni áherslu margra hópa á menningarlega og félagslega afmörkun, sé fyrst og fremst viðbrögð við hnattvæðingu. Í stað þess vill Robertson undirstrika að hið hnattræna og hið staðbundna eru tvær hliðar á sama peningi. Staðbinding býr óumflýjanlega í hnattvæðingu sem er ávallt hluti af staðbundnu umhverfi fólks. Hann leggur því til að nota hugtakið *hnatt**s**væðing* (e. glocalisation) til að lýsa ferlum hnattvæðingar á fínlegri hátt. Með því er lögð áhersla á að hnattvæðing á sér ekki stað fyrir utan og ofan staðbundið samhengi heldur er hún hluti af daglegu lífi. Fólk hvar sem er *hnattsvæðir* líf sitt á hverjum degi.

Hnattsvæðing hefur verið sérlega áberandi á sviði efnahagsmála á síðustu árum (Swyngedouw, 2000). Fyrirtæki og efnahagsstarfsemi er æ hnattrænni en um leið staðbundnari en áður. Samfara því hefur vægi ríkja sem afmarkaðra efnahagssvæða eða stjórnunaraðila í hagkerfinu minnkað. Svokölluð „námshéruð" (e. learning regions) sem einkennast af þéttriðnum tengslanetum innbyrðis á milli fyrirtækja og á milli fyrirtækja og stofnana eru talin forsendur nýsköpunar og hagvaxtar fjölmargra stórfyrirtækja (Murdoch, 2000; Swyngedouw, 2000)[6]. Hér er á ferðinni uppstokkun á efnahagslegu landslagi, þ.e. hnattsvæðing.

Á sama hátt er stjórnskipulag ríkja að hnattsvæðast og með því hriktir í hefðbundnum stoðum þess (Swyngedouw, 1996, 2000). Vald til stefnumótunar og ákvörðunartöku, sem áður lá hjá ríkisstjórnum og þjóðþingum, er nú í auknum mæli að færast frá þeim. Annars vegar rennur valdið til yfirþjóðlegra stofnana eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Alþjóðabankans og Evrópu-sambandsins. Hins vegar flæðir vald til staðbundinna stofnana og annarra

[6] Fjölmörg hugtök yfir héruð eða svæði sem þessi hafa verið sköpuð á undanförnum árum. Hér má nefna *sveigjanleg hagkerfi*, *nýsköpunarumhverfi* og *klasa.* Kísildalurinn, Baden-Wurtemberg héraðið og City-fjármálahverfið í London eru oft nefnd sem dæmi um „héruð" sem þessi.
(Maskell, Eskelinen, Hannibaldsson, Malmberg, og Vatne, 1998; Swyngedouw, 2000).

gerenda sem vinna í staðbundnu samhengi. Þar má nefna sveitarstjórnir, fyrirtækjahópa og frjáls félagasamtök. Afleiðingarnar eru að mati Swyngedouws (2000) veikara lýðræði, takmörkun á borgararéttindum og meira valdaójafnvægi á milli þjóðfélagshópa og stétta. Aðrir líta á þetta sem möguleika á nýrri heimsmynd sem byggir á gildum ný-frjálshyggjunnar og óheftrar markaðsvæðingar (Fukuyama, 1992).

Menningarvæðing hagkerfisins er ekki síður áberandi þáttur hnatt-svæðingar (sjá t.d. Lash og Urry, 1994; Ray, 1998; Simonsen, 2001). Lengi hefur verið ljóst að hlutir eru að miklu leyti menningarlega og félagslega skapaðir og bera með sér mis - aðstæðubundin gildi, réttindi og skyldur (Kopytoff, 1986; Mauss, 1990). Fólk er því ekki aðeins að borga fyrir efnisgerð hluta, heldur einnig þau félagslegu gildi og menningarlegu tákn sem í þeim felast. Táknrænt gildi vöru og hluta hefur þó ekki verið áberandi í hagfræðilegum útskýringum á virkni nútíma markaðshagkerfa. Lash og Urry (1994) hafa dregið fram hvernig hið hnattræna hagkerfi er farið að snúast meira um neyslu á menningarlegum og siðferðislegum táknum og ímyndum. Fólk hefur í auknum mæli tilhneigingu til að móta neyslu sína út frá þeim táknum sem felast í vörum og hlutum og framleiðsla er að sama skapi að breytast. Áherslan er að færast frá notagildi í átt að táknrænu gildi vörunnar. Sem dæmi má nefna að jafnt í Níger og á Fljótsdalshéraði er fólk að vinna á (mis) markvissan hátt við að skapa sér einstaka ímynd sem getur nýst sem söluvara eða hugsanlegt forskot á markaði (Austur - Hérað, 2001; Byggðastofnun, 1999; Kristín Loftsdóttir, 2001).

Forsenda þessarar þróunar er aukinn sveigjanleiki samfélaga og sjálfsrýni (e. reflexivity) fólks (Beck, Giddens, og Lash, 1994; Lash og Urry, 1994; Ray, 1998, 1999). Í kjölfar hraðara hnattræns flæðis er ekki eins sjálfsagt og áður hver maður er. Fólk stendur frammi fyrir nýjum valkostum og það krefst meðvitaðs vals að byggja upp sjálfsmynd sína (Beck, 2000; Giddens, 1991). Sjálfsmynd er ekki lengur ásköpuð, heldur orðin að verkefni hvers og eins (Bauman, 2001). Sem dæmi taka börn bænda ekki sjálfkrafa við búi foreldra sinna og það liggur ekki ljóst fyrir hvað það þýðir að vera bóndi í íslensku

samfélagi[7]. Staðir og svæði eru að sama skapi sveigjanleg rými þar sem fólk getur tekið til við ímynda- og sjálfsmyndasköpun. Um leið og fólk leggur merkingu í umhverfi sitt og skapar vörum sínum ákveðna ímynd er það að skapa sér ákveðna sjálfsmynd. Þetta gerist hins vegar ekki í tómarúmi og þessi ferli eru ekki algjörlega staðbundin. Notkun menningar og gilda til markaðssetningar er til dæmis háð pólitískum og siðferðilegum viðhorfum neytenda sem leita ákveðinna gilda til að byggja upp sína eigin sjálfsmynd (Ray, 1999).

Daglegt líf, hið pólitíska stjórnkerfi og hagkerfið sem fólk vinnur í er því allt á einhvern hátt markað hnattsvæðingu. Það sem liggur til grundvallar hnattsvæðingu er aukinn hreyfanleiki flestra þátta samfélagsins (sjá t.d. Bauman, 2001; Lash, 1994; Urry, 2000). Nútíminn er fljótandi, en flæðin sem hnattsvæðing felur í sér eru margleit og streyma í mismunandi áttir. Fólk gleypir ekki viðstöðulaust við þeim, heldur getur það verið gerendur og mótað veruleika sinn enn frekar en áður. Að vissu leyti færir hnattsvæðing fólki ný tækifæri en um leið þyngja þessi ferli byrðar einstaklinga.

AÐ FINNA HREYFINGU

Tungumál manna byggist á myndlíkingum og þá um leið öll hugsun sem tjáð er með orðum. Myndlíkingar og hugtök sem eru sköpuð á grunni þeirra móta og stjórna hugsun okkar og beina henni á ákveðnar brautir sem við skynjum veruleikann eftir (Lakoff og Johnson, 1980). Söguleg tímabil einkennast af mismunandi heimsmyndum. Mismunandi hugtök og myndlíkingar hafa verið notuð til að skilja veröldina og stöðu mannsins í henni. Á margan hátt virðist sem ákveðin vatnaskil séu að verða í hugmyndaheimi Vesturlandabúa og nýjar myndlíkingar, sem leggja grunninn að öðrum hugsmíðum og skilningi en áður, eru að vinna sér sess.

Það þekkingarkerfi sem Vesturlandabúar hafa notað til að skilja lífið og tilveruna hefur grundvallast á módernískri hugmyndafræði. Þrjár megin forsendur

[7] Er bóndi ennþá bústólpi og bú landstólpi í augum samfélagsins? Eru bændur landverðir, náttúrubörn, matvælaframleiðendur, beingreiðsluþegar, farþegar í íslensku samfélagi? Eitthvað annað eða allt þetta?

liggja henni til grundvallar. Það er sú hugmynd að hægt sé að stunda hlutlæg vísindi, hugmyndin um línulega stjórnun og síðast en ekki síst aðskilnaður náttúru og samfélags (Gísli Pálsson, Í prentun). Með öðrum orðum byggir heimsmynd nútímans á tvíhyggju sem má rekja allt til endurreisnartímans. Fyrir þann tíma var litið á fólk sem hluta af náttúrunni en á endurreisnartímanum varð til hugmyndafræði sem braut heimsmynd miðalda niður og staðsetti manninn utan við náttúruna. Hann varð utanaðkomandi áhorfandi og um leið skynsamur meistari hennar (Gísli Pálsson, 1996; Ingold, 2000a)[8].

Veröldin hefur verið máluð svart-hvítum litum og verið flokkuð sem annaðhvort náttúra eða samfélag, huglæg eða hlutlæg og fólki hefur verið skipt upp í huga og líkama[9]. Ýmislegt bendir til þess að hnattsvæðing sé að grafa undan viðteknum sannindum um nútímann. Ekki er allt jafn klippt og skorið og heimsmynd okkar hefur látið líta út fyrir og reyndar má setja stórt spurningamerki við hvort við höfum nokkurntíma verið nútímaleg (Bauman, 2000, 2001; Latour, 1993). Þjóðríki hafa ekki sama vald og áður og áþreifanlegur hreyfanleiki á flestum sviðum samfélaga dregur fram veikleika fyrri myndlíkinga og hugsmíða til að skilja hvað er á seyði. Fræðifólk stendur frammi fyrir því að þróa hugtök sem geta veitt skýringar á reynslu og upplifun fólks og sem eiga við millibilið á milli andstæðra póla nútímans: Hugtök sem geta með öðrum orðum nálgast veröldina í lit.

Við þurfum því hugtök sem byggja á myndlíkingum sem fela í sér hreyfingu og hreyfanleika (Urry, 2000). Félagsvísindi og raunvísindi, sem hafa að mestu byggt á módernískri þekkingarfræði, hafa á margan hátt ekki náð utan um hreyfingu og hreyfanleika í veröldinni. Formgerðir eins og þjóðríkið hafa virst vera stöðugar og vel afmarkaðar heildir í meðförum hefðbundinna félagsvísinda.

---

8 Lykilatriði í breytingum á stöðu manns og náttúru voru framfarir í málaralist. Ítalskir málarar bættu þriðju víddinni við málverkið og lögðu þannig grunn að sjónarhóli utan við það. Þeir máluðu sig út úr myndinni og náttúran varð að mælanlegum þrívíðum heimi sem var tilbúinn fyrir hagnýtingu mannanna (Gísli Pálsson, 1996). Í þessu sambandi hefur einnig verið bent á uppgötvun prentlistarinnar (McLuhan, 1994). Hin línulega rökræna prentsins hafði að mati McLuhans afdrifarík áhrif á heimsmynd Vesturlandabúa. Sjónin varð mikilvægasta skynfæri mannsins sem stóð þannig utan við textann sem áhorfandi, eða lesandi hans.

9 Ein afleiðing þessarar hugmyndafræði er ströng verkaskipting á milli náttúruvísinda og félagsvísinda. Samkvæmt henni eru náttúra og samfélag ólíkir heimar sem krefjast ólíkra aðferða til skilnings- eða sannleiksleitar (Irwin, 2001).

Þau hafa ekki tekið nægjanlegt tillit til flæðis á milli landamæra, margskonar tengslaneta á milli einstaklinga, fyrirtækja og stofnana og sameiginlegrar uppbyggingar náttúru og samfélags, það er að segja, hvernig fólk, tækni, náttúra og samfélag eru blendingar (e. hybrids) en ekki skýrt afmarkaðar heildir (Ingold, 2000b; Irwin, 2001; Murdoch, 1997; Urry, 2000).

Hnattsvæðing dregur fram þætti sem ávallt hafa verið til staðar að einhverju marki. Með því að líta á hnattsvæðingu sem eitthvað sem gerist innan og á milli afmarkaðra þjóðríkja er litið framhjá sveigjanleika hnattrænna ferla. Með því að beita hugtökum á borð við tengslanet og flæði næst hins vegar fram mun fínlegri skilningur á hnattsvæðingu (Urry, 2000).

Á vissan hátt má segja að veröldin sé byggð upp af tengslanetum eða afurðum þeirra (Latour og Woolgar, 1986; Law, 1992; Murdoch, 1997, 1998; 2000). Tengslanet eru ekki einungis félagsleg, heldur tengja þau mismunandi hluta veraldarinnar saman; tækni og hold, samfélag og náttúru, dýr og menn svo eitthvað sé nefnt. Castells (2000) skilgreinir tengslanet sem sett samtengdra punkta (e. nodes). Fjarlægð á milli félagslegra staða (e. positions) innan sama tengslanets er styttri heldur en frá stöðu innan nets til stöðu utan þess. Að hans mati eru tengslanet virkar og opnar formgerðir svo lengi sem þau auðvelda tengsl við nýja punkta og ýta þannig undir nýsköpun. Þau tengja saman hluti og fólk yfir tíma og rúm.

Upplýsingar, fjármagn, fólk og fleiri þættir flæða innan tengslaneta eftir sérstökum netvíddum (e. scape) (Urry, 2000). Netvíddir eru til dæmis vélar, tækni, textar og skipulag sem skapar punkta sem geta endurvarpað flæðum og endurskilgreint bæði tíma og rúm og skynjun okkar á samfélaginu. Þær eru því nokkurskonar „vegakerfi" sem skapar punkta netsins og beinir flæðum í tilteknar áttir. Sem dæmi um netvíddir eru fólksflutningaleiðir (flugleiðir, skipaleiðir, járnbrautir), vöruflutningaleiðir og flutningsleiðir upplýsinga (símalínur, ljósleiðarar, gervihnattaaðgangur). Um leið og búið er að skapa einhverja ákveðna netvídd skiptir miklu máli fyrir fólk, fyrirtæki og samfélög að verða aðilar

að henni til að fá aðgengi að viðkomandi tengslaneti[10]. Aðgengi eða skortur á aðgengi að þessum netvíddum skapar nýjan ójöfnuð á milli fólks. Ekki er aðeins um að ræða samgöngur heldur á það sama við um flæði upplýsinga og menntunar sem getur skipt miklu þegar kemur að bjargráðum. Netvíddir geta verið nokkuð stöðugar og þeim er oft stjórnað af hnattrænum, þjóðlegum og staðbundnum yfirvöldum. Flæði eru hins vegar ekki eins stöðug og hafa tilhneigingu til að renna úr greipum stjórnunar.

Eins og áður hefur komið fram eru flæði meðal annars fólk (félagsleg tengslanet), ímyndir, fjármagn og rusl sem flýtur á milli landamæra og á milli netvídda. Flæði bjóða upp á nýja möguleika en skapa einnig nýjar hættur. Þau lúta ekki sömu lögmálum og hnattræn ferli fyrri tíma sem voru stöðugri í tíma og rúmi. Ef farvegir þeirra stíflast af einhverjum sökum líður ekki á löngu áður en þau grafa sér nýja farvegi[11]. Með nýrri tækni hefur hraði flæða aukist og svo virðist sem æ erfiðara sé að ná stjórn á þeim (Urry, 2000). Þau hafa ekki endilega neitt upphaf eða endi. Fólk getur tengst þeim um tíma, nýtt þau til uppbyggingar sjálfsmyndar en horfið svo frá þeim[12]. Hin hnattrænu tengslanet sem mynda hnattsvæðingu eru síbreytileg og þó að ákveðnar formgerðir móti veröldina eru þær sífelldum breytingum undirorpnar. Í staðbundnu samhengi skiptir máli að hafa vald til að hagnýta og móta margvísleg flæði og netvíddir. Í stað þess að leggja áherslu á stöðugleika og ganga út frá því að félagsleg veröld okkar eigi að vera skipulögð er frjórra að fylgjast með breytingum og hvernig fólk tekst á við óreiðu hlutanna og skapar hana um leið.

---

[10] Til dæmis má nefna að það eru yfirleitt skilvirkari samgöngur fyrir íbúa Reykjavíkur til Kaupmannahafnar en til Raufarhafnar. Raufarhöfn er ekki aðili að samsvarandi netvídd og Reykjavík og Kaupmannahöfn. Þar sem að Reykjavík og Kaupmannahöfn eru aðilar að ákveðinni netvídd, en Raufarhöfn ekki, er í rauninni hnökralausara að fara þar á milli þó að landfræðileg fjarlægð sé lengri.

[11] Sem dæmi má nefna eiturlyfjasmygl. Þrátt fyrir endalausar tilraunir til að hefta flutning eiturlyfja heimshorna á milli finnast ávallt einhverjar leiðir framhjá lögum og reglum. Flæðin eru ekki lengur fastbundin ákveðinni flutningsleið.

[12] Þetta tengist hugmyndum um neyslu-þegnskap (e. consumer-citizenship) sem gengur út á að fólk tilheyrir ákveðnum hópi, samfélagi eða þjóð í gegnum neyslu sína. Með því að kaupa og nota ákveðnar vörur, t.d. með því að klæðast stuttermabol er maður meðlimur í ákveðnum hópi. Flæðin sem skilaboð bolsins eru hluti af eru þó ef til vill allt í kringum okkur og eru ekki sérstaklega miðuð að því að ná til sérstakra meðlima.

Óreiða samfélagsins kemur misvel við fólk. Á meðan hreyfanleiki er myndbirting valds fyrir suma, þá er hann um leið myndbirting örbirgðar, niðurlægingar og algjörs valdaleysis fyrir aðra. Stórfyrirtæki eru orðin mun hreyfanlegri en áður. Þau eru ekki háð verkafólki á ákveðnum stað eins og áður var og um leið breytast staðbundnar félagslegar og menningarlegar skyldur þeirra (Bauman, 2001; Bourdieu, 1998a; Lash, 1994; Shiva, 2000). Verkafólkið er hins vegar enn háð þeim. Valdaafstæður í samfélaginu, á milli þeirra sem „eiga" og þeirra sem „eiga ekki" aðgang að hreyfanleika, eru því að breytast. Einstaklingar, landsvæði og byggðalög sem falla utan margvíslegra tengslaneta og geta ekki nýtt sér ólíkar netvíddir eru í mun verri aðstöðu til að takast á við aðstæður sínar en önnur. Hreyfanleiki er því aðeins auður þeirra sem ráða sér sjálf. Það krefst árangursríkra bjargráða að takast á við aðstæður sem þessar.

SAMANTEKT

Í þessum kafla hefur verið fjallað um hnattvæðingu. Skiptar skoðanir eru um hvort hér sé um ný eða gömul ferli að ræða. Að mínu mati er ekki hægt að slíta nútímann úr samhengi við fortíðina. Hugmyndir Friedmans um hnattkerfið varpa ljósi á hverskonar fyrirbæri hnattvæðing er. Hér er ekki um dularfulla mýtu að ræða, heldur ferli sem snertir daglegt líf fólks, jafnt í Fljótsdal og London og er háð sögulegum og pólitískum formgerðum. Spurningin hvort hnattvæðing sé ný eða gömul, skiptir ef til vill ekki svo miklu máli. Það sem skiptir máli er að fylgja hnattrænum ferlum og greina hvernig þau hafa áhrif á og móta aðstæður fólks en einnig hvernig fólk mótar og hagnýtir sér þau.

Hugtakið *hnatt**s**væðing* undirstrikar þessa afstöðu. Það leggur áherslu á að fólk er gerendur í eigin lífi og gleypir ekki viðstöðulaust við hnattrænum ferlum. Megindrifkraftur hnattsvæðingar er kapitalismi og aukin markaðsvæðing. Við erum vitni að uppstokkun hagkerfa og stjórnskipulags þjóðríkja. Ríki eru háð samtengdu, hnattrænu hagkerfi og völd þeirra renna bæði til yfirþjóðlegra stofnana og staðbundinna gerenda. Þetta ástand skapar bæði möguleika og nýjar hættur fyrir fólk. Einstaklingar hafa nú meira val um hvernig þeir byggja

upp sjálfsmynd sína en um leið bera þeir meiri ábyrgð sjálfir á þeirri uppbyggingu. Þessi breyting endurspeglast í menningarvæðingu hagkerfisins, þar sem framleiðendur selja tákn og ímyndir sem neytendur kaupa meðal annars til að samsama sig við ákveðnar ímyndir og móta sjálfsmynd sína.

Í lokahluta kaflans var fjallað um hvernig hnattsvæðing tengist breytingum á heimsmynd Vesturlandabúa og jafnframt voru rædd hugtök sem geta skýrt hnattsvæðingu. Hnattsvæðing hefur dregið litróf margvíslegra tengslaneta fram og ekki er lengur hægt að líta fram hjá því að veröldin er samsett úr blendingum eða tengslum. Margvísleg tækni er orðin hluti af líkömum okkar og merking hluta er búin til í tengslanetum. Við þessar aðstæður, þar sem hreyfanleiki er óumflýjanlegur, duga hefðbundnar myndlíkingar sem vísa til stöðugleika og stöðlunar skammt. Sérstaklega var fjallað um hugtökin *tengslanet, netvíddir* og *flæði* til að draga fram hvernig ákveðnir þættir hnattsvæðingar vísa til lykilþátta nýsköpunar og virkjunar félagslegra tengsla í bjargráðum fólks.

Hnattrænar breytingar hafa áhrif á búsetugrundvöll sauðfjárbænda og annarra íbúa landbúnaðarsvæða á Íslandi. Aukin áhersla á markaðsvæðingu og sveigjanleika framleiðslugreina setur efnahagslegan þrýsting á sauðfjárræktarfólk. Þau sem ekki hafa getu eða hæfni til að tengjast nauðsynlegum netvíddum (t.d. upplýsinga, fjármagns, menntunar) hafa ekki sömu forsendur til að takast á við breyttar aðstæður og aðrir. Við þessar kringumstæður skiptir höfuðmáli að fólk geti á meðvitaðan hátt byggt upp raunhæf og skilvirk bjargráð sem eiga við aðstæður þess hverju sinni.

KAFLI 2 BJARGRÁÐ

Í þessum hluta verður fjallað um fræðilegar forsendur *bjargráða* (e. coping strategies)[13]. Markmið kaflans er að skýra hugtakið bjargráð, mismunandi víddir sem felast í því og hvernig það getur nýst til að varpa ljósi á margvíslegar aðferðir fólks til að takast á við aðstæður sínar. Ég byrja á að ræða hugtakið sjálfsrýni (e. reflexivity)[14] og skýri mikilvægi þess í tengslum við bjargráð. Því næst er gerð nánari grein fyrir hugtakinu bjargráðum og ólíkum víddum þess.

◇◇◇

MEÐVITAÐAR AÐGERÐIR

Eins og áður segir einkennist tilvera okkar af *mögulegum* hreyfanleika og minna vægi stjórnunar, þ.e. því færri boð og bönn, því samkeppnishæfari eru svæði og þjóðríki talin vera á heimsmarkaði (Bauman, 2001). Blómatími opinberrar íhlutunar og velferðarríkisins er liðinn og í staðinn er runninn upp tími einstaklingshyggju og einstaklingsvæðingar þar sem nýsköpun og sveigjanleiki í framleiðslu er lykilatriði (Bærenholdt og Aarsaether, 2001; Neil og Tykkyläinen, 1998)[15]. Bjargráð er hugtak sem nær til staðbundinna aðferða fólks til að takast á við breyttar (samfélagslegar) aðstæður á sjálfsrýnin/meðvitaðan hátt (Bærenholdt og Aarsaether, 1998, 2001). Sjálfsrýni vísar til þess að einstaklingar verða að íhuga stöðu sína og samhengi aðgerða sinna hverju sinni. Fólk verður með öðrum orðum að finna sér og aðgerðum sínum merkingarbært samhengi (Bærenholdt og Aarsaether, 2001).

Sjálfsrýni í þessum skilningi er ekki nýtt fyrirbæri. Fólk hefur lengi lifað í hnattrænu umhverfi og verið hluti af nútímavæðingu þjóðríkja og það hefur

[13] Í *Íslenskri orðabók* er bjargráð skýrt sem „ráð til bjargar" eða „hollráð". Einnig er talað um Bjargráðasjóð sem varasjóð til að grípa til í vondum árum (Mörður Árnason, 2002). Sá skilningur sem lagður er í hugtakið hér er svipaður. Hér er lögð áhersla á bjargráð í merkingunni aðferðir fólks til að takast á við aðstæður sínar sem gerendur eða bjarga sér. Ég vil undirstrika að bjargráð í þessum skilningi geta verið fyrirbyggjandi, þ.e. þau þurfa ekki að vera viðbrögð við erfiðleikum heldur allskyns aðferðir sem fólk nýtir sér dagsdaglega.

[14] Sjálfsrýni vísar til þess að fólk rýnir í og er meðvitað um stöðu sína og möguleika hverju sinni. Ég vísa því stundum til meðvitundar í merkingunni „reflexive".

[15] Einkenni þessarar stefnubreytingar má finna í hinni nýju byggðastefnu stjórnvalda sem leggur höfuðáherslu á frumkvæði og framtak heimafólks (Byggðastofnun, 1999).

hugsað um tilveru sína á gagnrýnin hátt. Sjálfsrýni hefur þróast samfara nútíma- og iðnvæðingu rétt eins og hnattsvæðing. Það má líta svo á að með nútímavæðingunni hafi „hefðbundin" félagsleg tengsl raknað upp (e. disembedded) og því er ávallt nauðsynlegt fyrir einstaklinga að hugsa um mismunandi möguleika og aðstæður til að vefa aftur saman (e. reembed) félagsleg tengsl sem þeir geta treyst og byggt á. Þetta gerist í félags- og menningarlegu samhengi, í tengslum fólks við einstaklinga, stofnanir og náttúru. Tilveran einkennist því af stöðugum ferlum þar sem margvísleg tengsl eru rakin upp og ofin saman aftur. Meðvitaðar aðgerðir eru grunnforsenda þess að fólk geti haft stjórn á þessum ferlum (Bærenholdt og Aarsaether, 2001).

Scott Lash (1994) bendir á hvernig *hinn meðvitaði nútími* (e. reflexive modernity) sem fólk lifir við í dag, er ólíkur því sem hann kallar *hinn einfalda nútíma* (e. simply modernity). Hugtakið *hinn meðvitaði nútími* vísar til þess að nútíminn verður meðvitaður um sjálfan sig. Það hefur margvíslegar afleiðingar í för með sér[16]. Vald hefða og ýmissa félagslegra gilda minnkar og þær eru ekki eins „algildar" í samfélaginu. Sú sjálfsrýni sem verður til við þessar breytingar er að mati Lash ástand sem er forsenda fyrir áframhaldandi nútímavæðingu. Við þessar aðstæður verður vinnuafl að vera vel menntað og hafa yfir að ráða hæfileikum til að nema og hagnýta upplýsingaflæði. Fólk verður með öðrum orðum að geta tekist á við hraðar breytingar á eigin ábyrgð án þess að eiga sér haldreipi í hefðum eða „algildum" normum. Að öðrum kosti stendur það eftir berskjaldað þegar fyrirtæki flytja sig um set, stjórnskipulag breytist eða forsendur atvinnugreinar bresta[17].

Í kjölfar nútímavæðingar hafa einstaklingar orðið laustengdari hefðum og venjum samfélagsins. Hinn einfaldi nútími byggði á alltumlykjandi gildum og reglum en hinn meðvitaði nútími gefur möguleika á að einstaklingar nýti ný

[16] Þó hér sé talað um nútímann sem einsleita heild, jafnvel sem persónu er það eingöngu til einföldunar m.a. á málfari. Nútíminn er ákveðið hugmyndafræðilegt tímaskeið sem hefur haft mjög ólíkar afleiðingar á mismunandi stöðum. Það eru hins vegar ákveðnir grunnþættir í formgerð nútímans sem eru einkennandi fyrir nútímavæðingu hvar sem er í heiminum.

[17] Sem dæmi má nefna að forsendur sauðfjárræktar virðast að mörgu leyti vera veikar og margir sauðfjárbændur eru í erfiðri aðstöðu. Við þær aðstæður verða sauðfjárbændur að hafa möguleika á að móta og framkvæma ný bjargráð til að styrkja stöðu sína.

tækifæri í sambandi við náttúrulegt, félagslegt og sálrænt umhverfi sitt (Lash, 1994). Í framhaldi af þessu segir Lash að sjálfsrýni hafi í raun tvær hliðar. Annars vegar er sjálfsrýni sem snýr að félagslegri formgerð. Aðgerðir einstaklinga eru lausar undan takmörkunum félagslegrar formgerðar og þeir geta rýnt í reglur og bjargir hennar. Hins vegar er sjálfsrýni sem snýr að einstaklingum sem vísar til þess að fólk rýnir í og hugsar um aðgerðir sínar í samhengi við aðstæður sínar hverju sinni.

Það má gagnrýna Lash fyrir of mikla einföldun. Samkvæmt hugmynd hans lítur út fyrir að samfélög hafi þróast línulega, frá því að vera hefðbundin, í gegnum hinn einfalda nútíma og nú séum við komin að hinum meðvitaða nútíma. Taka verður tillit til þess að nútímavæðing gengur ekki með sama hraða allsstaðar í heiminum. Ef hnattsvæðing er birtingarmynd nútímans í dag er ljóst að flæði hennar eru misöflug og ganga í ólíkar áttir og það liggja margvíslegar valdaafstæður henni til grundvallar. Lash bendir hins vegar á mikilvægi þess að taka sjálfsrýni einstaklinga með í reikninginn þegar áhrif hnattsvæðingar eru annars vegar. Sjálfsrýni vísar til breyttra tíma. Fólk hefur meira valfrelsi en það er einnig háð öðrum takmörkunum í formi nýrra félagslegra formgerða þar sem aðgangur að réttum netvíddum og hæfileikar og hæfni til að nýta þær skipta höfuðmáli (Lash, 1994). Hugtakið sjálfsrýni tengir þannig saman mikilvæga þætti um hnattsvæðingu og daglegt líf fólks og dregur fram orsakir á misjöfnum möguleikum fólks til bjargráða.

Út frá skilgreiningu Lash á sjálfsrýni má segja að hún sé félagslegt ferli sem feli í sér nýsköpun eða endursköpun á félagslegum veruleika og uppbyggingu sjálfsmyndar (Bærenholdt og Aarsaether, 2001). Nýsköpun vísar til sjálfsrýni formgerða, þ.e. formgerðir eru endurskoðaðar og endurskilgreindar og ný þekking verður til. Sköpun sjálfsmyndar felst í sjálfsrýni einstaklinga. Bæði þessi ferli eiga sér stað í tengslanetum á milli einstaklinga og stofnana.

Nýsköpun byggir í sjálfu sér á upprakningu eða upplausn (e. disembeddedness) félagslegra tengsla þar sem hún hefur í för með sér skapandi eyðileggingu (e. creative destruction – sjá Schumpeter, 1970). Það er þó ekki

þannig að allt sé ávallt á ferð og flugi. Venjur og sjálfsmyndir eru byggðar upp og stofnanavæddar, þ.e. endurvafðar (e. reembedded) félagslegum tengslum og samhengi. Á hverjum stað eru ákveðnar aðferðir þróaðar sem virka misvel. Fólk er aðilar að tengslanetum og í gegnum þau á sér stað sjálfsrýni sem er forsenda uppbyggingar sjálfsmyndar og vísar einnig til nýsköpunar á formgerð stofnana. Með öðrum orðum á upprakning eða upplausn sér stað. Í gegnum sömu tengslanet eru stofnanir og einstaklingar ofin aftur saman við félagslegt samhengi á merkingarbæran hátt. Það sem er áberandi við núverandi aðstæður er að hraði þessara ferla er að aukast og um leið eru æ fleiri svið samfélags og menningar látin einstaklingum eftir til mótunar og merkingarsköpunar. Hefðir og gildi hins einfalda nútíma hafa misst vægi sitt og einstaklingar þurfa að geta valið úr umhverfi sínu til að svara grundvallarspurningum um tilveru sína, „hver er ég sem einstaklingur" og „hver er ég sem samfélag?"

Hugtökin nýsköpun, sjálfsmynd og tengslanet eru lykillinn að tengslum sjálfsrýni og bjargráða. Það má segja að þau brúi bilið á milli huglægra og hlutlægra aðgerða fólks þar sem huglægar aðgerðir, sjálfsrýni, verða að fara saman við þær hlutlægu – bjargráðin.

NÝSKÖPUN, TENGSLANET OG UPPBYGGING SJÁLFSMYNDAR

Hugtakið bjargráð vísar til virkra aðgerða fólks sem hafa í för með sér sköpun á félagslegum veruleika (Bærenholdt og Aarsaether, 1998)[18].

> Bjargráð eru pólitík hversdagslífsins; það er merkingarbær notkun á sögulegum möguleikum… *Hvernig fólk tekur upp aðferðir sem eru að þeirra mati skynsamlegar* (Bærenholdt og Aarsaether, 1998, bls. 30, skáletrun þeirra).

[18] Bærenholdt og Aarsæther (1998) vísa til Bourdieus og hugmynda hans um aðgerðir (e. practice). Aðgerðir vísa ávallt bæði til „habitus" einstaklinga, þ.e. ákveðinna hneigða sem hafa verið innprentaðar í einstaklinga með félagsmótun og gegnum reynslu og til félagslegra svæða (e. social fields) sem veita möguleika á vissum aðgerðum en takmarka aðrar. Út frá kenningum Bourdieus er ljóst að fólk hefur mismikil völd innan félagslegra svæða. Völd fara eftir magni á mismunandi gerðum auðs (e. capital) og getu til uppsöfnunar hans (Bourdieu, 1998b). Það er mjög mikilvægt þegar rætt er um aðgerðir til dreifbýlisþróunar eða styrkingar landbúnaðar að um er að ræða mjög pólitísk ferli sem stjórnast af ákveðnum valdaafstæðum innan félagslegra svæða. Félagsleg svæði eru til dæmis embættismannakerfið og stofnanakerfi landbúnaðarins.

Hugtakið bjargráð vísar bæði til þess að takast á við eitthvað og til meðvitaðra ráða fólks. Bjargráð draga fram einstaklinga sem gerendur í sínu eigin lífi. Það er mikilvægt að undirstrika að bjargráð eru margbreytileg og háð félagslegu og staðbundnu samhengi. Skýra má mismunandi bjargráð útfrá þremur víddum, þ.e. *nýsköpunarvídd*, *vídd tengslaneta* og *sjálfsmyndarvídd* (Bærenholdt og Aarsaether, 1998, 2001).

Nýsköpunarvídd vísar til breytinga í hagrænni formgerð samfélagsins. Það felur m.a. í sér nýjar lausnir á staðbundnum vandamálum sem geta verið andsvar við hnattrænum breytingum og vaxandi áherslu á þekkingarsamfélagið. Fólk er þó ekki endilega að berjast á móti breytingum heldur getur nýsköpun ekki síður vísað til notkunar á nýjum möguleikum sem eru til komnir vegna breyttra aðstæðna. Í þessu samhengi er mikilvægt að taka með í reikninginn að nýsköpun er einnig menningarlegt og félagslegt fyrirbæri. Nýsköpun þarf ekki endilega að snúast um sköpun fjármagns. Menningarviðburðir og óformleg eða formleg félagsstörf geta verið nýsköpun.

Vídd tengslaneta vísar til félagslegra tengsla sem fela í sér traust og þjóna sem grunnur að sameiginlegum aðgerðum fólks. Í gegnum félagsleg tengslanet kemst á samband á milli mismunandi hópa, „veik tengsl" (sbr. Granovetter, 1973) verða til og í þessari vídd liggur forsenda félagslegs auðs (sjá aftar). Tengslanet tengja fólk, náttúru og hluti saman á pólitískan og merkingarbæran hátt. Það eru ávallt einhverjir gerendur í netunum sem beita beinu eða óbeinu valdi til að móta og endurskapa tengslanet sér til hagsbóta.

Sjálfsmyndar–vídd vísar til sköpunar og endursköpunar sjálfsmynda í „hnattsvæddu" (e. glocalized) samhengi. Eins og áður hefur komið fram snýr hnattsvæðing ekki síst að einstaklingum og daglegu lífi fólks. Ein forsenda virkrar hnattsvæðingar er að fólk geti byggt upp merkingarbærar sjálfsmyndir við breyttar aðstæður, fundið sér stað og merkingu.

Þessar þrjár víddir eru grunnur að bjargráðum við aðstæður hins meðvitaða nútíma. Nýsköpun skiptir sífellt meira máli í kjölfar vaxandi áherslu á þekkingu og upplýsingar í hagkerfi (vestrænna) samfélaga og minnkandi vægis

frumframleiðslu í þjóðarbúskap þeirra[19] (Bærenholdt og Aarsaether, 2001; Lash, 1994). Einn mikilvægasti þátturinn í bjargráðum er að ná stjórn á umbreytingu efnahagsins sem er í sífellt meiri mæli að losna undan fastmótuðum reglukerfum stjórnvalda. Til að ná árangri verður fólk að taka þátt í nýsköpunarferlum á sjálfsrýnin/meðvitaðan hátt (Lash, 1994). Meðvituð nýsköpun skilur á milli þeirra sem eru í aðstöðu og hafa hæfileikana til að tileinka sér upplýsingar og tækifæri sem eru fyrir hendi í hnattrænum og staðbundnum tengslanetum og þeirra sem hafa þá ekki. Með öðrum orðum er aðstaða og möguleiki til náms og hagnýtingar upplýsinga mikilvægasti þáttur nýsköpunar.

Tengslanet einstaklinga í staðbundnum samfélögum þjóna því lykilhlutverki um hversu vel bjargráð þar ganga. Í tengslanetum tengist fólk reynslu og gildum þeirra samfélaga sem það tilheyrir. Í gegnum tengslanet hagnýtir það sér félagslegan auð sinn sem auðveldar þeim að tengjast nýjum tengslanetum/netvíddum, að búa til brýr á milli hópa og/eða styrkja innbyrðis tengsl í samfélaginu (Bourdieu, 1986; Woolcock, 1998). Tengslanet eru virk eða „dýnamísk". Þau eru ekki staðnaðar formgerðir heldur lykillinn að nýsköpun og áframhaldandi ferlum upprakningar- og endurvafnings samfélagsins.

Tengslanet eru nátengd sjálfsmynd. Í kjölfar hnattsvæðingar er orðinn til samhangandi menningarlegur og félagslegur reynsluheimur (Giddens, 1991). Upplýsingar um lífsmáta, mismunandi gildi og ólíka tískustrauma eru fyrir hendi. Ekki þarf annað en að kveikja á sjónvarpinu eða fara inn á internetið til að kynnast og fá vitneskju um mismunandi möguleika, raunverulega eða hugsanlega. Þessi vitneskja og nærvera annarra í raunveruleika eða rafrænum/stafrænum veruleika krefst meðvitaðri svara við grundvallar spurningum lífsins (Bærenholdt og Aarsaether, 2001). Fólk skapar sjálfsmynd sína í félagslegum tengslum sem mótast af hnattrænum ferlum en gerir það jafnframt í staðbundnu samhengi. Félagsleg tengslanet og félagslegur auður hafa mikið um það að segja hversu vel fólki gengur að skapa merkingarbæra

[19] Ísland er þó ef til vill áhugaverð undantekning þar sem mikil áhersla er lögð á stóriðjuframkvæmdir um þessar mundir þó að á sama tíma sé verið að vinna að uppgangi upplýsingatækni.

sjálfsmynd. Einstaklingar mótast af þeim félagslegu tengslum sem þeir eiga í um leið og þeir leggja til við sköpun þeirra.

Nýsköpun, tengslanet og uppbygging sjálfsmyndar eru þeir þættir sem bjargráð eru gerð úr. Skipting bjargráða í þrjár víddir þjónar fyrst og fremst til aðgreiningar á mismunandi þáttum sem koma við sögu í aðferðum fólks til að takast á við aðstæður sínar. Í mismunandi samhengi eru víddirnar misáberandi en eins og sjá má af umfjölluninni hér að framan skarast þær allar í daglegu lífi fólks.

SAMANTEKT

Hugtakið bjargráð er tæki til að greina mismunandi aðferðir fólks til að takast á við breytingar. Forsenda árangursríkra bjargráða við núverandi aðstæður er sjálfsrýni. Það er mikilvægt að taka tillit til þess að ekki eru allir jafnir þegar kemur að því að öðlast hæfni til að ná stjórn á aðstæðum sínum, þ.e. að beita meðvituðum bjargráðum. Meðvituð bjargráð snúast um að tengjast ákveðnum tengslanetum og netvíddum til þess að fá aðgengi að upplýsingum og björgum sem eru nauðsynlegar til að geta tekist á við nýjar aðstæður. Um leið er þátttaka í tengslanetum nauðsynleg til að öðlast og beita sjálfsrýni. Sem dæmi má nefna að aðgengi að menntastofnunum er grundvallaratriði til að öðlast hæfni til að nýta og hafa áhrif á mismunandi tengslanet samfélaga. Fólk hefur misjafna möguleika til að öðlast sjálfsrýni í þessum skilningi, þ.e að tengjast nauðsynlegum tengslanetum til að efla hæfni sína og hæfileika. Í samfélaginu eru ýmsir þröskuldar til staðar gagnvart ólíkum þjóðfélagshópum og oft á tíðum er fátt sem einstaklingar geta gert til að jafna hlut sinn.

Í þessu sambandi er einnig nauðsynlegt að undirstrika að fólk var ekki hugsunarlaust áður en hinn meðvitaði nútími rann upp. Samfélag og menning hafa aldrei verið staðnaðar formgerðir og einstaklingar hafa ávallt beitt mismikilli sjálfsrýni í staðbundnu samhengi. Hreyfanleiki, bæði ímyndaður og líkamlegur hefur áður verið til staðar sem hefur krafist meðvitaðra bjargráða. Í dag er munurinn ef til vill sá að fólk getur ekki tekið neitt sem gefið. Það er augljóst að

allar samfélagslegar stofnanir eru breytingum undirorpnar, hreyfanleikinn er kominn í ljós í daglegu lífi fólks og það verður að takast á við hann sem einstaklingar. Fólk er meðvitaðra um þá þörf að hugsa um nýsköpun, þ.e.a.s. hvernig það getur skapað sér viðunandi lífsgrundvöll sem gerendur (Unnur Dís Skaptadóttir, 1997).

Bjargráð fela í sér nýsköpun, tengslanet og sköpun sjálfsmyndar. Vídd tengslaneta er forsenda nýsköpunar- og sjálfsmyndarvídda bjargráða. Einstaklingar vinna í gegnum tengslanet, þeir svo að segja lifa í gegnum þau eða aðgerðir í þeim. Veröldin verður með öðrum orðum til í gegnum tengsl ólíkra gerenda, fólks, hluta, ímynda og náttúru. Nýsköpun, hvaða nafni sem hún nefnist og uppbygging sjálfsmyndar hverju sinni eru því óhjákvæmilega afurðir aðgerða í tengslanetum.

Í næsta kafla verður fjallað um *félagslegan auð* sem er hugtak sem vísar á beinan hátt til félagslegra tengslaneta. Félagslegur auður getur skipt máli um hversu vel einstaklingum gengur að móta og framkvæma árangursrík bjargráð í kjölfar hnattvæðingar, þ.e. hversu vel þeim gengur að hnattsvæða tilveru sína.

KAFLI 3 FÉLAGSLEGUR AUÐUR

Félagslegur auður er margslungið og umdeilt hugtak sem hefur verið notað í ólíkri merkingu í mismunandi samhengi. Hér byrja ég á að gera grein fyrir uppruna þess og helstu forsendum. Í næstu tveimur köflum er fjallað sérstaklega um tvo grundvallarþætti sem skipta máli þegar rætt er um félagslegan auð í tengslum við bjargráð. Annars vegar er fjallað um hvort félagslegur auður felist í stærri hópum og formgerð samfélaga eða hvort hann tilheyri einstaklingum og/eða litlum hópum. Hins vegar er rætt um hvort félagslegur auður sé mælanleg eign eða ferli og/eða gjörðir sem eiga orsakir sínar í félagslegum tengslum og verður að nálgast með eigindlegum rannsóknaraðferðum.

◇◇◇

AUÐUR Í KRAFTI TENGSLA

Forsenda greiningar á mikilvægi félagslegs auðs í staðbundinni þróun er að ganga út frá því að hagkerfi samfélaga sé samofið félagslegum tengslum og sé þannig háð félagslegri formgerð samfélaga. Út frá þessari kennisetningu er hægt að taka tillit til áhrifa félagslegra aðgerða einstaklinga og formgerðar á hagræn ferli í samfélögum. Í gegnum tíðina hefur þessi hugmynd verið mjög umdeild og hart hefur verið tekist á um hvort, hvar og hvenær hagkerfi ólíkra samfélaga sé órjúfanlegur hluti af félagslegri heild (Granovetter, 1985; Plattner, 1994)[20].

Granovetter (1985) telur að deilur um samþættingu hagkerfis og samfélags hafi einkennst af annars vegar *offélagsgerðum* (e. oversocialised) og hins vegar *vanfélagsgerðum* (e. undersocialised) skýringum. Offélagsgerðar hugmyndir gera ráð fyrir því að fólk sé bundið á klafa félagslegrar formgerðar í formi skoðana og annarra félags- og menningarlegra norma. Þessar hugmyndir gera lítið úr sjálfstæðum atbeina fólks og getu þess til að móta aðstæður sínar.

[20] Á sjöunda og áttunda áratug 20. aldar stóðu til dæmis yfir harðar deilur á milli fylgjenda ólíkra sjónarhorna og kenndu þeir sig annars vegar við inntakshyggju (e. substantivism) og hins vegar við formhyggju (e. formalism).

Vanfélagsgerðar hugmyndir gera hins vegar ráð fyrir því að einstaklingar séu algjörlega óháðir félagslegum tengslum og ef eitthvað er þá er litið á þau sem dragbít á samkeppnismarkaði. Nauðhyggja beggja sjónarhorna sameinar þau. Í stað þess að treysta á „annað hvort eða" skýringar þessara andstæðu póla er heppilegra að leita málamiðlunar sem tekur bæði tillit til áhrifa félagslegrar formgerðar á einstaklinga og þess að þeir eru gerendur. Ef við samþykkjum að hagkerfið sé samofið öðrum samfélagslegum þáttum án þess þó að taka undir með offélagsgerðum hugmyndum vakna spurningar um hvernig félagsleg tengslanet og aðgerðir fólks í þeim hafa áhrif á hagræna þróun. Með öðrum orðum, hvaða hlutverki félagslegur auður gegnir í samfélaginu.

Áður en lengra er haldið er rétt að gera nánari grein fyrir þeim skilningi sem ég legg í hugtakið auð (e. capital) hér á eftir. Ég byggi á umfjöllun Bourdieus (1986; 1998b) um mismunandi gerðir auðs. Að mati Bourdieus er auður uppsöfnuð vinna, efnisleg eða líkömnuð (e. embodied). Auður býr í hlutgerðum og huglægum formgerðum veruleikans og liggur skipulagi samfélagsins til grundvallar[21]. Auður kemur þannig reglu á samfélagið. Ef ekki væri auður væri samfélagið svipað rúllettu þar sem allir þátttakendur hefðu sömu möguleika frá byrjun og hvert atvik væri sögulega sjálfstætt og óháð fyrri atvikum. Það tekur tíma að búa til og safna auði en hann hefur eiginleika til endursköpunar og býður því upp á mögulegan hagnað.

Yfirleitt fjallar Bourdieu um fjórar megingerðir auðs[22]. Það eru hagrænn auður, menningarlegur auður, félagslegur auður og táknrænn auður. Hagrænn auður vísar beint til fjármagns. Að mati Bourdieu liggur hagrænn auður öðrum gerðum auðs til grundvallar, hann er rót þeirra (Bourdieu, 1986). Menningarlegur auður vísar til huglægra og líkamlegra hneigða (e. dispositions), hæfni og hæfileika sem eru afurðir óformlegrar og formlegrar menntunar og reynslu (skólagöngu/uppeldis). Hann vísar einnig til hluta eins og málverka og bóka,

[21] Hlutgerðar og huglægar formgerðir vísa til skipulagningar samfélagsins og þess hvernig við lærum að skynja það. Ákveðin merking býr í hlutum og efnislegri uppbyggingu þjóðfélagsins. Hún mótar huglæga skynjunarhætti okkar en er á sama tíma mótuð af þeim (skynjunarháttunum) í gagnvirku ferli.

[22] Bourdieu talar stundum um fleiri gerðir en tengir þær þá yfirleitt við einhverja af þessum fjórum (Bourdieu, 1998b).

svokallaðra menningarverðmæta. Félagslegur auður vísar til félagslegra tengsla og bjarga sem í þeim felast. Táknrænn auður er aðeins til sem umbreytt form annarra gerða auðs. Sérhver gerð auðs verður táknræn þegar fólk skynjar hana sem réttmæta og viðurkennir þar með það vald sem í auðnum býr[23].

Samkvæmt Bourdieu stjórnar dreifing mismunandi gerða auðs formgerð hins félagslega rýmis (Bourdieu, 1998b)[24]. Með öðrum orðum ræðst staða fólks í samfélaginu út frá því yfir hversu miklum hagrænum og menningarlegum auði það hefur yfir að ráða[25]. Þau sem tilheyra hástéttum hafa meiri hagrænan og menningarlegan auð en lágstéttirnar. Mikilvægt atriði í greiningu Bourdieus á auði er að hægt er að skipta einni gerð auðs fyrir aðra og í raun þarf oft að „fjárfesta" með einni gerð auðs til að safna upp annarri.

Umfjöllun Bourdieus um auð þjónar fyrst og fremst sem myndlíking til að skýra gangverk samfélagsins. Það verður að varast að taka orð hans of bókstaflega á þann hátt að líta ávallt á auð sem stöðuga efnislega eign. Auður er afurð tengsla og er í sumum tilfellum líkari ferli en formi eða fasta. Það á til dæmis við um félagslegan auð.

Félagslegur auður er umdeilt hugtak sem hefur verið skilgreint á margvíslegan hátt á undanförnum árum (sjá t.d. Bourdieu, 1986; Portes, 1998; Portes og Sensenbrenner, 1993; Putnam, 1993; Woolcock, 1998). Hugtakið var fyrst skilgreint kerfisbundið af Bourdieu um miðjan níunda áratug síðustu aldar og stuttu síðar af Coleman (Bourdieu, 1986; Coleman, 1988). Í meðförum þeirra vísaði félagslegur auður til bjarga einstaklinga og lítilla hópa sem eru gerendur í sameiginlegu tengslaneti (Portes, 2000). Hugtakið hefur orðið gífurlega vinsælt

[23] Táknrænn auður er frábrugðinn öðrum gerðum auðs þar sem hann veitir handhafa sínum vald til að beita táknrænu ofbeldi (e. symbolic violence). Það er táknrænt þar sem það er skynjað sem réttmætar aðgerðir. Bourdieu nefnir ríkið sem stofnun sem dæmi í þessu sambandi þar sem það er einn helsti vettvangur til uppsöfnunar á táknrænum auði (Bourdieu, 1998b). Bourdieu (1998b) fjallar nánar um hvernig táknrænn auður tengist habitus fólks, þ.e. huglægum og hlutgerðum hneigðum fólks sem eru mótaðar og endurskapaðar á sérhverju félagslegu sviði (e. social field).

[24] Í vestrænum markaðssamfélögum eru það hagrænn og menningarlegur auður sem stjórna formgerð og dreifingu fólks í félagslegar stöður innan samfélagsins. Í öðrum samfélögum geta aðrar gerðir verið veigameiri (Bourdieu, 1998b).

[25] Reyndar nefnir Bourdieu einnig að landfræðileg staða einstaklinga fari eftir auði þeirra, þar sem hann ræður þátttöku fólks á mismunandi félagslegum sviðum (e. social fields). Bourdieu (1998b) teiknar t.d. upp dreifingu samfélagshópa út frá auðmagni þeirra. Það er einskonar landakort sem sýnir hvar hver hópur er líklegur til að vera, hvað hann er líklegur til að gera og hvernig líklegt er að hann hagi sér.

bæði í fræðilegri og pólitískri orðræðu eftir að Putnam nýtti það í rannsóknum sínum á Ítalíu og í Bandaríkjunum (Putnam, 1993, 2000). Þar teygði hann félagslegan auð út yfir heil samfélög og þjóðríki. Í meðförum hans hafa mismunandi hópar fólks yfir mismiklum félagslegum auði að ráða sem er ein meginskýringin á ójafnri samfélagslegri þróun land- og menningarsvæða. Félagslegur auður er að mati Putnams nauðsynlegur fyrir lýðræðisþróun og eykur traust og skilvirkni félagslegra tengsla og borgaralegra stofnana. Í þessari mynd hefur hugtakið verið tekið upp af pólitískum stofnunum og ýmsum aðilum sem láta sig þróunarmál varða. Alþjóðabankinn hefur m.a. haft hugtakið í forgrunni á stefnu sinni til lausnar vanda þróunarlanda frá því á síðasta áratug (World Bank, 2002).

Hugtakinu hefur verið beitt með mismunandi rannsóknaraðferðum, eigindlegum jafnt sem megindlegum (sjá t.d. Falk og Kilpatrick, 2000; Jóhannesson, Skaptadóttir, og Benediktsson, Óbirt; Schulman og Anderson, 1999). Fjölbreytt notkun og skilningur á hugtakinu hefur valdið því að það er óljóst hvaða merkingu það hefur til fræðilegrar greiningar á mikilvægi félagslegra tengsla. Því hefur jafnvel verið haldið fram að hugtakið sé svo ruglingslegt og veikt að það sé algjörlega gagnslaust (Fine, 1999). Að mínu mati er margt til í þeirri gagnrýni sem komið hefur fram á hugtakið, en hins vegar er það alls ekki gagnlaust ef það er byggt á skýrum fræðilegum grunni og tillit tekið til takmarkana þess.

Til að greiða úr þeirri flækju sem virðist vera komin upp í tengslum við merkingu félagslegs auðs er nauðsynlegt að svara tveimur skyldum spurningum. Í fyrsta lagi, er hægt að teygja hugtakið yfir samfélög og þjóðir eða á það betur við um einstaklinga og litla hópa? Í öðru lagi, er hægt að líta á félagslegan auð sem mælanlega eign eða verður rannsakandinn að nálgast hann sem ferli eða gjörðir? Ef þessum spurningum er svarað erum við að mínu mati nær því að vita hvernig auður í krafti tengsla skiptir máli við mótun og framkvæmd bjargráða.

SAMFÉLAG EÐA EINSTAKLINGAR?

Hugmyndir um að samfélög og/eða þjóðríki virki betur ef þau hafa yfir félagslegum auði að ráða kristallast í rannsóknum Putnams (1993, 2000). Putnam hefur tengt félagslegan auð við virkni lýðræðis og leggur áherslu á mikilvægi hans til að leysa vandamál tengdum sameiginlegum aðgerðum. Putnam segir félagslegan auð vísa til:

> …þátta félagslegra stofnana, eins og trausts, gilda, og tengslaneta, sem geta bætt skilvirkni samfélags með því að auðvelda samhæfðar aðgerðir [einstaklinga innan þess] (Putnam, 1993, bls. 167).

Með þessu móti tengir hann félagslegan auð við hugmyndir um borgaralegar dyggðir og þátttöku sem byggja á trausti og almennri gagnkvæmni. Samstarf er því auðveldara í samfélagi sem hefur erft umtalsvert magn félagslegs auðs, með öðrum orðum, þar sem borgaralegar dyggðir eru til staðar. Einkenni félagslegs auðs eru að: Hann eykst við notkun, þau sem hafa hann geta safnað meira, það tekur lengri tíma að byggja hann upp en að eyða honum og að mati Putnams er félagslegur auður almenningseign en ekki einkaeign.

Traust er lykilatriði í röksemdafærslunni. Því meira traust, því auðveldari og meiri samvinna er til staðar í samfélaginu og um leið ýtir samvinna og borgaraleg þátttaka undir traust. Að mati Putnams breiðist traust út samfélaginu með borgaralegri þátttöku fólks. Allskyns félög sem sameina fólk með mismunandi bakgrunn á einum vettvangi og byggja á láréttum tengslum eru sérlega mikilvæg í þessu sambandi. Á grunni þeirra skapast veik tengsl (sbr. Granovetter, 1973) sem eru mikilvæg fyrir sköpun félagslegs auðs. Samfélög sem eru vel samþættuð með láréttum félagstengslum eru því ríkari af félagslegum auði. Samkvæmt þessu er því hægt að mæla það magn félagslegs auðs sem býr í hverju samfélagi út frá þátttöku fólks í borgaralegum félögum og út frá ólíkum kvörðum um borgaralega þátttöku almennt (Putnam, 1993, 2000).

Samkvæmt Putnam mætti halda að þau samfélög sem hefðu yfir miklum félagslegum auði að ráða væru hamingjusamari, hreinni, öruggari, auðugri en önnur auk þess sem þeim væri betur stjórnað (Woolcock, 1998). Málið er ekki

eins einfalt og Putnam vill vera láta. Skilningur og skilgreining hans á félagslegum auði hefur verið harðlega gagnrýnd (sjá t.d. Boggs, 2001; Bærenholdt og Aarsaether, 2002; Fine, 1999; Jóhannesson ofl., Óbirt; Portes, 1998, 2000; Woolcock, 1998).

Fyrir það fyrsta, þá leiða traust og tengslanet sem byggja á gagnkvæmnisgildum alls ekki alltaf til borgaralegra dyggða. Nægir þar að nefna fjölmörg dæmi um glæpagengi og mafíur. Of mikil félagsleg samþætting í formi sterkra láréttra tengsla getur augljóslega haft neikvæðar samfélagslegar afleiðingar. Boggs (2001) bendir réttilega á hvernig handahófskennt val Putnam á mælikvörðum fyrir félagslegan auð er takmarkandi fyrir niðurstöður hans. Ef verið er að mæla mismunandi stig félagslegs auðs á svæðum eða tímabilum skiptir máli hvaða borgaralegu félög eða hvaða þátttaka er talin vera birtingarmynd hans.

Einn alvarlegasti gallinn í kenningum Putnams um félagslegan auð er þó að röksemdafærsla hans fer í hringi. Hann skilgreinir félagslegan auð út frá virkni eða afleiðingum hans en ekki orsökum. Félagslegur auður er skilgreindur sem traust og tengslanet sem byggjast á gildum gagnkvæmni en um leið er hann leiddur af þessum sömu atriðum. Ómögulegt er því að skilja á milli orsaka félagslegs auðs og afleiðinga hans, þ.e. hvað hann er frá því hvað hann gerir (Portes, 2000; Woolcock, 1998).

Aðferðir Putnams og fleiri til að mæla félagslegan auð heilla samfélaga mæla mun frekar þegnskap eða borgaralegar dyggðir en félagslegan auð sem slíkan og því er mikilvægi félagslegs auðs í staðbundinni þróun enn óljóst (Boggs, 2001; Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt; Portes, 2000).

Woolcock (1998) er einn þeirra sem hefur gagnrýnt skilgreiningu Putnams fyrir að byggja á virkni auðsins í stað orsaka hans. Að mati Woolcocks liggur lykillinn að félagslegum auði í mismunandi gerðum félagslegra tengsla á smærri (e. micro) og stærri (e. macro) sviðum samfélaga og mismunandi jafnvægis á

milli þeirra[26]. Grundvallaratriði í greiningu Woolcocks er mismunandi jafnvægi á milli samofinna (e. embedded) félagslegra tengsla og óháðra (e. autonomous) félagslegra tengsla. Á mismunandi sviðum samfélagsins vísa þessi hugtök til ólíkra ferla sem nauðsynlegt er að taka tillit til við greiningu á félagslegum auði.

Ef jákvæður félagslegur auður á að verða til verður að vera jafnvægi á milli samofinna og óháðra tengsla. Á smærri sviðum samfélagsins, þ.e. í staðbundnu samhengi, vísar það til þess að jafnvægi verður að vera á milli samþættunar samfélagsins og tengsla einstaklinga út úr hópum/samfélögum. Með tengslaneti innan samfélagsins verður til traust og gildi sem veitir einstaklingum nauðsynlegt samhengi til að takast á við aðstæður sínar. Of mikil samþætting getur hins vegar verið af hinu verra og leitt til fordóma og nauðungar. Það er því mikilvægt að tengsl fólks við utanaðkomandi hópa eða samfélög séu virk ekki síst til að auka möguleika á að tengjast ólíkum netvíddum upplýsinga- og þekkingarflæðis (Woolcock, 1998; Portes og Sensenbrenner, 1993)[27].

Á stærri sviðum samfélagsins vísar jafnvægi samofinna og óháðra tengsla til þess hvernig sambandi ríkis eða hins opinbera við borgara er háttað. Ef jákvæður félagslegur auður á að skapast verður grundvöllur fyrir samræmi og samvinnu á milli aðgerða hins opinbera og einstaklinga í samfélaginu að vera til staðar. Einstaklingar þurfa að hafa aðgang að hinu opinbera og getað leitað þar stuðnings. Óháð félagsleg tengsl vísa hér til áreiðanleika og heiðarleika stofnanna. Það er til lítils að hafa samvinnu á milli opinberra stofnana og samfélagsins ef þegnar þess geta ekki treyst stofnunum (Woolcock, 1998). Ríkið er því einn mikilvægasti gerandinn í jákvæðri þróun samfélaga þar sem það er enn sem komið er sá aðili sem hefur mest að segja um almannahagsmuni (heilbrigðisþjónustu, menntamál o.þ.h.). Það hefur einnig innan sinna vébanda

[26] Það má ekki skilja „micro" og „macro" svið samfélaga sem aðskildar heildir heldur eru þetta samofin svið hvers samfélags. „Micro" og „macro" eru því aðeins lýsingarorð til að vísa til sviða sem eru nær einstaklingum og þeirra sem eru fjær þeim.

[27] Segja má að tengslavídd Woolcocks (1998) vísi til veikra tengsla en samþættingarvíddin til sterkra tengsla sbr. Granovetter (1973).

nauðsynlegar stofnanir sem þurfa að vera skilvirkar ef traust á að skapast á milli einstaklinga og hins opinbera (Woolcock og Narayan, 2000).

Í þessu sambandi hafa hugtökin *brýr* og *bönd* (e. bridging/bonding) einnig verið notuð til að undirstrika mismunandi hliðar á uppbyggingu og viðhaldi tengslaneta (sjá t.d. Bærenholdt og Aarsaether, 2002; Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt; Woolcock og Narayan, 2000). Brýr vísa til félagslegra tengsla sem tengja mismunandi hópa og netvíddir á meðan að bönd vísa til tengsla á milli meðlima sérhvers hóps. Líta má á brýr og bönd sem ferli sem byggja á gjörðum einstaklinga og eru því nokkurskonar birtingarmyndir félagslegs auðs (Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt). Woolcock og Narayan (2000) virðast hins vegar leggja samofin og óháð félagsleg tengsl að jöfnu við brýr og bönd sem merkir að brýr og bönd eru endingargóðar félagslegar formgerðir. Þessi skilningur undirstrikar að nokkru vandamál í umfjöllun þeirra um félagslegan auð.

Umfjöllun Woolcocks (1998) dregur fram veikleika nálgunar Putnams og er góð tilraun til að tengja saman svið einstaklinga og tengsl þeirra við uppbyggingu á félagslegum auði við hlutverk ríkisins og opinberra stofnanna í þeim ferlum. Skilningur hans dregur fram að ákveðnar netvíddir þurfa að vera til staðar svo að félagsleg tengsl geti átt sér stað, t.d. á milli borgara og ríkis. Það verða með öðrum orðum að vera til skilvirkir farvegir fyrir flæði upplýsinga og fjármagns á milli ólíkra sviða samfélaga til að árangursrík bjargráð geti átt sér stað. Narayan og Woolcock (2000) þróa þessa nálgun lengra og veita nytsamlega innsýn í hvernig ríkið getur haft áhrif í þá átt að styrkja forsendur fyrir sköpun félagslegs auðs. Orsakir félagslegs auðs í formgerð félagslegra tengsla eru skýrar og ýjað er að áhrifum einstaklinga sem gerenda í sköpun félagslegs auðs. Hins vegar er ekki ljóst *hvernig* félagslegur auður er skapaður í tengslum á milli gerenda í daglegu lífi þeirra, í samskiptum á milli fólks. Woolcock fjallar ekki um mismunandi vald gerenda og þá pólitík sem felst í félagslegum tengslum. Hann fjallar um ákveðið samfélagslegt ástand eða formgerð en gæðir það ekki lífi (Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt).

Að mínu mati hentar nálgun að félagslegum auði sem byggir á skilgreiningu Bourdieus (1986) betur til að nýta hugtakið til greiningar á staðbundinni þróun og til að skilja hvernig bjargráð eru mótuð og framkvæmd. Bourdieu skilgreinir félagslegan auð sem:

> …summu raunverulegra eða mögulegra bjarga sem tengist eigu fólks á endingargóðu tengslaneti sem samanstendur af meira eða minna stofnanavæddum tengslum gagnkvæmra kennsla…(Bourdieu, 1986, bls. 248).

Með öðrum orðum tengist félagslegur auður því að vera meðlimur í hóp og að geta nýtt sér tengslanet hópsins. Magn félagslegs auðs sem hver og einn hefur undir höndum byggir á því hversu víðfeðmt tengslanet hann/hún getur virkjað og á magni þess auðs (hagræns, menningarlegs og táknræns) sem aðrir í tengslanetinu búa yfir. Félagslegur auður er þannig aldrei fullkomlega óháður öðrum gerðum auðs (Bourdieu, 1986).

Félagslegur auður verður til í aðgerðum gerenda í tengslanetum þannig að um leið og fólk tekur til við að byggja upp og virkja félagsleg tengslanet verður til möguleiki á að skapa félagslegan auð. Félagsleg tengslanet eru ekki staðreyndir eða fyrirfram tilbúnar formgerðir sem hægt er að tengja sig við. Þau krefjast vinnu af hálfu fólks og margvíslegra „fjármögnunar - aðferða". Það þarf með öðrum orðum að fjárfesta tíma, peninga og aðrar gerðir auðs í félagslegum tengslum sem síðar er hægt að nota til að virkja félagslegan auð sem getur tryggt gróða (efnislegan eða táknrænan) (Bourdieu, 1986; Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt).

Rót félagslegs auðs er mjög skýr; hún liggur í félagslegum tengslum á milli einstaklinga. Afleiðingar hans geta verið margvíslegar, efnislegar eða táknrænar bjargir eða bætt aðgengi að netvíddum upplýsinga og þekkingar. Samkvæmt skilgreiningu á auði geta ekki allir verið jafnir. Fólk hefur mismikinn félagslegan auð rétt eins það hefur mismikið af öðrum gerðum auðs[28]. Einstaklingar eru því ekki í sömu stöðu þegar kemur að því að skapa og hagnýta félagslegan auð á

[28] Ef allir væru jafnir myndi enginn skynja auð sem auð. Þá væri auður ástand sem fólk tæki ekki eftir og gerði ekki aðgreiningu á miklu eða litlu magni af auði.

skilvirkan hátt. Félagslegur auður byggir alltaf á gagnkvæmum kennslum, þ.e. fólk verður að viðurkenna hann réttmætan, því er hann ávallt skynjaður sem táknrænn auður (Bourdieu, 1986). Þannig er félagslegur auður órjúfanlegur hluti af valdaformgerð samfélaga og hópa þó hann verði til á milli einstaklinga.

Samkvæmt þessum skilningi er félagslegur auður samofinn félagslegum tengslum og því hvernig fólk virkjar eða framkvæmir þau. Putnam lýsir hins vegar félagslegum auði sem mismunandi sögu- og menningarlegu ástandi. Sum svæði eru það heppin að hafa virkar borgaralegar hefðir á meðan önnur þurfa að takast á við minnkandi eða horfinn þegnskap eða þá að félagslegur auður hefur aldrei þróast á þeim. Woolcock lýsir einnig ástandi er hann fjallar um hvernig jafnvægi á milli samofinna og óháðra félagslegra tengsla í formgerð samfélaga ráði því hverskonar félagslegur auður verði til á hverjum stað á hverjum tíma. Bourdieu tekur annan pól í hæðina og leggur áherslu á fólk sem gerendur. Það eru einstaklingar sem skapa og framkvæma félagsleg tengsl og þá um leið möguleikanna á félagslegum auði. Í stað þess að líta á staðnaðar formgerðir samfélaga er heppilegra að greina hvernig félagslegur auður er skapaður í virkum/fljótandi samskiptum á milli fólks og hvernig hann er hagnýttur því í hag.

EIGN EÐA GJÖRÐIR?

Af framansögðu er ljóst að Putnam og aðrir sem aðhyllast svipaðan skilning á félagslegum auði líta á hann sem eign. Ólíkar þjóðir og hópar eiga mismiklar birgðir af félagslegum auði sem þýðir að hægt er að mæla magn hans með megindlegum aðferðum (Gunnar H. Kristinsson, 2001; Putnam, 1993, 2000; Svendsen og Svendsen, 2000)[29].

[29] Dr. Gunnar Helgi Kristinsson er einn af fáum íslenskum fræðimönnum sem hafa fjallað um og beitt hugtakinu félagslegum auði. Í bók sinni *Staðbundin stjórnmál: Markmið og árangur sveitarfélaga (2001)* tekur hann upp skilgreiningu Putnam gagnrýnislaust og mælir mismunandi félagslegan auð sveitarfélaga á Íslandi. Gunnar mælir félagslegan auð út frá meðalskori samborgaralegra dyggða og fellur því í sömu gryfju og Putnam. Það kemur ekki á óvart að þar sem flestir treysta hvorum öðrum, menntunarstig er hærra, tekjur hærri og félagaaðild almenn skuli fólk vera ánægðara með stjórnskipulag og framgang sveitarfélaga. Það er ekki hægt að setja út á það að Gunnar er að mæla samborgaralegar dyggðir eins og fyrrnefnda þætti. Það gerir hann vel, en hins vegar er hann ekki að mæla félagslegan auð í þeim skilningi sem ég legg í hugtakið, frekar en Putnam.

Ef hins vegar litið er á félagslegan auð sem gjörðir einstaklinga í félagslegum tengslanetum er ljóst að ekki er verið að tala um eign í efnislegum skilningi. Félagslegur auður er ekki eign sem samfélög annaðhvort hafa eða hafa ekki. Það má hins vegar segja að félagslegur auður geti verið táknræn eign einstaklinga sem er þó ávallt aðstæðubundin og háð þeim tengslanetum sem þeir eru meðlimir í hverju sinni. Um leið og þau félagslegu tengsl sem eru grundvöllur aðgerða félagslegs auðs hverfa þá gufar auðurinn upp[30] (Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt). Um leið er það ljóst að notkun félagslegs auðs er ekki óháð takmörkunum félags- og menningarlegs samhengis og er því ávallt undir áhrifum annarra gerenda á hverju félagslegu sviði.

Bærenholdt og Aarsæther (2002) hafa gagnrýnt skilning Putnams á félagslegum auði sem eign ákveðinna svæða eða hópa og aðhyllast hugmyndir Bourdieu. Þeir halda því þó fram að nauðsynlegt sé að aðskilja félagslegan auð sem félagslega eign/forgjöf (e. asset) frá aðgerðum sem líta má á sem bjargráð. Að þeirra mati eru bjargráð aðgerðir sem byggja á og skapa um leið félagslegan auð sem birtist þá sem félagsleg eign.

Að mínu mati er þessi skipting á milli aðgerða og eignar takmarkandi ef ætlunin er að skilja félagslegan auð sem virkt ferli. Það að líta á bjargráð sem aðgerðir sem leiða til félagslegs auðs kastar skugga á að það eru aðgerðir fólks sem í rauninni eru þær bjargir sem skipta máli í tengslanetum. Þessar aðgerðir geta eins og áður sagði tekið á sig mynd *táknrænnar* eignar í ákveðnu samhengi. Það þýðir með öðrum orðum að þær aðgerðir sem mynda félagslegan auð hafa táknræna merkingu fyrir gerendur í tilteknum tengslanetum á tilteknum stað og á tilteknum tíma. „Eignin" er hins vegar ávallt aðstæðubundin og falin í aðgerðum eða gjörðum gerenda í tengslanetum. Að mínu mati er mjög erfitt að aðskilja „eignina" frá aðgerðunum, því hún verður aðeins til í þeim og lifir aðeins í minningu gerenda um þær eða stöðugri virkni þeirra.

[30] Það mætti ef til vill kalla þetta Róbinson Krúsó heilkennið ☺. Ef einstaklingur er rifin úr félagslegum tengslanetum sínum og fluttur á stað þar sem hann þekkir engan og engin þekkir hann, þá missir sá hinn sami um leið allan félagslegan auð sinn þar sem það er enginn sem ber kennsl á hann. Hann er því í svipaðri aðstöðu og Róbinson Krúsó á eyðieyju sinni. Viðkomandi þarf að byrja frá byrjun að byggja upp félagsleg tengsl sem gefa möguleika á að skapa félagslegan auð.

Afleiðingar aðgerða félagslegs auðs (hinnar táknrænu eignar félagslegra tengsla) geta verið margvíslegar og virðast að nokkru leyti loftkenndar í þessu samhengi. Traust, gildi gagnkvæmni, liðlegri samskipti og ákvörðunarferli og betra aðgengi að upplýsingaflæðum byggja að sumu leyti á því að fólk framkvæmi félagslegan auð og það má segja að hér sé um birtingarmyndir félagslegs auðs að ræða. Félagslegur auður er hins vegar ekki hin endanlega skýring á árangri einstakra ferla heldur vísar hann frekar til aðgerða fólks í félagslegum tengslum og getur um leið nýst til að greina mikilvægi félagslegra tengsla fyrir bjargráð.

Öll félagsleg tengsl veita möguleika á sköpun félagslegs auðs. Félagslegur auður verður hins vegar ekki til nema tengslin séu virkjuð í ákveðnu samhengi og það er þessi virkjun eða aðgerðir sem á endanum er auðurinn sjálfur. Þetta þýðir að það er ekki hægt að fara um og mæla félagslegan auð með megindlegum aðferðum (Bærenholdt og Aarsaether, 2002; Gunnar Þór Jóhannesson ofl., Óbirt). Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta betur til að fylgjast með og öðlast skilning á því hvernig fólk sem gerendur framkvæmir/virkjar félagslegan auð og hvaða áhrif hann hefur hverju sinni.

SAMANTEKT

Hér hef ég fjallað um hugtakið félagslegan auð, forsendur þess og tvær megin nálganir að því. Forsenda fyrir því að hægt sé að tala um félagslegan auð í samhengi við staðbundna þróun er að líta á hagkerfið sem samofið við aðra hluta samfélagsins. Aðeins þá er hægt að taka tillit til áhrifa félagslegra tengsla á hagrænar breytingar og hlutverk þeirra í árangursríkum bjargráðum fólks.

Putnam hefur, meðal annarra, teygt hugtakið allangt út yfir tíma og rúm. Litið er á félagslegan auð sem eign samfélaga og hann er skilgreindur og mældur með sýnileika samborgaralegra dyggða. Afleiðingarnar eru bæði jákvæðar og neikvæðar. Hugtakið hefur vakið mikla athygli og fræðifólk úr ólíkum greinum hefur í vaxandi mæli gert sér grein fyrir mikilvægi félagslegra tengsla í staðbundinni þróun. Woolcock og Narayan (2000) hafa bent á að ef til vill sé

megin kostur hugtaksins sá að það skapar grundvöll fyrir aðila með ólíkan bakgrunn til að tala saman um samband hagþróunar og félagslegra þátta. Hugtakið félagslegur auður í þessum skilningi er nánast orðið að pólitískri klisju sem hljómar vel í ræðum stjórnmálafólks og sem krydd í stefnumótun stjórnvalda og yfirþjóðlegra stofnanna.

Þetta krydd er því miður afskaplega bragðlaust og gagnslítið til þess að skerpa á skilningi á aðstæðum fólks. Það er litið fram hjá ólíkum valdaafstæðum gerenda í mismunandi tengslanetum og því hvernig einstaklingar hagnýta og skapa félagslegan auð í daglegu lífi sínu. Orðið auður hefur yfir sér efnislegan blæ. Skýrt kemur þó fram hjá Bourdieu (1986) að hér er um myndlíkingu fyrir táknrænar bjargir í tengslanetum að ræða. Auðurinn sjálfur, eða eignin, er aðstæðubundinn og falinn í félagslegum gjörðum einstaklinga. Þó að ekki teljist öll virk félagsleg tengsl vera félagslegur auður, þá er hann ávallt og aðeins virk félagsleg tengsl sem eru háð takmörkunum félags- og menningarlegra formgerða hverju sinni. Aðgerðir einstaklinga eru með öðrum orðum ávallt mótaðar af þeim aðstæðum og samhengi sem er ríkjandi.

Í stað þess að líta svo á að félagslegur auður sé eingöngu ástand eða félags- menningarleg formgerð er frjórra að skilgreina félagslegan auð sem aðgerðir einstaklinga sem mótast af félagslegum formgerðum eða netvíddum og sem eiga sér stað bæði innan og á milli þeirra. Sú táknræna eign sem félagslegur auður er, getur brúað bilið á milli mismunandi netvídda og veitt aðgengi að öðrum gerðum auðs ásamt því að ýta undir samfélagslega þætti eins og traust og gagnkvæmni. Með því að nálgast félagslegan auð á þennan hátt dregur hann „dýnamík" félagslegra tengsla fram í dagsljósið. Hugtakið getur með öðrum orðum gagnast vel til að undirstrika mikilvægi félagslegra tengsla og skýrt hvernig fólk hagnýtir þau í meðvituðum bjargráðum sínum bæði til að styrkja þær netvíddir sem það er aðilar að og að byggja brýr á milli tengslaneta.

KAFLI 4 AÐ LOKUM

Í þessum hluta hef ég fjallað um hugtök og kenningar sem ég mun beita við að skýra bjargráð fólks í Fljótsdal. Ég byrjaði á að fjalla um hnattvæðingu sem einkennir samfélagsgerð Vesturlanda í dag. Hnatt**s**væðing er hugtak sem leggur áherslu á að einstaklingar eru gerendur í lífi sínu. Í kjölfar hnattrænna breytinga hefur heimsmynd Vesturlandabúa breyst. Trú á algildar reglur hefur dvínað og það er lögð meiri áhersla á nýsköpun og hagnýtingu upplýsinga og þekkingar í hagrænni þróun. Flæði ímynda, fólks og fjármagns eru hraðvirkari en áður sem hefur í för með sér áþreifanlegri hreyfanleika í samfélaginu.

Í öðrum kafla var gerð grein fyrir lykilhugtaki í þessari rannsókn, þ.e. bjargráðum. Ég fjallaði um þrjár víddir þess og skýrði hvernig sjálfsrýnin/meðvituð bjargráð eru nauðsynleg til að fólk geti ofið sér merkingarbæran lífsgrundvöll við núverandi aðstæður. Til grundvallar bjargráðum liggja félagsleg tengsl og virkjun þeirra. Bæði nýsköpunarverkefni og sköpun sjálfsmyndar byggja á ýmiskonar tengslum á milli fólks, við stofnanir og víðara umhverfi. Félagslegur auður er hugtak sem vísar til hagnýtingar félagslegra tengsla og hugsanlegra bjarga sem felast í þeim. Það er umdeilt en að mínu mati er það gagnlegt til að varpa ljósi á hvernig fólk mótar og framkvæmir meðvituð bjargráð. Forsenda þess er þó að líta á auðinn sem samofinn aðgerðum einstaklinga en ekki stöðuga eign samfélaga.

Að framansögðu vakna fjölmargar spurningar um hvernig íbúar Fljótsdals og aðstæður þeirra tengjast þeim hugmyndum sem hér hafa verið ræddar. Hvernig tengjast breytingar sem þeir hafa staðið frammi fyrir hnattrænum breytingum og hvernig hefur fólk sem gerendur tekist á við samfélagslegar breytingar. Hverskonar aðferðum hefur það beitt og hvernig hafa íbúar Fljótsdals mótað og framkvæmt mismunandi bjargráð? Í eftirfarandi umfjöllun mun ég leita svara við þessum spurningum.

III. HLUTI AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessum hluta er fjallað um vettvangsrannsóknina sem ritgerðin byggir á. Etnógrafískar rannsóknir eins og þessi byggja á samvinnu rannsakandans og þátttakenda. Rannsakandinn sjálfur er megin „rannsóknartækið" og þar með órjúfanlegur hluti af öllum þáttum rannsóknarinnar. Það er því nauðsynlegt að hugsa um spurningar sem snúa að þeim tengslum sem þekking er sköpuð í hverju sinni. Með öðrum orðum, verða rannsakendur að hafa í huga spurningar um hvernig rannsóknin er unnin, hvaða persónulegu tengsl rannsakandinn hefur við viðfangsefni sitt, hvernig hún/hann velur þátttakendur og stýrir niðurstöðum í ákveðna átt.

Hér byrja ég á að gera grein fyrir kveikjunni að þessu verkefni og hvernig ég tengist viðfangsefninu. Í sjötta kafla er fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar. Rannsóknaraðferðunum er lýst ásamt vinnu minni við gagnasöfnun, úrvinnslu og greiningu gagnanna. Etnógrafísk rannsókn er ekki einfalt ferli frekar en aðrar rannsóknir. Ýmis fræðileg og siðferðileg álitamál koma upp við gerð rannsókna sem felast í allri þekkingarsköpun. Hér er um að ræða spurningar um mismunandi vald rannsakenda og þátttakenda til að hafa áhrif á rannsóknina og þá þekkingu sem hún skapar. Í sjöunda kafla er sérstaklega fjallað um nokkrar grundvallarspurningar sem snerta það hvernig þekking er búin til, það er að segja, það ferli sem felst í aðgerðum okkar sem rannsakenda á vettvangi.

KAFLI 5 KVEIKJAN

Hér geri ég grein fyrir ástæðum þess að ég valdi að gera rannsókn um bjargráð fólks á landbúnaðarsvæði á Íslandi. Jafnframt geri ég grein fyrir persónulegri stöðu minni á því sviði sem rannsóknin snýr að, þ.e. samfélagslegum breytingum á landbúnaðarsvæðum.

◇◇◇

SAMBAND LANDBÚNAÐAR OG FÉLAGSVÍSINDA Á ÍSLANDI

Ástæður þess að ég valdi að gera meistaraverkefni um bjargráð fólks á landbúnaðarsvæðum voru nokkrar. Að sjálfsögðu hafði ég áhuga á efninu en einnig hafði ég tekið eftir tilfinnanlegum skorti á fræðilegri umfjöllun á sviði félagsvísinda um landbúnað á Íslandi.

Rannsóknir á bændum og landbúnaði hafa verið umfangsmiklar í félagsvísindum. Á sviði hagrænnar mannfræði hefur kastljósinu aðallega verið beint að öðrum samfélögum en vestrænum (sjá t.d. Gudeman og Rivera, 1990; Plattner, 1994) og mannvistarlandfræðingar og dreifbýlisfræðingar hafa meðal annarra rannsakað landbúnað og landbúnaðarsvæði á Vesturlöndum (sjá t.d. Busch og Juska, 1997; Goodman, 1999; Kaltoft, 1999; Marsden, 1998, 1999, 2000; Murdoch og Miele, 1999). Á Íslandi hefur landbúnaður hins vegar verið afskiptur í félagsvísindum, með örfáum undantekningum (sjá t.d. Karl Benediktsson, 2000; 2001).

Að mínu mati er þetta athyglisvert mál. Tiltölulega stutt er síðan Ísland var hreint og klárt bændasamfélag en á síðustu árum hefur vægi landbúnaðar í vergri þjóðarframleiðslu farið stöðugt minnkandi[31]. Landbúnaðarframleiðsla hefur jafnframt tekið miklum breytingum síðustu ár, þrengt hefur að hefðbundnum búskap og ný framleiðsla hefur rutt sér til rúms í kjölfar samfélagslegra breytinga. Þetta ætti að gefa bæði félagsvísindafólki og forsvarsfólki

[31] Árið 1975 nam landbúnaðarframleiðsla 5,2% af landsframleiðslu en árið 2000 var hlutfall landbúnaðarframleiðslu komið niður í 1.8% (Hagstofa Íslands, 1999, 2000).

landbúnaðarins ástæðu til að grafast fyrir um framgang, afleiðingar og áhrif þessara breytinga. Svo virðist sem aðeins sé rætt um landbúnað út frá tvennskonar forsendum. Annars vegar er fjallað um landbúnað í sagnfræðilegum rannsóknum og hins vegar er rætt um landbúnað út frá hagfræðilegum forsendum. Í almennri orðræðu er áberandi umræða um styrki til landbúnaðar og hið meinta uppsprengda matvöruverð. Hagrænar úttektir eru einnig áberandi í þeim skýrslum sem samtök bænda, Byggðastofnun og Landbúnaðarráðuneytið hafa unnið um landbúnað (sjá t.d. Byggðastofnun, 1997, 1999; Bændasamtök Íslands, 2002; Landbúnaðarráðuneytið, 1998). Hagrænar rannsóknir á stöðu og forsendum landbúnaðar og sagnfræðilegar athuganir skipta vissulega máli til skilnings á stöðu landbúnaðar í dag. Hins vegar eru þetta aðeins hlutar af stærri mynd þar sem aðrir samfélagslegir þættir skipta einnig máli. Félagsvísindi gætu og ættu að láta sig landbúnað meiru varða með það fyrir augum að leita skilnings á félags- og menningarlegum þáttum landbúnaðar og þeim breytingum sem fólk á landbúnaðarsvæðum er að takast á við.

Persónuleg tengsl mín við landbúnað höfðu einnig áhrif á val og mótun verkefnisins. Foreldrar mínir eru nautgripabændur og föðurafi og amma voru fjárbændur. Ég hef því virk félagsleg og tilfinningaleg tengsl við sveitina og hef sjálfur upplifað sumar þær breytingar sem hafa orðið á umhverfi landbúnaðarins. Foreldrar mínir hafa í gegnum árin sinnt félagsmálum innan sem utan sveitar og var faðir minn sérstaklega tengdur umdeildri endurskipulagningu á hefðbundnum landbúnaði á níunda og tíunda áratugnum. Ófáir matar- og kaffitímar á heimilinu fóru í umræður um landbúnaðarmál, kosti og galla kvótakerfisins, alvarlegar afleiðingar riðuniðurskurðar og nýsköpun í sveitum landsins. Ráðunautar, embættismenn og sveitungar eru í minningunni nær daglegir gestir við matarborðið og allir ræða þeir „ástandið" oft og tíðum þungir á brún[32]. Þetta voru alvarleg mál sem snertu meira en krónur og aura.

Þessi nálægð við rannsóknarefnið olli mér nokkrum áhyggjum í upphafi verkefnisins. Þetta er málefni sem ég hef sterkar skoðanir á og því var sérlega

[32] Þetta voru allt karlar, að minnsta kosti í minningunni.

mikilvægt að hugsa um verkefnið út frá sem flestum hliðum og vera vakandi fyrir öðrum sjónarhornum en mínum. Fjölskyldutengsl mín gátu jafnframt orðið vandamál. Eins og áður segir var faðir minn einn þeirra sem vann að framkvæmd endurskipulagningar á stjórnkerfi hefðbundins landbúnaðar. Hann er því vel þekktur innan landbúnaðargeirans, bæði meðal embættismanna og bænda. Þetta gat auðveldað mér aðgengi að sumum viðmælendum mínum en jafnframt torveldað mér aðgengi að öðrum þar sem stjórnkerfið var og er enn mjög umdeilt.

Eftir á að hyggja tel ég að nálægð mín við viðfangsefnið hafi frekar verið kostur en galli. Um leið og ég fór að hugsa meðvitað um hugsanleg vandamál sem blöstu við eins og nefnd voru hér að framan varð ég einnig meðvitaðri um önnur sem voru ekki eins augljós. Þar má nefna mismunandi valdastöðu rannsakenda og þátttakenda. Ég fann það í mörgum viðtölum að viðmælendur treystu mér betur þegar þeir vissu að ég var sjálfur úr sveit. Það auðveldaði mér líka að fara úr þeirri stöðu að vera rannsakandi í formlegu viðtali og í að vera persóna sem átti í samtali á jafningjagrundvelli við aðra manneskju um landbúnaðarmál.

Hér hef ég gert grein fyrir kveikjunni að rannsókn minni. Val á rannsóknarefni er ávallt pólitískt og markað gildismati. Um leið og rannsakandi er búinn að ákveða sig hefur um leið verið tekin ákveðin afstaða um hvað sé þess virði að skoða nánar. Í næsta kafla fjalla ég um þær rannsóknaraðferðir sem ég beitti við rannsóknina og skýri hvernig framkvæmd hennar gekk fyrir sig.

KAFLI 6 AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD

Aðferðafræði rannsókna er sá grundvöllur sem niðurstöðurnar byggja á. Aðferðafræði vísar bæði til kenninga og rannsóknaraðferða sem fólk beitir til að finna svör við rannsóknarspurningum sínum. Það má ef til vill líta á kenningar sem tæki til að hugsa um og skilja veruleikann og rannsóknaraðferðir sem tól til að nálgast hann, grafast fyrir um skilning fólks og upplifun af lífinu og tilverunni. Í þessum hluta byrja ég á að gera grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem beitt er við þessa rannsókn og því næst er framkvæmd rannsóknarinnar lýst.

◊◊◊

ETNÓGRAFÍSKAR RANNSÓKNARAÐFERÐIR

Rannsókn mín byggir á etnógrafískum eða eigindlegum rannsóknaraðferðum[33] (Hammersley og Atkinson, 1983; Taylor og Bogdan, 1998). Etnógrafískar rannsóknaraðferðir hafa frá upphafi verið ein megin rannsóknaraðferð mannfræðinnar (Fontana, 1994). Einn af forvígismönnum mannfræðinnar, Bronislaw Malinowski, lagði grunninn að formlegri aðferðafræði etnógrafíunnar í klassískri bók sinni, *Argonauts of the Western Pacific* sem kom fyrst út árið 1922 (Malinowski, 1984). Malinowski reyndi eftir fremsta megni að skapa vísindalega áreiðanlegar og réttmætar lýsingar af samfélögum og menningu. Etnógrafískar rannsóknir hafa tekið miklum breytingum síðan og er þessum aðferðum nú beitt í mörgum fræðigreinum á margvíslegan hátt. Ákveðnir lykilþættir um notkun aðferðanna eru þó enn í fullu gildi.

Etnógrafískar rannsóknir byggja í dag flestar á vísindaheimspeki fyrirbærafræðinnar (Taylor og Bogdan, 1998). Fyrirbærafræðin grundvallast á því að veröldin sé félagslega sköpuð í gegnum aðgerðir einstaklinga. Merking hluta og ferla samfélagsins verður til í samskiptum á milli fólks en býr ekki í efnislegri

[33] Það er mjög misjafnt eftir höfundum hvernig hugtakið „etnógrafía" er notað. Ég nota það hér til að vísa til eigindlegrar rannsóknarhefðar sem felur í sér mismunandi rannsóknaraðferðir.

gerð þeirra[34]. Lögð er áhersla á að lýsa veruleikanum út frá sjónarhóli þátttakenda og komast sem næst skilningi þeirra á lífinu og tilverunni. Áhersla rannsakenda er því fremur lögð á að grafast fyrir um merkingu félags- og menningarlegra ferla heldur en að skapa algild lögmál eða skýringar á veruleikanum. Megineinkenni etnógrafískra rannsóknaraðferða er að þær byggja á aðleiðslu og lýsandi rannsóknargögnum og leitast við að birta heildstæða mynd af fólki og aðstæðum þeirra (Taylor og Bogdan, 1998).

Etnógrafísk rannsóknarhefð byggir á vettvangsaðferðum. Það þýðir að rannsakandinn fer á vettvang, til þeirra sem rannsóknin er um, dvelur hjá þeim um hríð, á í samskiptum við þá og deilir reynslu með þeim. Á þennan hátt öðlast rannsakandinn innsýn í þann veruleika sem ætlunin er að lýsa. Tvær megin aðferðir til vettvangsrannsókna eru opin viðtöl og þátttökuathuganir. Þátttökuathuganir byggja á því að rannsakandinn er einhvern tíma með fólki í umhverfi þeirra og öðlast innsýn í daglegt líf þess á vettvangi. Opin viðtöl líkjast frekar óformlegum samtölum en formlegum viðtölum. Lögð er áhersla á að nálgast skilning og upplifun viðmælenda á rannsóknarefninu í stað þess að leiða viðtalið að fyrirfram ákveðinni niðurstöðu.

Etnógrafískar rannsóknaraðferðir hentuðu rannsókn minni vel þar sem ætlunin var að grafast fyrir um *hvernig* fólk upplifir og tekst á við samfélagslegar breytingar. Ég vildi heyra raddir fólksins sjálfs, hvað þeim finnst mikilvægt og hvað þeim finnst skynsamlegt.

ÞÁTTTAKENDUR, GAGNASÖFNUN OG GREINING

Skipta má rannsóknarvinnu minni í tvo þætti. Annars vegar kynnti ég mér fyrirliggjandi gögn og kenningar og hins vegar gerði ég vettvangsrannsókn þar sem ég tók opin viðtöl og gerði þátttökuathuganir. Fyrirliggjandi gögn önnur en kenningar voru m.a. efni frá Byggðastofnun um byggðaáætlanir og stöðu

[34] Fyrirbærafræðin er mjög fjölbreytt og vítt fræðasvið. Hér er aðeins minnst á grunnþætti hennar án þess mismunandi áherslur fræðafólks séu skýrðar nánar.

sauðfjárræktar og landbúnaðarsvæða, tölulegar upplýsingar frá Hagþjónustu Landbúnaðarins og skýrslur frá Bændasamtökum Íslands.

Ástæður þess að ég valdi að gera rannsókn í Fljótsdal og á Fljótsdalshéraði eru nokkrar. Í fyrsta lagi er svæðið í sögulegu ljósi landbúnaðarsvæði þar sem sauðfjárbúskapur hefur verið ein meginstoð atvinnulífsins. Þrátt fyrir samdrátt í landbúnaði skiptir hann enn töluvert miklu máli í staðbundnu hagkerfi svæðisins[35]. Þéttbýlisstaðir á svæðinu, Fellabær og Egilsstaðir hafa að nokkru leyti byggst upp sem þjónustumiðstöðvar fyrir sveitirnar í kring. Í öðru lagi hefur sauðfjárrækt gengið í gegnum miklar þrengingar á síðustu 20 árum, bæði vegna sjúkdóma og framleiðslutakmarkana. Mér virtist sem utanaðkomandi áhorfanda að fólki á svæðinu hefði gengið vel að takast á við þær þrengingar. Í þriðja lagi þekkti ég lítið til svæðisins persónulega. Vegna tengsla minna við efnið vildi ég ná eins mikilli fjarlægð við rannsóknarefnið og mögulegt væri og því hentaði Fljótsdalur vel.

Gagnasöfnun fór aðallega fram á tímabilinu september 2000 til nóvember 2001. Flest viðtölin voru tekin í október 2001. Alls voru tekin 22 viðtöl og gerðar þrjár þátttökuathuganir. Viðmælendur eru alls 29, níu konur og 20 karlar. Flest viðtölin (12) voru tekin við íbúa í Fljótsdal en tíu viðtöl voru tekin við aðra sem tengjast annaðhvort svæðinu eða rannsóknarefninu á einn eða annan hátt. Þar má nefna embættismenn í stjórnkerfi landbúnaðarins, ráðunauta, sveitarstjórnarfólk og aðila sem vinna að nýsköpun á Austurlandi.

Þátttakendur voru valdir á tvenns konar hátt. Haustið 2000 tók ég viðtöl við embættismenn í stjórnkerfi landbúnaðarins og valdi þá út frá stöðu þeirra í kerfinu. Á sama tíma setti ég mig í samband við tvo íbúa á svæðinu, Baldur Þórsson og Pál Gíslason (gervinöfn) og fékk þá til að hjálpa mér að komast í samband við hugsanlega viðmælendur. Þeir voru tengiliðir mínir inn á svæðið og hefði rannsóknin aldrei gengið upp án aðstoðar þeirra. Síðar fékk ég einnig ábendingar frá viðmælendum mínum um við hverja væri áhugavert að tala og reyndi að komast í samband við sem flesta. Rétt er að taka fram að öllum

[35] Árið 1997 féllu 11% ársverka í Austur – Héraði í flokk landbúnaðar (Austur - Hérað, 2001).

þátttakendum eru gefin gervinöfn og í sumum tilvikum er starfsheitum þeirra og kyni breytt. Þetta er gert til að halda trúnað við viðmælendur. Þó að sumir hafi verið tilbúnir til að koma fram undir réttu nafni var jafnt yfir alla látið ganga. Hins vegar taldi ég ekki rétt að reyna að fela svæðið sem slíkt. Rannsóknin er of nátengd staðháttum til að sú leynd sé raunhæf og eins tel ég efni hennar ekki það persónulegt að þess gerist þörf.

Úrvinnsla etnógrafískra rannsókna er tímafrek. Öll viðtölin voru tekin upp á segulband og þau síðan afrituð nákvæmlega. Í þátttökuathugunum fylgdist ég með því sem fram fór og skráði eins ítarlega og mér var unnt strax og heim var komið. Að þessu loknu voru gögnin ítrekað lesin á markvissan hátt og ákveðnir þræðir eða þemu dregin út sem eftirfarandi umfjöllun byggir á.

Þó að ég hafi hér fjallað um framkvæmd etnógrafískra rannsókna sem nokkuð einfalt ferli er veruleikinn annar. Ég hef þegar gert grein fyrir sumum þeim vandamálum sem persónuleg tengsl mín við viðfangsefnið höfðu í för með sér. Það eru hins vegar fjölmörg fræðileg og siðferðileg álitamál sem koma upp í hverri rannsókn og tengjast m.a. samskiptum rannsakanda við þátttakendur, mismunandi valdastöðu þátttakenda og þeirri yfirburðastöðu til túlkunar sem rannsakandinn óneitanlega hefur. Í næsta kafla er fjallað um nokkur þessara vandamála.

KAFLI 7 AÐ SKAPA ÞEKKINGU

Þekkingarsköpun í hvaða formi sem hún kemur fyrir er ekki hlutlæg. Að skapa þekkingu um hvaðeina er pólitískt ferli þar sem rannsakandinn er virkur þátttakandi og er í ákveðnum valdatengslum við þau sem eru „rannsökuð" eða vettvang sinn. Þessar staðhæfingar ganga þvert á viðteknar hugmyndir módernismans að hægt sé að skapa hlutlæga þekkingu með viðeigandi mælitækjum. Í eftirfarandi umfjöllun eru mismunandi tengsl á milli rannsakenda og þátttakenda í etnógrafískum rannsóknum rædd. Ég byrja á að gera stuttlega grein fyrir þekkingarfræði módernismans og hvaða vandamál felast í henni þegar kemur að etnógrafískum rannsóknum en því næst fjalla ég um hugsanlegar leiðir framhjá vandamálum módernismans.

◊◊◊

VIÐ OG HINIR

Eins og áður hefur komið fram byggir hugmyndafræði módernismans á tvíhyggju, línulegri stjórnun og trú á hlutlæga þekkingu (Gísli Pálsson, Í prentun). Þessi hugmyndafræði hefur til skamms tíma þjónað sem grundvöllur að þekkingarsköpun Vesturlandabúa. Við skynjum og túlkum veröldina með hliðsjón af þessum stoðum. Etnógrafískar rannsóknir hafa, þrátt fyrir sveigjanlegt yfirbragð, ekki verið undanskildar módernískum áhrifum.

Í etnógrafískum rannsóknum hefur rannsakandinn löngum staðið utan við þá veröld sem hann/hún hefur verið að lýsa. Sú afstaða er greypt í hefðbundnar aðferðir etnógrafíunnar, þátttökuathuganir, söfnun upplýsinga og lýsingar á menningu. Rannsakandinn stendur fyrir utan vettvang sinn, hann/hún er áhorfandi og getur án mikilla vandkvæða safnað „réttmætum" heimildum um ákveðinn veruleika (Clifford, 1986). Þessi hugmynd samsvarar hefðbundnum tengslum manns og náttúru (sjá að framan). Í stað náttúru eru nú komnir „hinir", viðföng rannsakandans, og í stað samfélags kemur sjónarhóll rannsakandans.

Hefðbundnar etnógrafískar rannsóknir hafa byggst á pósitífískri raunhyggju þar sem markmiðið er að birta sem réttasta mynd af veruleikanum (Hammersley og Atkinson, 1983; Van Maanen, 1988). Gísli Pálsson (1995) hefur fjallað um ólík tengsl sem etnógrafísk þekking byggir á. Þau tengsl sem einkennast af módernískri þekkingarfræði nefnir hann „orientalisma", eða framandgervingu og byggir þar á hugmyndum Saids (1979). Rannsakandinn birtist hér sem nýlenduherra, í þeirri merkingu að hann/hún leggur undir sig þann „veruleika" sem er til rannsóknar og alhæfir um hann. Menning og samfélag „hinna" birtast sem afmarkaðar heildir (nýlendur) og rannsakandinn virðist hafa yfirsýn yfir vettvang sinn.

Hin móderníska nálgun hefur verið harðlega gagnrýnd (sjá t.d. Geertz, 1988; Marcus, 1998; Marcus og Fischer, 1986). Hið sjálfskipaða hlutverk módernískra vísinda, að leita sannleikans og skrifa hann upp, var dregið í efa. Meðal annars hefur verið bent á að það væri ímyndun að rannsakandi gæti staðið fyrir utan söguleg og menningarleg ferli og horft á þau sem hlutlaus rannsakandi úr fjarlægð. Einnig var bent á að skrifaðar niðurstöður ættu aðeins við ákveðnar aðstæður. Því væri etnógrafískur „sannleikur" í rauninni aðeins sannleiksbrot (Clifford, 1986; Gísli Pálsson, 1995).

Gagnrýni á módernismann leiddi til andsvars í tilhneigingu fræðifólks til að líta á mannlegt líf, samfélag, menningu og náttúru sem texta. Textahyggja birtist í nýjum tengslum sem eru þó ekki mjög ólík framandgervingu fyrri tíma. Rannsakendur fóru að leggja meiri áherslu á að lýsa sjálfum sér og aðstæðum sínum á vettvangi og játa hversu erfitt það getur verið að fá einhvern botn í gögn sín, með öðrum orðum einbeittu margir sér að því að lýsa gerð textans í stað innihalds hans (Clifford, 1986; Fontana, 1994; Gísli Pálsson, 1995). Að sumra mati er hægt að „lesa" samfélög og menningu á óendanlega fjölbreyttan hátt og því skiptir hugsanlegt sannleiksgildi litlu. Etnógrafían rennur því saman við skáldsöguna á þann hátt að þekking hennar er algjörlega afstæð. Að vissu leyti má rekja þetta til þess að fólkið sem mannfræðingar hafa skrifað um hefur betri aðgang að niðurstöðum þeirra og getur mótmælt þeim og ögrað þar með valdi

rannsakanda (Gísli Pálsson, 1995). Við þær aðstæður, þegar vald rannsakandans er ekki lengur öruggt, getur verið freistandi að leita skjóls með því að stinga höfðinu í sandinn og grípa til hugmynda afstæðishyggjunnar.

Textahyggja nær ekki að leysa vandamál framandgervingar. Í báðum tilvikum liggur myndlíkingin um afmörkun okkar frá hinum til grundvallar. Rannsakandinn fer og rannsakar annan heim, fer yfir menningarleg landamæri og fer svo aftur yfir á sitt heimasvæði og kynnir niðurstöður sínar – textann. Það sem aðgreinir sjónarhornin er ef til vill „innihald" textans, það hvort hann sé heildstæð og „sönn" lýsing á samfélagi og menningarheimi þeirra rannsökuðu, eða aðeins heimild um okkur (fræðifólkið) sem einstaklinga. Í stað þess að aðhyllast annað hvort pól raunhyggju eða textahyggju er ef til vill heppilegra að leita málamiðlunar, viðurkenna að veröldin er litríkari en raunhyggjan leyfir en um leið að taka meiri ábyrgð á niðurstöðum okkar um raunveruleikann en textahyggjan þorir.

EINHYGGJA FYRIR AÐRA

Hugsanleg lausn framhjá andstæðum pólum textahyggju og framandgervingar eru nálganir sem byggja á einhyggju (e. monoism). Það hefur verið bent á að í stað þess að líta á etnógrafíuna sem sem afurð vinnu rannsakandans sé nær að líta á rannsóknarvinnuna sem samtal eða samræður (Clifford, 1986; Gudeman og Rivera, 1990). Ólíkt módernískum eða textahyggjulegum rannsóknaraðferðum sem byggja á ósamfellu eða rofi á milli „okkar" og „hinna" vísa samræður til áframhalds og samfellu. Samræður tilheyra engum en byggja á þátttakendum og áheyrendum. Gísli Pálsson (1995) leggur til að etnógrafískar rannsóknir ættu að byggja á tengslum þar sem gagnkvæm skipti rannsakenda og þátttakenda eiga sér stað, með öðrum orðum, þar sem að aðilar að rannsókninni geta átt í virkum samræðum.

Myndlíkingin um samræður hefur samhljóm við hugmyndir Tim Ingolds um íveru (e. dwelling) (Ingold, 2000b). Ívera vísar til þess að mannfólkið er hluti af veröldinni en stendur ekki utan við hana sem skynsamir stjórnendur hennar.

Umhverfið er óumflýjanlega hluti af okkur og við af því. Íveran vísar því til „millibilsins" á milli póla náttúru og samfélags eða á milli okkar og hinna. Við þessar aðstæður eru rannsakendur og þau rannsökuðu „íbúar" í sömu veröld. Í rauninni eru ekki nein landamæri sem þarf að fara yfir, eða þýða á milli. Við erum öll hluti af sömu veröld, og í gegnum aðgerðir okkar (t.d. etnógrafíska lýsingu) erum við bæði að skapa okkur og þau sem við lýsum. Etnógrafían verður því aðstæðubundin lýsing á áframhaldandi ferli, sem við sem rannsakendur höfum mótað ásamt þeim sem við rannsökum (Rannveig Traustadóttir, 2001). Rannsakandinn er þannig ávallt samofinn vettvangi sínum, niðurstöður hans/hennar eru með öðrum orðum skapaðar í tengslum við fólk, atburði og umhverfi á vettvangi rannsóknarinnar.

Hins vegar má setja spurningamerki við hvort þessi afstaða leysi vandamál varðandi sköpun þekkingar. Þrátt fyrir að rannsakandi notist við myndlíkinguna um samræður er hann/hún ekki með sömu valdastöðu og aðrir þátttakendur í samræðunum. Yfirleitt er það rannsakandinn sem á endanum skrifar niðurstöðuna, hann/hún hefur frumkvæði að samræðunum og spyr þeirra spurninga sem virðast áhugaverðar. Þessi vandamál eru ef til vill óumflýjanleg. Rannsakandinn sleppur ekki undan sjálfum sér og þeim bakgrunni sem hann/hún hefur. Ef við ætlum að framleiða þekkingu um aðra þá óumflýjanlegt að skapa einhverskonar ofurfrásögn (e. grand-narrative) jafnvel þó að við höllumst að þekkingarsköpun sem byggir á virkum samræðum. Spurningin er ekki hvort ofurfrásögn er sköpuð heldur hvernig það ferli á sér stað. Hvort rannsóknir feli í sér möguleika á margröddun og þeirri hógvæð sem felst í því að viðurkenna íveru sína í veröldinni og takmarkanir niðurstaðna sinna þar með[36].

Við verðum því að viðurkenna að frásögn okkar er ekki yfir aðrar hafin um aldur og ævi. Afleiðingar þessa er að nú er ekki hægt að tala um aðferðafræðilegt leiðarljós í mannfræði. Það er engin ein rétt leið til að gera etnógrafíu. Mannfræðingar og aðrir sem beita etnógrafískum rannsóknar-aðferðum hafa á síðustu árum verið að prófa sig áfram og reynt á þolmörk

[36] Þar með er krafturinn tekinn úr forskeytinu „ofur" við frásögn.

aðferðanna með því að gera tilraunir með þær (Fontana, 1994; Marcus, 1998). Það þarf ekki að veikja málsstað etnógrafíunnar eða réttmæti þeirrar þekkingar sem við erum að skapa. Þvert á móti styrkir það aðferðina að horfast í augu við takmarkanir sínar og aðlaga sig nýju samhengi hverju sinni á dýnamískan hátt.

GRUGGUGAR RANNSÓKNIR

Hér hef ég fjallað um þær rannsóknaraðferðir sem ég beitti við rannsóknina. Etnógrafískar rannsóknir standa á gömlum merg módernískrar hugmyndafræði. Gagnrýni á hefðbundna heimsýn módernismans hefur leitt til þess að fræðifólk hefur orðið meðvitaðra um stöðu sína í rannsóknarferlinu, hvernig það tengist rannsóknarefninu, fólki og stöðum og hvernig það beitir valdi sínu í þessum tengslum. Það er engin einföld lausn til á þessu máli. Mér virðist að skynsamlegast sé að viðurkenna áhrif sín og þá um leið „ófullkomleika" niðurstaðna sinna[37]. Það er nauðsynlegt að gera grein fyrir aðkomu sinni að rannsóknarferlinu og gera það eins gegnsætt og mögulegt er. Veröldin er full af mótsögnum, blindgötum og óvæntum uppákomum. Þær rannsóknir sem sýna fram á annað eru í rauninni þær sem eru ótrúverðugastar. Þær hafa verið eimaðar til að mæta „hreinlætiskröfum" módernismans og líta framhjá því að lífið er gruggugt.

Eftirfarandi umfjöllun er byggð á samræðum við viðmælendur mína og þátttökuathugunum með þeim, nema annarra heimilda sé getið. Ég vil þakka öllum þeim sem gáfu sér tíma til að ræða við mig. Án þeirra hefði þessi rannsókn ekki orðið að veruleika. Ég vil vekja athygli lesanda á því að ég vitna beint til orða viðmælenda minna. Eins og gengur í talmáli slæðast stundum inn aukaorð og málvillur sem eiga ekki heima í ritmáli. Ég ákvað hins vegar að breyta í engu málfari viðmælenda minna og bið ég lesendur að sýna því skilning. Allar rannsóknarniðurstöður eru á mína ábyrgð.

---

[37] Þær eru þó aðeins ófullkomnar í samanburði við hefðbundinn skilning pósitífismans en eins og sýnt hefur verið fram á þá eru niðurstöður þeirra jafn huglægar og annarra (sjá t.d. Latour og Woolgar, 1986). Munurinn er sá að þær rannsóknir sem byggja á pósitífískum skilningi á veröldinni halda dauðahaldi í vafasöm grundvallargildi módernismans og vilja ekki viðurkenna margbreytileika og hreyfanleika lífsins.

IV. HLUTI BREYTINGAR OG BJARGRÁÐ

Sauðfjárrækt hefur gengið í gegnum margvíslegar þrengingar á síðustu árum og hefur fólk á sauðfjárræktarsvæðum orðið að finna nýjar leiðir til að tryggja afkomu sína. Í þessum hluta verður fjallað um breytingar á umhverfi sauðfjárræktar og bjargráð fólks á Fljótsdalshéraði og í Fljótsdal sérstaklega.

Hér byrja ég á að gera grein fyrir sögulegum breytingum sem hafa orðið á reglukerfi hefðbundins landbúnaðar og tengslum þess við byggðastefnu stjórnvalda. Reglukerfi landbúnaðarins og stjórnkerfi greinarinnar í sinni víðustu mynd hefur á margan hátt mótað aðstæður bændafólks. Þetta á sérstaklega við um hefðbundinn landbúnað sem virðist að sumu leyti hafa verið nýttur í byggðapólítískum tilgangi.

Í níunda kafla fjalla ég sérstaklega um þær breytingar sem íbúar í Fljótsdal hafa upplifað á síðustu 20 árum. Fólk í Fljótsdal er ekki frekar en annarsstaðar viljalausir þolendur heldur gerendur í umhverfi sínu. Það hefur beitt margvíslegum ráðum til að takast á við nýjar aðstæður. Hér eru nokkur þeirra bjargráða sem eru áberandi meðal íbúa dalsins rædd auk hugsanlegra möguleika sem fólk lítur til.

Í tíunda og ellefta kafla er fjallað sérstaklega um eitt tiltekið bjargráð, þ.e. Héraðsskógaverkefnið. Hér er um að ræða skógrækt á jörðum bænda og landeiganda. Flestir íbúar Fljótsdals tengjast verkefninu á einn eða annan hátt. Ég rek upphaf verkefnisins, viðtökur þess, þróun og margvísleg áhrif sem það hefur haft á svæðinu.

KAFLI 8 UMHVERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR

Hér er varpað ljósi á utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á aðstæður fólks í Fljótsdal og þau bjargráð sem það hefur úr að velja. Ég byrja á að rekja þær breytingar sem hafa orðið á stöðu sauðfjárbænda og því reglukerfi sem þeir hafa unnið í frá 1979 þegar fyrstu tilraunir til framleiðslustýringar hófust. Því næst er gerð grein fyrir rekstrarumhverfi greinarinnar og tengslum þess við byggðastefnu stjórnvalda ásamt framtíðarhorfum atvinnugreinarinnar.

Umfjöllun þessa kafla er byggð á viðtölum við fólk úr stjórnkerfi landbúnaðarins. Hér er um að ræða aðila frá Bændasamtökum Íslands, Landbúnaðarráðuneytinu, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, Landssambandi sauðfjárbænda og leiðbeiningarþjónustu Bændasamtakanna. Það má því segja að fjallað sé um þær breytingar sem sauðfjárbændur hafa orðið að takast á við út frá sjónarhóli þeirra sem standa að nokkru utan reglukerfisins. Þó að allir viðmælendur mínir séu tengdir landbúnaði og vinni sumir hverjir við stjórnkerfi sauðfjárræktar er daglegt líf þeirra ekki háð reglum kerfisins eða breytingum á þeim.

◊◊◊

HAGRÆNAR BREYTINGAR OG REGLUKERFI SAUÐFJÁRRÆKTAR

> *Sauðfjárbændur eru náttúrlega afskaplega bognir margir…Þjökuð stétt….Til lengdar geta menn náttúrlega ekki stundað atvinnugrein sem framleiðir vöru sem ekki selst (Örn Bjarnason, Bændasamtökunum).*

Þessi orð draga saman stöðu sauðfjárbænda og þann vanda sem sauðfjárrækt stendur frammi fyrir. Hér verður leitast við að skýra aðstæður bændafólks og varpa ljósi á ástæður fyrir erfiðri stöðu þess í tengslum við reglukerfi sauðfjárræktar.

HAGRÆNAR BREYTINGAR Í HNOTSKURN

Árið 1985 var dilkakjötsframleiðsla tæp 10.800 tonn og meðalneysla á mann var 43,4 kíló. Árið 2001 voru framleidd rúm 8.600 tonn af kindakjöti og meðalneyslan

var 23.8 kg (Bændasamtök Íslands, 2002; Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Sauðfé var flest á landinu í kringum 1980, á milli átta og níu hundruð þúsund og framleiðslan var mest árið 1978 eða rúm 13.000 tonn. Til samanburðar var fjárfjöldi á landinu árið 2001 um 470.000.

Þrátt fyrir stórfelldan samdrátt í framleiðslu og neyslu kindakjöts hefur framleiðendum ekki fækkað að sama skapi. Það hefur orðið mikil tekjurýrnun í greininni og er það eitt alvarlegasta vandamál hennar að mati viðmælenda minna. „Búin eru einfaldlega allt of lítil" (Örn, Bændasamtökunum). Snorri Ágústsson, Landbúnaðarráðuneytinu segir til dæmis:

> *Af því að ég veit svona sirka hvernig þeir [sauðfjárbændur] hafa lifað þá eiginlega vona ég að þeir séu þeir tekjulægstu sko. Ég vildi ógjarnan sjá einhverjar stéttir verr staddar.*

Fátækt þekkist innan greinarinnar og það er stöðugt erfiðara að lifa eingöngu af sauðfjárrækt[38]. Ástandið nú er þó betra en á fyrri hluta tíunda áratugarins. Sauðfjárbændur hafa það ekki eins slæmt fjárhagslega en viðmælendur mínir rekja það fyrst og fremst til betra atvinnuástands almennt. Búin eru hins vegar ekki að skila meiru af sér[39]. Reyndar er svo komið að á ákveðnum svæðum landsins skila hrein sauðfjárbú eigendum sínum nánast engum tekjum. Arnar Sigurðsson, Landssambandi sauðfjárbænda metur stöðuna þannig:

> *Það er ekki til neins fyrir þetta fólk sem er með þennan tekjustandard að, það er ekki til neins fyrir það að vera að berjast með fé. Það er verst fyrir það sjálft.*

Hér hef ég dregið upp einfalda mynd af hagrænum breytingum og stöðu sauðfjárbænda í dag. Til að skilja núverandi aðstæður sauðfjárbænda er nauðsynlegt að gera grein fyrir samspili reglukerfisins og greinarinnar.

---

[38] Á tímabilinu frá 1986 til 1995 var fjórðungur bændafólks með tekjur undir opinberum fátæktarmörkum (Landbúnaðarráðuneytið, 1998).

[39] Rétt er að árétta að þau viðtöl sem þessi kafli byggir á voru tekin haustið 2000 og 2001. Síðan þá hefur efnahagslífið gengið í gegnum ákveðna kreppu og óvíst hvernig það hefur haft áhrif á afkomu bændafólks.

ÚTFLUTNINGSBÆTUR OG ÞJÓÐARSÁTT – SYNDIR OG YFIRBÓT?

Í upphafi 20. aldarinnar voru hvorki innflutningshöft né miðstýrðar verðlagsaðgerðir við lýði til verndar íslenskri landbúnaðarframleiðslu (Björn S. Stefánsson, 1986). Á þriðja áratugnum hófu stjórnvöld hins vegar kerfisbundnar aðgerðir til að auka landbúnaðarframleiðslu með það fyrir augum að þjóðin yrði sjálfri sér nóg um helstu nauðsynjar. Með það markmið í huga og einnig vegna áhrifa kreppunnar miklu fer að bera meira á verndaraðgerðum stjórnvalda þvert á vilja margra bænda (Vigdís Jónsdóttir, 1992). Bændur fengu styrki til jarðræktar og vélvæðingar. Í kjölfarið jókst framleiðsla landbúnaðarafurða mikið þó að enn bæri á skorti á sumum algengustu vörunum fram undir lok sjötta áratugarins (Sigurður Snævarr, 1993).

Kerfisvæðing landbúnaðarframleiðslunnar hélt áfram fram eftir öldinni þar sem innflutningshöft og miðstýrð verðlagning urðu áberandi þættir í umhverfi hefðbundins landbúnaðar. Með setningu laga um framleiðsluráð landbúnaðarins komst skipulag verðlagsmála á búvörum í fast horf. Framleiðsluráð var skipað fulltrúum bænda og afurðasölufyrirtækja. Verkefni þess voru m.a. að fylgjast með framleiðslu, sölu og vinnslu landbúnaðarvara, að stuðla að aukinni landbúnaðarframleiðslu og að auka framleiðni landbúnaðarins[40]. Meginforsenda verðlagningar framleiðsluráðs var að tryggja bændum svipaðar tekjur og aðrar stéttir höfðu auk þess að tryggja nægt framboð[41] (Björn S. Stefánsson, 1986; Vigdís Jónsdóttir, 1992).

Í lok ársins 1959 var tekið upp kerfi útflutningsbóta. Í stuttu máli gekk útflutningsbótakerfið út á það að landbúnaðarframleiðsla umfram þarfir landsmanna sjálfra var flutt úr landi og naut bóta sem máttu nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarafurða. Á áttunda og níunda áratugnum reyndi mjög á þetta kerfi. Framleiðsla kindakjöts minnkaði ekki í takt við minni neyslu

[40] Framleiðsluráð ákvað heildsöluverð nautgripa- og sauðfjárafurða á grundvelli ákvarðanna svonefndrar sexmannanefndar. Í henni áttu sæti þrír fulltrúar bænda ásamt fulltrúum Alþýðusambands Íslands, Sjómannafélags Reykjavíkur og Landssambands iðnaðarmanna.

[41] Þetta ákvæði leiddi til þess að sauðfjárbændur gátu framleitt eins mikið og þeir gátu og fengu öruggt verð fyrir framleiðsluna óháð því hvort hægt væri að selja hana eða ekki.

innanlands[42]. Á sama tíma var mikil verðbólga hér á landi og markaðssaðstæður erlendis breyttust. Þar með lækkaði verðið sem fékkst fyrir framleiðsluna erlendis, og undir lok níunda áratugarins „…skilaði það að meðaltali ekki einu sinni slátur- og heildsölukostnaði." (Örn, Bændasamtökunum).

Að mati viðmælenda minna var útflutningsbótakerfið vendipunktur í þróun reglukerfis sauðfjárræktar og upphaf ómældra vandræða fyrir greinina og þau sem hana stunduðu. Allir viðmælenda minna eru harðorðir í garð þessa kerfis sem átti að virka sem stuðningstæki en snerist í höndum þeirra sem stjórnuðu því upp í andhverfu sína:

> *Þetta voru náttúrlega alveg fáránlegar reglur sem giltu, það var enginn hvati fyrir útflytjandann að afla arðbærra markaða… þeir fluttu út, þeir fengu tiltekið verð, það sem bar í milli borgaði ríkið (Örn, Bændasamtökunum).*

Arnar, Landssambandi sauðfjárbænda, talaði um að útflutningsbæturnar hefðu verið það neikvæðasta sem hefði gerst í sauðfjárrækt á landinu. Það væri erfitt að kyngja því að búið væri að „…eyða 30 milljörðum í útflutningsbætur á kjöti og það stóð ekki eftir markaður fyrir eitt einasta kíló þegar því var hætt". Á árunum 1978 - 1979 var orðið ljóst að forsendur útflutningsbóta voru brostnar og ákvæði um framleiðslustýringu voru loks tekin upp með breytingu á framleiðsluráðslögunum árið 1979[43]. Framleiðsluráðslögin voru síðan afnumin árið 1985 og svokölluð Búvörulög voru sett í stað þeirra. Verð búvara var enn miðstýrt en helsta breytingin fyrir bændur var sú að Landbúnaðarráðuneytið og Stéttarsamband bænda gerðu samning sem tryggði framleiðendum fullt verð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, svokallaðan fullvirðisrétt. Útflutningsbætur voru um leið lækkaðar stig af stigi og var markmiðið að þær yrðu 4% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 1990. Það fjármagn sem losnaði þar um var nýtt til að efla nýsköpun til sveita. Framleiðendur voru þó enn sambandslausir við neytendur (Karl Benediktsson, 2001; Vigdís Jónsdóttir, 1992).

---

[42] Árið 1978 var framleiðsla á kindakjöti til að mynda 50% umfram sölu innanlands (Vigdís Jónsdóttir, 1992).
[43] Það er rétt að undirstrika að útflutningsbótakerfið í sjálfu sér skapaði ekki vanda bændafólks. Framkvæmd kerfisins hér á landi, sem stjórnvöld báru ábyrgð á, ásamt óðaverðbólgu innanlands og breyttra markaðssaðstæðna erlendis réðu úrslitum.

Að lokum var hvorki samfélagslegur né pólitískur vilji til að halda útflutningsbótakerfinu við lýði. Tilraunir til framleiðslustýringar báru ekki þann árangur sem til var ætlast. Árið 1991, í tengslum við svokallaða þjóðarsáttarsamninga á almennum vinnumarkaði, var gerður sauðfjársamningur sem hafði miklar breytingar á umhverfi sauðfjárræktar í för með sér. Útflutningsbætur voru afnumdar og niðurgreiðslum sem áður runnu til afurðastöðva var breytt í svokallaðar beingreiðslur. Það þýddi að bændur fengu beinar greiðslur frá ríkinu fyrir það magn kindakjöts sem áætlað var að seldist á innanlandsmarkaði. Á sama tíma lagði ríkið fram fjármagn til að kaupa framleiðslurétt af bændum til að fækka framleiðendum (Guðmundur Stefánsson, 1998; Sjömannanefnd, 1991).

> *Og bændur auðvitað gerðu þetta til þess að halda friðinn. Þeir voru komnir í þá stöðu að verða að beygja sig í duftið í raun og veru, það má líta á þetta sem einskonar nauðungarsamning (Örn, Bændasamtökunum).*

Þessi samningur hafði mikinn framleiðsluniðurskurð í för með sér. Niðurskurðurinn var ekki byggðastýrður, heldur féll jafnt á alla framleiðendur. Útflutningur gaf ekkert í aðra hönd og framleiðsla sem féll utan greiðslumarks var verðlítil. Bændur sátu eftir með mun minni framleiðslu, sama fastakostnað og þar af leiðandi mun lægri laun.

Með búvörusamningnum árið 1991 var rekinn endahnútur á aðgerðir sem hófust með setningu Búvörulaganna 1985 þegar loks var tekið á uppsöfnuðum vanda greinarinnar af alvöru. Viðmælendur mínir rifja upp að á níunda áratugnum hafi hefðbundinn landbúnaður þurft að þola mjög harkalega og jafnvel rætna gagnrýni. Bændum var lýst sem afætum og jafnvel aumingjum. Viðmælendur mínir sögðu þetta viðhorf hafa komið illa við marga bændur og sumir hafi hreinlega skammast sín fyrir að vera bændur. Reglukerfi landbúnaðarins var orðið svartur blettur á greininni og samfélagið krafðist yfirbótar af hálfu bændastéttarinnar. Yfirbót eða syndaaflausn í formi stórfellds niðurskurðar hefur haft margvísleg áhrif. Sumir hættu, en aðrir, kannski of margir, hafa haldið áfram búskap. Sauðfjárbúskapur er enn stundaður innan

ramma fastmótaðs reglukerfis sem veitir sauðfjárbændum takmarkað svigrúm til að takast á við aðstæður sínar.

REKSTRARUMHVERFIÐ – ATVINNUGREIN Í HAFTI

Búvörusamningurinn árið 1991 færði sauðfjárbændur nær hinum almenna matvörumarkaði (Guðmundur Stefánsson, 1998). Þessi samningur var endurskoðaður árið 1995 og svo aftur árið 2000 þar sem breytingar voru gerðar sem miðuðu að ná enn frekara jafnvægi í sauðfjárframleiðslu. Grundvallaratriði samningsins frá 1991 hafa þó haldist óbreytt, þ.e. kerfi beingreiðslna frá ríki til bænda.

Beingreiðslur eru beinar styrkgreiðslur frá ríki til bænda[44]. Þær byggjast á greiðslumarki sem er bundið lögbýlum. Greiðslumark í sauðfjárrækt er það framleiðslumagn sem ríkið hefur samþykkt að styrkja. Greiðslumark er þannig kvóti á stuðning ríkisins. Í upphafi var verslun með greiðslumark frjáls en eftir gerð samningsins 1995 hefur flutningur þess á milli rekstraraðila verið háður ströngum skilyrðum (Landbúnaðarráðuneytið, 2000). Beingreiðslurnar hafa til skamms tíma ekki verið tengdar framleiðslu hvers bónda. Í síðasta samningi er kveðið á um að þeir framleiðendur sem ganga inn í svokallað gæðastýringarverkefni fái stighækkandi beingreiðslur á kostnað annarra framleiðenda með það fyrir augum að þeir sem framleiða besta kjötið fái umbun erfiðis síns. Engin takmörk eru á framleiðslumagni en magn beingreiðslnanna setur framleiðslunni skorður, þar sem það borgar sig sjaldnast að framleiða án þeirra.

Enn er stundaður útflutningur og Örn (Bændasamtökunum) og Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) leggja báðir áherslu á betri árangur en á tímum útflutningsbóta, enda er magnið mun minna nú. Verðið sem fæst fyrir útflutning er þó töluvert lægra en á innanlandsmarkaði. Útflutningi er þannig háttað að á hverju ári er ákveðið útflutningshlutfall af heildarframleiðslunni. Haustið 2002 er

[44] Rétt er að taka fram að beingreiðsluþegar hjá ríkinu eru fleiri en bændur. Læknar starfa til dæmis við mjög svipað kerfi í sjálfu sér þó að þeir séu sjaldnast eyrnamerktir sem beingreiðsluþegar.

það 25% sem þýðir að sauðfjárbændur fá greitt útflutningsverð fyrir fjórðung af framleiðslu sinni (Landbúnaðarráðuneytið, 2002). Það eru skiptar skoðanir um ágæti þessa kerfis meðal viðmælenda minna. Snorri talar um að þetta sé eftirgjöf á innanlandsmarkaði, aðrir benda á að það þurfi að efla markaðsstarf erlendis enn meira þó að einnig sé ljóst að greinin getur ekki staðið undir miklum útflutningi þar sem framleiðslugeta hennar er takmörkunum háð.

Að mati viðmælenda minna hefur framleiðslukerfið verið mjög lokað síðustu ár. Bændur hafa átt mjög erfitt um vik að auka framleiðslu sína. Í samningnum árið 2000 var kveðið á um að ríkið keypti upp 45.000 tonna greiðslumark og að stefnt skyldi að frjálsri sölu greiðslumarks eftir að markmið ríkisins um uppkaup hefðu náðst og eigi síðar en janúar 2004. Markmið um uppkaup mun að öllum líkindum nást um áramótin 2002-2003, en nú hefur verið ákveðið að leyfa ekki frjálsa sölu greiðslumarks fyrr en í janúar 2004.

Viðmælendur mínir höfðu skiptar skoðanir á kostum frjálsrar verslunar með greiðslumark og bentu til að mynda á þróunina í mjólkurframleiðslu þar sem þeir sögðu kvótaverð hafa rokið upp úr öllu valdi. Þeir töldu óvíst að greinin gæti staðið undir kaupum á framleiðslukvóta[45]. Snorri, Landbúnaðarráðuneytinu, sagði til dæmis að „…það gæti aldrei orðið hagkvæmt að byggja hús og rækta tún ofan í kaup á greiðslumarki…". Aðrir settu einnig spurningamerki við hvort það væri siðferðilega réttlætanlegt og raunveruleg framtíðarlausn að heimila verslun með „ríkisstyrki" og að bændur keyptu sér opinberan stuðning. Það er þó augljóst að þegar sala á greiðslumarki verður gefin frjáls losnar um greinina. Fólk fær svigrúm til að stækka við sig en það getur einnig haft félagslegar og tilfinningalegar afleiðingar eins og Eiríkur Ingvarsson, Landbúnaðarháskólanum, lýsir:

> *Í raun og veru þannig að um leið og þú með nýjum hugmyndum og nýjum verkefnum ert að skapa þér forskot þá ertu í raun og veru að troða annan niður þannig að þú færð…þetta félagslega sko andstreymi…við að þú reynir*

[45] Í þessu samhengi má benda á að margt bendir til þess að þar sem kostir til hefðbundins landbúnaðar eru ráðandi þættir í verðgildi jarða hefur frjálst framsal greiðslumarks haft þau áhrif að lækka verðmæti véla, ræktunar og húsa. Með öðrum orðum, ef það eru ekki aðrir þættir í umhverfinu sem hækka verð bújarða, þá rýrnar hlutfallslegt verðmæti framleiðslutækjanna á kostnað greiðslumarksins.

að spjara þig, þá drepurðu nágrannann…maður verður mjög var við það að sérstaklega meðal eldra fólks þá er svona er þessi, þessi tvíhyggja soldið svona erfið.

Sú samþjöppun sem óneitanlega verður skapar einnig önnur vandamál. Sauðfjárrækt er megin atvinnuvegur sumra af dreifðustu byggðum landsins. Nú þegar hefur orðið mikil „grisjun" í sveitum „…þannig að þó menn séu að tala um að búin séu að stækka þá er á mörgum slíkum stöðum mjög bagalegt ef þeim fækkar mikið, því þá eru byggðirnar komnar að hruni" (Örn, Bænda-samtökunum). Vandi sauðfjárræktar er því í aðra röndina vandi sauðfjárræktarbyggðanna. Það er ákveðinn lágmarksfjöldi fólks sem þarf til að standa undir byggðum og „…ef það slokknar eitt ljós í sveitinni þá erum við að skapa önnur vandamál líka" (Snorri, Landbúnaðarráðuneytinu).

Sauðfjárrækt er á milli tveggja elda. Með því að losa um atvinnugreinina, gera greiðslumarkið hreyfanlegt og fikra sig í átt að markaðsvæðingu er verið að veikja búsetugrunn margra svæða. Margt bendir til þess að það reglukerfi sem atvinnugreininni hefur verið búið sé í raun angi af byggðastefnu stjórnvalda. Hefðbundinn landbúnaður og sauðfjárrækt sérstaklega, virðist hafa verið settur til hliðar og notaður til að tryggja byggð á strjálbýlum svæðum landsins.

SAUÐFJÁRRÆKT SEM BYGGÐAMEÐAL

Landbúnaðurinn [nautgriparækt og sauðfjárrækt] er búinn að vera dáldið hornreka í íslensku þjóðlífi…hann er ekki einu sinni stærð í dæminu [efnahagslífinu] en menn átta sig kannski ekki á því að hvað hann er samt mikilvægur af því að hann er þó beinagrindin í byggðinni (Þorsteinn Guðmundsson, ráðunautur).

Orð Þorsteins draga vel fram samfélagslegt mikilvægi sauðfjárræktar þó atvinnugreinin sé ekki stór hluti í hagkerfi þjóðarinnar.

BEINGREIÐSLUR – BYGGÐASTYRKIR EÐA STUÐNINGUR VIÐ FRAMLEIÐSLU?

Viðmælendur mínir hafa skiptar skoðanir um hvort og hvernig megi líta á beingreiðslur sem annars vegar framleiðslustyrki og hins vegar byggðastyrki. Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) talaði um að eftir að beingreiðslurnar voru

teknar upp hafi styrkir til landbúnaðar meiri svip byggðastyrkja. Að hans mati er það meginástæða þess að þjóðin sætti sig við að láta svo mikið fjármagn sem raun ber vitni í þennan málaflokk. Eiríkur (Landbúnaðarháskólanum) hefur svipaða sýn á málið. Hann telur að megin rót vandans sem sauðfárrækt glímir við í dag sé að framleiðslutakmarkanir voru ekki byggðastýrðar frá upphafi. Stjórnmálamenn hafa ekki treyst sér til að stýra niðurskurði í sauðfjárrækt og það hefur þýtt flatan niðurskurð sem hefur veikt stöðu greinarinnar allrar. Hann tók skýrt fram að það væri ekki hægt að ætlast til að bændur eða Bændasamtökin hefðu frumkvæði að byggðastýringu þar sem þetta væri ekki stéttarmál í sjálfu sér heldur byggðamál. Í hans huga eru beingreiðslur fyrst og fremst greiðslur til samfélagsins til styrkingar ákveðnum byggðum.

Arnar (Landssambandi sauðfjárbænda) sagði að eins mætti líta á beingreiðslur sem stuðning við neytendur. Byggðasjónarmiðin skipta þó einnig máli og hann sagði:

> *En auðvitað styður þetta byggðirnar líka og ég býst við að á þeirri forsendu hafi okkur [sauðfjárbændum] tekist að ná því fjármagni inn í sauðfjársamning núna síðastliðinn vetur, sem raun varð á… með því að höfða til byggðasjónarmiða.*

Forsenda ríkisins fyrir beingreiðslum til bænda virðist því að mörgu leyti vera byggðarök. Sauðfjárrækt hefur verið beintengd byggðastefnu stjórnvalda. Þegar sala á greiðslumarki verður frjáls er því hægt að kaupa styrki sem eru að einhverju leyti byggðastuðningur og færa þá til og frá einstökum byggðum. Þar af leiðandi virðist forsenda fyrir því að tengja sauðfjárrækt og byggðastuðning vera brostin. Mjög líklegt er að bú á ákveðnum svæðum stækki og þar af leiðandi færast beingreiðslurnar til færri og stærri framleiðanda. En hvaða leiðir er þá hægt að fara til að losa sauðfjárrækt úr þeirri klemmu sem hún er í, þar sem hún á annars vegar að lúta lögmálum markaðarins og hins vegar að þjóna sem byggðameðal?

ÞRJÁR LEIÐIR TIL FRAMTÍÐAR

Í máli viðmælenda minna komu fram þrjár mögulegar leiðir til að leysa þá klemmu sem sauðfjárrækt og byggðastefna virðast vera í. Það er að taka upp byggðastyrki, byggðastýrða framleiðslustyrki eða markaðstengingu með framleiðslustyrkjum.

Umræða um byggðastyrki án tengsla við einstakar atvinnugreinar er að gerast háværari innan stjórnkerfisins. Snorri (Landbúnaðarráðuneytinu) talaði um að það biði landbúnaðarins að fara í gegnum umræðu um endurskilgreiningu á atvinnugreininni í heild sinni. Í þessu sambandi er vísað til fjölbreytts hlutverks landbúnaðarins. Það vísar til þess að landbúnaður er annað og meira en frumframleiðsla matvæla. Hann hefur menningar-, sögu- og félagslegt gildi. Út frá þessu er erfitt að taka einhverjar sérstakar atvinnugreinar til hliðar og styrkja sérstaklega. Sigurður nefnir til dæmis að það er ekkert í sjálfu sér sem segir að það ætti frekar að styrkja kindakjötsframleiðslu en aðra framleiðslu. Afurðirnar eru ekki sérstakar í sjálfu sér. Því ætti að velta fyrir sér hvort ekki sé rétt að styrkja fólk til búsetu án tillits til hvað það tekur sér fyrir hendur. Svipaðar hugmyndir hafa komið fram í skýrslum Byggðastofnunar (sjá t.d. Byggðastofnun, 1999) þar sem bent hefur verið á möguleika á skattaívilnunum og afskriftum námslána fyrir íbúa ákveðinna svæða.

Byggðastýring framleiðslustyrkja gengur ekki eins langt að því leyti að beingreiðslur (eða framleiðslustyrkir í annarri mynd) myndu enn vera notaðar til byggðastuðnings. Þá fengju framleiðendur hins vegar misháar greiðslur eftir búsetu. Það er ljóst að samtök bænda gætu ekki tekið undir þessa leið. Pólitísk sátt yrði ekki um að gera upp á milli félagsfólks með þessum hætti. Það sama á við fulla markaðstengingu greinarinnar sem myndi í raun þýða að stór hluti sauðfjárræktar yrði lagður niður.

Af viðmælendum mínum hallaðist Arnar (LS) helst að þeirri leið:

> *Það gengur ekkert upp ef við ætlum að reka sauðfjárrækt sem einhvern félagspakka sko…við verðum að reka þetta á arðssemissjónarmiðum þar sem við lifum ekkert af félagslega þættinum.*

Að hans mati verður að koma sauðfjárrækt út úr byggðakerfinu og inn í markaðshagkerfið ef það á að takast að efla hana sem atvinnugrein. Þrátt fyrir markaðsvæðingu greinarinnar er ljóst að hún mun þurfa framleiðslustyrki nema neytendur séu tilbúnir að borga mun hærra verð fyrir afurðirnar. Sauðkindin er ekki hagkvæmur kjötframleiðandi miðað við til dæmis svín og mun ávallt eiga undir högg að sækja ef styrkja nýtur ekki við í einhverju formi. Arnar sér fyrir sér að bændur fái greiðslur í samræmi við magn og gæði framleiðslunnar. En hvað þá með byggðirnar?

Opinber byggðastefna stjórnvalda hefur verið rekin í gegnum Byggðastofnun. Löngum hefur starf hennar einkennst af „slökkviliðsaðgerðum" þar sem fyrirtæki í vanda hafa fengið fyrirgreiðslur og lán. Á tíunda áratugnum varð ákveðin stefnubreyting í starfsemi Byggðastofnunar og nýjar markaðsvænni áherslur voru teknar upp (Byggðastofnun, 1998, 1999). Þar er lögð höfuðáhersla á að efla frumkvæði og framtak heimafólks, „að hjálpa fólki þar [á landsbyggðinni] að hjálpa sér sjálft, *en ekki aðeins að taka við hlutunum frá öðrum* (skáletrun mín) (Byggðastofnun, 1999, bls. 25). Í skýrslum Byggðastofnunar koma ýmsar áhugaverðar hugmyndir fram, en hins vegar hefur skort á framkvæmdir og ýmislegt bendir til þess að stjórnvöld bíði þess að frumkvöðlar stígi á stokk og bjargi málunum. Byggðastofnun hefur ekki frekar en aðrir aðilar sem tengjast málinu nein úrræði fyrir þau sem myndu missa atvinnu sína ef sauðfjárrækt yrði markaðsvædd að fullu.

Ljóst er að það að nota sauðfjárrækt sem byggðameðal hefur ekki reynst vel fyrir atvinnugreinina sem slíka og jafnframt má spyrja hvort þessi tenging hafi reynst byggðunum vel. Að mati Eiríks (Landbúnaðarháskólanum) nægir sá byggðastuðningur sem hefur falist í beingreiðslunum ekki til að viðhalda veikustu byggðunum. Meira verður að koma til því að fólk mun ekki sætta sig við sambærileg kjör við þau sem beingreiðslur hafa þó tryggt bændum hingað til. Sauðfjárrækt þarf styrki ef vilji er fyrir hendi að halda framleiðslunni í svipuðu horfi og hún hefur verið undanfarin ár en byggðirnar þurfa einnig styrki til að verða lífvænlegri. Stjórnvöld standa frammi fyrir því að þurfa að ákveða hvort

stunda eigi sauðfárrækt sem atvinnugrein sem lýtur lögmálum markaðarins eða hvort styrkja eigi þá sem hana stunda til að halda dreifbýli í byggð. Það pólitíska hálfkák sem einkennir stöðuna í dag getur ekki verið til góðs, þar sem sauðfjárrækt á í öðru orðinu að keppa á markaði og í hinu að þjóna sem megin stoð byggðar í sveitum. Það er auglýst eftir raunverulegri byggðastefnu af hálfu stjórnvalda, sem birtist ekki aðeins í orði heldur einnig á borði „…því að hin raunverulega byggðastefna í dag af hálfu stjórnvalda, hún er bara skipulegt undanhald því miður" (Eiríkur, Landbúnaðarháskólanum).

SAMANTEKT

Sauðfjárbændur hafa sinnt atvinnu sinni innan fastmótaðs reglukerfis. Lífsafkoma fólks hefur verið algjörlega háð reglum kerfisins og þróun þeirra. Þetta kerfi hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Fram til 1979 og jafnvel lengur var í rauninni hvatt til framleiðslu sauðfjárafurða. Höfuðáhersla var lögð á aukna framleiðni landbúnaðarins þrátt fyrir að þörfum landsmanna væri fullnægt. Reglukerfið sem var smíðað utan um sauðfjárrækt er dæmi um módernískt stjórntæki sem varð á endanum óhæft til að takast á við breyttar aðstæður.

Það má þó segja að kerfið hafi ekki brugðist í sjálfu sér enda hafa útflutningsbótakerfi lengi verið við lýði. Það fjaraði hins vegar undan forsendum kerfisins með breyttum markaðsaðstæðum erlendis, óðaverðbólgu innanlands og breytingum á neysluvenjum hér á landi. Þau sem báru ábyrgð á framkvæmd þess, þ.e. stjórnmálamenn og fulltrúar bænda náðu ekki að bregðast við þessum breytingum fyrr en allt of seint ef til vill vegna þess hversu fastmótað kerfið var. Síðan 1979 hefur tíminn að miklu leyti farið í það að vinda ofan af atvinnugreininni og ná stjórn á framleiðslunni. Sauðfjárbændur tóku á sig mikinn tekjusamdrátt með samþykkt Búvörusamningsins 1991 þegar stjórnkerfi greinarinnar var stokkað rækilega upp. Nú eru engar framleiðslutakmarkanir en hins vegar eru takmörk fyrir beingreiðslum ríkisins til bænda.

Einn megin vandi sauðfjárræktar er að atvinnugreinin hefur verið sett í mótsagnakennda aðstöðu. Annars vegar er gerð krafa um markaðsvæðingu

greinarinnar en hins vegar er sauðfjárbændum ætlað að halda uppi byggð í dreifbýli landsins. Reglukerfið hefur á margan hátt heft bjargráð sauðfjárbænda og haldið atvinnugreininni í hálfgerðri gíslingu á byggðapólitískum forsendum. Blikur eru á lofti um áframhaldandi tengingu atvinnugreinarinnar við byggðastefnu. Þegar frjálst framsal greiðslumarks verður leyft missir greinin að mestu gildi sitt sem byggðameðal. Ef það er hins vegar ekki gert er hætt við því að greinin staðni enn frekar eða grotni niður þar sem mjög erfitt er að auka framleiðslu og styrkja þannig innviði vel rekinna búa. Stjórnvöld standa þannig frammi fyrir því að sleppa haldinu af sauðfjárrækt og hefja raunverulega byggðastefnu eða taka ákvörðun um að halda sauðfjárrækt inni í byggðastefnu sinni með einhverjum hætti.

Hér hefur verið gerð grein fyrir því umhverfi sem sauðfjárbændur á landinu vinna í. Það er óhjákvæmilegt að skoða sögu reglukerfisins til að skilja þær aðstæður sem fólk á landbúnaðarsvæðum og sauðfjárbændur sérstaklega hafa þurft að takast á við. Í næsta kafla verður gerð grein fyrir aðstæðum fólks í Fljótsdal.

KAFLI 9 AÐSTÆÐUR FÓLKS Í FLJÓTSDAL

Í þessum kafla byrja ég að fjalla um þær breytingar sem átt hafa sér stað í samfélagslegu umhverfi íbúa í Fljótsdal. Því næst er gerð grein fyrir upplifun bændafólks á stöðu sinni og fjallað bæði um hagrænar aðstæður í tengslum við sauðfjárbúskap og aðra samfélagslega þætti. Að lokum er fjallað um hvernig fólk hefur tekist á við þessar breytingar, hvernig það hefur skapað sér búsetugrundvöll á svæðinu og hvaða bjargráð fólk hefur nýtt sér. Viðmælendur mínir eru allir núverandi eða fyrrverandi bændur nema annað sé tekið fram.

◊◊◊

BREYTTAR AÐSTÆÐUR

Þær breytingar sem hafa orðið á umhverfi íbúa í Fljótsdal eru samofnar almennum erfiðleikum í hefðbundnum landbúnaði. Hefðbundinn landbúnaður hefur verið megin atvinnugrein Fljótsdælinga. Árið 2000 lagði síðasta nautgripabúið upp laupanna og er nú fyrst og fremst búið með sauðfé á svæðinu. Nokkuð er þó um aukabúgreinar. Hrossabúskapur er stundaður á nokkrum bæjum, eitt minkabú er í dalnum og á einum bæ er verið að gera tilraun með býflugnaræktun.

Í kringum 1980 þegar framleiðslustýring í sauðfjárrækt var að hefjast var búið á nánast hverjum bæ í sveitinni og fjöldi fjár var mun meiri en nú. Indriði Valdimarsson er bóndi á sextugsaldri og hefur stundað búskap í Fljótsdal síðan á áttunda áratugnum. Hann rifjar upp að um 1982 hafi bæir byrjað að fara í eyði. Hann segir ýmsar ástæður hafa legið þar að baki. Jarðir á svæðinu eru frekar litlar og þegar þrengdist að sauðfjárrækt varð erfiðara að framfleyta sér á lökustu jörðunum. Í þó nokkrum tilfellum var enginn til að taka við búskap á jörðum þegar eldri bændur létu af störfum og bújörðum fækkaði umtalsvert við síðustu kynslóðaskipti. Einn megin áhrifavaldur á sauðfjárbúskap í dalnum, ásamt

versnandi markaðsaðstæðum, var hins vegar riðuveiki og óumflýjanlegur niðurskurður vegna hennar.

Riðuveikin hafði mikil áhrif á líf fólks á Fljótsdalshéraði. Á níunda áratugnum var skorið niður á nokkrum bæjum á svæðinu. Veikin virtist vera landlæg og árið 1989 var gripið til þess ráðs að skera niður allt fé á milli Lagarfljóts og Jökulsár á Dal. Ragnar Ingólfsson og Anna Traustadóttir eru hjón á fimmtugsaldri og hafa stundað búskap á svæðinu frá því fyrir 1980. Þau hafa tvisvar þurft að láta skera niður vegna riðuveiki og segja þau hana hafa farið einna verst með landbúnað á svæðinu. Aðrir viðmælendur mínir taka í sama streng og benda á að riðan hafi gert þeim sem eftir eru erfiðara fyrir. Sameiginleg notkun véla hefur verið takmörkunum háð vegna smithættu og erfitt hefur reynst að koma heyi í verð frá bæjum þar sem skorið hefur verið niður.

Fólk lýsir þróuninni síðan 1980 sem neikvæðri, íbúum fækkar og grundvöllur fyrir búsetu á svæðinu veikist. Tekjur hafa dregist saman og fólk er þreytt á þeim mótbyr sem það hefur lent í. Sigríður Gunnarsdóttir lýsir búskapnum sem stöðugu „basli" og Anna segir:

> *Við erum búin að bíða hérna í 10 ár að það fari nú eitthvað að gerast og það fer alltaf frekar niður, alltaf minni tekjur.*

Þrátt fyrir að það hafi hægt á fólksfækkun síðustu ár sér fólk ekki endilega fram á bjartari tíma. Kristinn Lárusson er eiginmaður Sigríðar. Þau eru í hópi yngri bænda á svæðinu, rétt um fertugt, og tóku við af foreldrum hennar fyrir um 15 árum. Kristinn lýsir sýn sinni á framhaldið:

> *Ég sé allavega ekki það að þetta verði neinn viðsnúningur í þessu, ég hugsa að það haldi áfram að fækka og það verði bara erfiðara fyrir þá sem eftir verða.*

Annar yngri bóndi, Þorsteinn Arnarsson, tekur undir það og bendir á að algengt hafi verið að bændur „lógi niður" og selji kvótann. Jörðin fer þá annaðhvort í eyði eða fólk býr áfram á þeim án þess að hafa fé og um leið fer starfandi sauðfjárbúum fækkandi. Þá þyngist vinnan fyrir þá sem eftir eru jafnvel þó þeir geti eitthvað stækkað við sig. Sameiginleg vinna eins og göngur og réttir verður

erfiðari og eins eru takmörk fyrir því hvað fólk kemst yfir að hafa margt fé áður en þarf að kaupa utanaðkomandi vinnuafl.

Hér hefur stuttlega verið rakin saga breytinga í landbúnaði í Fljótsdal. Hún markast af almennum þrengingum í sauðfjárrækt á landinu og miklum áhrifum riðuniðurskurðar. Aðstæður fólks í dag eru að miklu leyti afleiðing þessara breytinga.

STAÐAN Í DAG

Í viðtölum við bændafólk í Fljótsdal kom fram að það upplifir stöðu sína sem erfiða og jafnvel slæma. Fólk er hins vegar líka meðvitað um kosti þess að búa í dreifbýli og lítur ekki sérstaklega á sig sem fórnarlömb. Umfjöllunin hér á eftir er tvískipt. Annars vegar er fjallað um hagræna hlið mála í tengslum við sauðfjárrækt en hins vegar er stuttlega gerð grein fyrir öðrum samfélagslegum þáttum í Fljótsdal.

HAGRÆN STAÐA

Meginvandamál sauðfjárræktar í Fljótsdal er að búin skila ekki nægilegum tekjum. Á langflestum jörðum getur fólk ekki haft landbúnað sem lifibrauð. Ragnar segir það vonlaust að lifa eingöngu af sauðfjárrækt nema þá að hafa stærri bú en nú eru í dalnum. Það eru þá helst eldri bændur sem eiga orðið byggingar og vélar skuldlausar og þurfa ekki að fjárfesta. Aðrir bændur tóku í sama streng. Indriði segir í þessu sambandi:

> *[Sauðfjárræktin] hún stendur ekki undir neinum fjárfestingum eða neinu... Maður getur ekki gert neitt. Að laga girðingu það getur verið meiriháttar mál.... Allt sem þú gerir það þarf að afla fjár einhvernveginn í það.*

Sumir bændurnir nefndu að mikill rekstrarkostnaður spilaði líka inn í erfiða stöðu sauðfjárbúa. Veltuhraði sauðfjárbýla er lítill og húsa- og vélakostnaður er hár. Eins og komið hefur fram er samnýting véla takmörkunum háð þrátt fyrir að áhugi sé á því meðal margra bænda. Þar er bæði um að ræða smithættu á riðu en ekki síður náttúrufar. Samnýting myndi fyrst og fremst snúa að heyvinnuvélum og hugsanlega dráttarvélum en oft og tíðum þurfa margir aðilar

að nýta vélarnar á sama tíma sem þýðir óumflýjanlega hagsmunaárekstra á milli fólks[46].

Á þeim tíma sem ég tók viðtöl við bændafólk (sumar og haust 2001) hafði enn hrikt í stoðum sauðfjárræktar. Vegna erfiðleika í rekstri Goða, fyrirtækisins sem átti sláturhúsið á Fossvöllum sem bændurnir sem ég talaði við nýttu sér, var lengi vel óljóst hvort og hvernig sauðfjárbændur á svæðinu gætu slátrað[47]. Næstu afurðastöðvar sem voru óháðar Goða eru á Húsavík í norðri og Selfossi í suðri[48]. Að lokum leystist úr þessum vanda og þeir bændur sem ekki höfðu þegar samið við aðra sláturleyfishafa gátu slátrað á Fossvöllum. Í máli bænda á svæðinu komu fram áhyggjur varðandi framhald slátrunar á svæðinu, þrátt fyrir að það tækist að bjarga henni fyrir horn haustið 2001. Sláturhúsið á Fossvöllum er gamalt og lítið og án útflutningsleyfis. Aðrir sláturleyfishafar buðu bændum hagstætt verð fyrir sláturfé þrátt fyrir langar flutningsleiðir en hins vegar er engin trygging fyrir því að það verð hækki ekki úr hófi þegar samkeppni frá Fossvöllum er úr sögunni. Á hinn bóginn er ljóst að það er mjög kostnaðarsamt að ráðast í endurbætur eða nýbyggingu á Fossvöllum og má setja spurningamerki við hvort að það beri sig miðað við núverandi fjárfjölda á svæðinu og nýtingu annarra sláturhúsa á landinu.

Útlitið í sauðfjárrækt á svæðinu er því ekki sérlega bjart. Eftirfarandi orð Ragnars endurspegla stöðu mála vel:

> *Þeir sem eru í þessum búskap í dag, þeir eru í þessu nánast fyrir hugsjón held ég, fyrir að þeir hafi gaman af þessu.*

Fleiri bændur taka undir orð Ragnars og segja búsakap með sauðfé nálgast það að flokkast undir lífsstíl. Fólk þarf enda að koma sér upp ákveðnum lífsstíl til að geta búið og gæta þess „að sníða sér stakk eftir vexti" (Þórunn Óskarsdóttir).

---

[46] Sumir bændur sem ég ræddi við sögðu þó að hugarfar fólks þyrfti að breytast til að samnýting véla gæti orðið meiri en nú væri. Bændur þyrftu að temja sér önnur vinnubrögð og það væri eitthvað sem margir gætu ekki sætt sig við.

[47] Goði er í raun gjaldþrota þó að ekki sé enn formlega búið að ganga frá þeim málum. Eins og er þá er fyrirtækið í ferli nauðasamninga við kröfuhafa.

[48] Reyndar eru einnig sauðfjársláturhús á Vopnafirði og á Breiðdalsvík en þau eru bæði lítil og án útflutningsleyfis og eru því ekki raunhæfur kostur fyrir flesta bændur á Héraði. Nú er einnig nýtt fyrirtæki tekið við rekstri sláturhússins á Höfn af Goða og er það með útflutningsleyfi.

Hagrænar forsendur fyrir rekstri sauðfjárbúa í Fljótsdal virðast að mörgu leyti brostnar. Það er varla að bú reki sig og þau standa sjaldnast undir nauðsynlegu viðhaldi og fjárfestingum. Fólk þarf að halda vel á spöðunum til að geta rekið bú sín og koma sér upp nægjusömum lífsstíl. Að vissu leyti virðist sauðfjárrækt vera að missa vægi sitt sem aðalatvinnugrein svæðisins. Aðrir samfélagslegir þættir fléttast inn í aðstæður bændafólks í Fljótsdal sem vert er að gera grein fyrir.

FÉLAGS- OG MENNINGARLEG STAÐA

Eins og fram hefur komið, hefur íbúum í Fljótsdal fækkað síðustu ár. Fljótsdalshreppur er enn sem komið er sjálfstætt sveitarfélag, með 83 íbúa skráða með lögheimili þar 1. desember 2001. Fólksfækkun ásamt almennum samfélagslegum breytingum hefur haft margvísleg áhrif á svæðinu.

Í viðtölum við bændafólk kom fram að fámennið hefur töluverða ókosti hvað varðar borgaralegar skyldur íbúa sveitarfélagsins. Þó að það færist enginn undan því að gegna þeim þá er fólk misvirkt þannig að oft vilja störfin lenda á þeim sömu sem fá svo á endanum nóg. Nálægðin gerir fólki líka erfitt fyrir. Þorsteinn lýsir því:

> *Ef það á að fjalla um einhver mál sem varða íbúana þá er annar hver maður vanhæfur og þetta eru vinir og nágrannar og allt svoleiðis og þetta er náttúrlega orðið mjög erfitt þannig sko, á allan hátt.*

Sumir eru í mörgum nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins og að vissu leyti hefur þetta dregið úr annarri félagastarfssemi. Kristín Jónsdóttir og Jóhann Brandsson eru hjón á fertugsaldri sem hafa stundað búskap í um 15 ár í dalnum. Þau benda á að hefðbundinn félagsskapur eigi erfitt uppdráttar. Starf kvenfélagsins hefur að miklu leyti legið niðri og lítil starfssemi er í búnaðarfélagi og fjárræktarfélagi svæðisins[49]. Fólk er einfaldlega komið með nóg á sína könnu vegna nauðsynlegra skyldustarfa.

[49] Kristín segir að kannski sé ekki lengur mórall fyrir "hefðbundum" félagsskap eins og kvenfélögin hafa orð á sér fyrir að vera en saknar þess að ekki sé meiri grundvöllur fyrir félagsstarfi íbúa á svæðinu.

Almennar breytingar á félagslegu umhverfi hafa þó einnig sitt að segja. Mun meira framboð er á afþreyingu t.d. með tilkomu internetsins sem fólk í sveitum vafrar um rétt eins og þéttbýlisbúar. Áður sótti fólk mikla afþreyingu til hvors annars, innan sveitar. Nú hefur það breyst, fólk hefur minni samskipti innan sveitar en hittist kannski helst eins og Jóhann segir „...í Kaupfélaginu". Jóhann segir félagslífið hafa dalað mjög mikið og Þorsteinn tekur undir með honum. Hann bendir m.a. á að fólk sé mikið að vinna annarsstaðar og þegar það komi heim sé það búið að fullnægja félagslegum þörfum sínum, samgöngur séu mun betri en áður og félagsumhverfið sé þar af leiðandi stærra.

Erfiðleikar í sauðfjárrækt hafa verið nokkuð í almennri umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Viðmælendur mínir töldu flestir að ímynd sauðfjárræktar og landbúnaðar hefði batnað allra síðustu ár en væri þó enn ekki nægilega góð. Indriði segir að neytendur líti bændur skárri augum nú en fyrir nokkrum árum og betri pólitísk sátt virðist vera um landbúnaðinn. Kristín segist stundum verða vör við það að fólk skilji ekki afhverju einhver hafi áhuga á að búa í sveit, langt frá næsta þéttbýli. Henni finnst oft hafa verið gert niðurlægjandi grín af bændum og þeim lífsstíl að búa í sveit. Hún og Jóhann taka þó undir það að ímynd bænda hafi breyst til batnaðar á síðustu árum. Þau benda á að bændur hafi nú betri tækifæri til að mennta sig og einnig séu margir að átta sig á því að hægt sé að búa í sveit án þess að hafa búskap. Nú sé allskonar fólk að sækjast eftir kostum sveitalífsins.

Í viðtölum við bændur kom fram að breytingar og aðstæður í sauðfjárrækt hafa tekið á fólk. Það er erfitt að „basla" og halda reisn sinni óskertri. Stundum má finna fyrir vanmáttarkennd gagnvart því reglukerfi sem smíðað hefur verið utan um atvinnugreinina. Sumir upplifa sig sem þolendur og valdalausa gagnvart kerfinu. Indriði segir að það sé nokkuð um það að bændur séu bitrir, bæði gagnvart reglukerfi stjórnvalda og þeim aðstæðum sem þeir upplifa sig í. Hann segir að þetta eigi sérstaklega við fólk sem kemur inní búskap fullt áhuga en lendir í basli vegna rekstrarerfiðleika. Baslið „smækkar" fólk og það sé napur raunveruleiki að svo erfitt sé fyrir ungt fólk að koma inn í greinina. Á sama tíma

eiga aðrir í erfiðleikum með að hætta. Ragnar og Anna segjast t.d. ekki hafa efni á því að flytja þó þau vildu. Þau myndu ekki fá neitt að ráði fyrir jörðina og húsin, ef til vill nóg til að leigja litla íbúð í Reykjavík.

Sauðfjárbúskapur og búseta í sveit hefur þó sína kosti. Út frá orðum viðmælenda minna er erfitt að halda því fram að þau séu bundin einhverskonar átthagafjötrum heldur vilja þau búa á svæðinu og eru tilbúin til að leggja töluvert á sig til að svo megi verða. Kristinn lýsir því ágætlega hvað hann sér við það að búa í sveit með sauðfé:

> *Ég held að það sé ekkert verra að vera hérna en að vera í svona bara einhverri vinnu utan bús... bara á lægsta kaupi. Maður er frjáls, maður er svona sinn herra og getur svona hagað sér dáldið eftir því… en auðvitað þarf maður að halda vel á spöðunum.*

Þó að hér hafi verið dregin upp nokkurs konar kyrralífsmynd af hagrænum og samfélagslegum aðstæðum fólks í Fljótsdal situr fólk ekki með hendur í skauti. Það tekst á við aðstæður sínar og breytingar sem gerendur á margvíslegan hátt. Hér á eftir er fjallað um nokkrar þeirra aðferða sem fólk nýtir til að geta búið þar sem það vill.

BJARGRÁÐIN STÓR OG SMÁ

Fólk í Fljótsdal beitir ýmsum aðferðum til að takast á við aðstæður sínar. Hér byrja ég á að fjalla um mismunandi bjargráð en geri síðan sérstaklega grein fyrir áberandi þætti í samfélaginu sem felst í virkjanaáformum norðan Vatnajökuls.

BJARGRÁÐ EINSTAKLINGA

Eins og áður hefur komið fram nægir sauðfjárbúskapur ekki til að ná endum saman nema í undantekningartilfellum. Langflestir vinna eitthvað utan heimilis og eru oft og tíðum í mörgum störfum. Störf fólks eru margvísleg, sumir sækja vinnu til Egilsstaða eða Hallormsstaðarskóla, aðrir sinna tímabundnum störfum við slátrun, rúning, smalamennsku, vegavinnu, skógarhögg og girðingarviðhald auk skógræktar á vegum Héraðsskóga. Einnig er nokkuð algengt að fólk hafi skapað sér aukatekjur á jörðum sínum, t.d. með ferðaþjónustu, aukabúgreinum

og þróun í sauðfjárrækt. Það virðist ekki vera mikill munur á konum eða körlum hvað þetta varðar. Konur eru þó frekar í föstum störfum utan heimilis sem ná yfir lengri tíma en karlar sinna störfum sem ná yfir styttri tímabil en eru þá meiri lotuvinna. Það er algengt að heimilistekjur fólks komi úr ýmsum áttum. Aðspurður hvernig gangi að samþætta mörg störf segir Þorsteinn:

> *Það er bara að láta allt draslast (bros). Það gengur náttúrlega ekki nógu vel í rauninni því að það bitnar alltaf á einhverju sko.*

Indriði tekur í sama streng og segir að of mörg aukastörf séu óásættanleg við sauðfjárbúskapinn. Það er yfirleitt hann sem rekur þá á reiðanum og að auki er mikið vinnuálag á fólki sem sé slítandi til lengdar. Þeim og fleirum þykir þetta ástand óskemmtilegt og vildu gjarnan hafa rýmri tíma og fjárráð til að leggja meiri metnað í búskapinn og sinna honum sem skyldi.

Ferðaþjónusta er ofarlega í hugum margra þegar rætt er um framtíðarmöguleika á svæðinu. Hjón á tveimur bæjum hafa farið út í ferðaþjónustu sem aukabúgrein. Annars vegar er um að ræða bændagistingu og hins vegar skipulegar hestaferðir upp á hálendið norðan Vatnajökuls. Bændagistingin er framtak hjóna á sextugsaldri sem tóku við jörð og húsum þar í niðurníðslu og endurbyggðu hlöðu og innréttuðu hana sem tvær íbúðir til útleigu. Íbúðirnar eru nú bókaðar meirihlutann af árinu og að sögn þeirra eru þær sérlega vinsælar af veiðifólki. Auk þess hafa þau komið sér upp aðstöðu við bakka Lagarfljóts til þess að taka á móti Lagarfljótsorminum, ferju sem flytur ferðafólk í útsýnisferðir upp Löginn til og frá Egilsstöðum[50]. Þessi starfsemi gefur þeim mikilvægar aukatekjur en jafnframt vinna þau bæði aðra vinnu meðfram.

Í upphafi tóku fjórir aðilar sig saman og hófu hestaferðirnar. Nú eru aðeins ein hjón eftir og eru þau í samstarfi ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi. Hestaferðirnar eru fyrst og fremst farnar yfir hásumarið, frá seinni hluta júní fram í miðjan ágúst. Að þeirra sögn er allskyns fólk sem fer í ferðirnar og margir koma oftar en einu sinni. Það er mikil vinna í kringum þessar ferðir en þær veita

[50] Ferðamenn geta komið í land og gætt sér á grillmat og hlustað á sögur húsbóndans, en hann er landskunnur sögumaður og hagyrðingur.

meginhluta af tekjum þeirra. Þau stunda einnig aðra vinnu með en vonast til að geta aukið ferðaþjónustuna á einhvern hátt. Eins og er þá er ferðatímabilið of stutt. Þessir aðilar eiga það sameiginlegt að þau leggja mikla áherslu á að fólk á svæðinu þurfi sjálft að hafa frumkvæði að hlutunum. Þau vildu hins vegar einnig sjá skilvirkara og sterkara stoðkerfi til að aðstoða fólk við að móta og hrinda nýsköpunarverkefnum í framkvæmd.

Fólk hefur ýmsar hugmyndir um ferðaþjónustu sem hugsanlegt er að gangi upp. Þar má nefna aukna hálendisferðamennsku, sportveiðar, vetrarferðir, uppbyggingu tjaldstæða og uppbyggingu á ódýrum gistimöguleikum. Það getur verið mikil áhætta að setja traust sitt á nýsköpunarverkefni, sérstaklega ef það byggir ekki á því sem fyrir er. Það er samdóma álit flestra að sauðfjárbúskapur sé enn meginstoð byggðar á svæðinu og ýmsir hafa verið að þróa hann sér til framdráttar.

Sauðfjárbú í Fljótsdal eru í minna lagi á landsvísu. Þrátt fyrir að margir sauðfjárbændur hafi hætt á undanförnum árum hafa bændur ekki getað stækkað bú sín þar sem beingreiðuslumark hefur ekki verið framseljanlegt. Margir bændur í Fljótsdal eru þó með fleira fé heldur en þeir hafa greiðslumark fyrir. Á þann hátt nýta þeir bæði hús og tún betur en hins vegar skilar þessi umframframleiðsla ekki miklum tekjum inn í reksturinn. Sumir bændur líktu banni á framsali fullvirðisréttar við það að atvinnugreinin hefði verið sett í frysti. Hún hefði ekki haft möguleika á að þróast á eðlilegan hátt[51].

Fólk hefur einnig verið að fitja upp á nýjungum í sauðfjárrækt. Hjón á einum bæ stunda lífræna framleiðslu og að þeirra sögn gengur það að flestu leyti vel þó það skipti ekki máli fjárhagslega fyrir þau. Helstu hindranirnar hafa verið erfiðleikar með að fá slátrað og koma kjötinu í verð. Þau hafa hugmyndir um að markaðssetja kjötið á internetinu en hafa ekki fengið miklar undirtektir meðal

[51] Rétt eins og á meðal fólks í stjórnkerfi landbúnaðarins voru skiptar skoðanir meðal bænda um ágæti þess að taka upp frjálst framsal greiðslumarks árið 2004. Beingreiðslumark er í raun ávísun á ríkisstyrk og finnst sumum öfugsnúið að hann sé metinn til eignar. Til dæmis bentu sumir á að nýir bændur muni eiga enn erfiðara en nú að koma sér upp búi þar sem kaup á greiðslumarki leggjast ofan á kaup á jörð og byggingum.

aðila innan stoðkerfisins. Að þeirra mati er allt kerfið í kringum sauðfjárrækt, frá smölun og réttum til markaðssetningar ekki nógu sveigjanlegt. Indriði nefndi þó sem dæmi um framþróun í sauðfjárrækt að margir væru farnir að setja á fé út frá niðurstöðum ómskoðunar á vöðvabyggingu skepnanna. Hann nefndi líka að síðasti sauðfjársamningur á milli bænda og ríkisins fæli í sér aukna áherslu á gæðastýringu í og með til að efla fagmennsku. Með því ættu bændur að geta fengið meira fyrir afurðir sínar.

Rétt eins og með ferðaþjónustuna hefur fólk margar hugmyndir um hvernig væri hægt að efla sauðfjárrækt í framtíðinni. Sumir bentu á að það væri hugsanlegt að markaðsstarf erlendis myndi fara að skila einhverjum árangri og bentu m.a. í gamansömum tón á útflutning hrútspunga til Bandaríkjanna. Einnig væri hægt að stækka markað fyrir lífræna framleiðslu, ekki síst ef framleiðendum væri gert auðveldara fyrir að snúa sér að henni og framleiðslunni skapaður ákveðinn sess.

Sauðfjárrækt er enn sem komið er mikilvægasta atvinnugrein Fljótsdælinga. Hún er þó í æ ríkari mæli að þróast yfir í hlutastarf. Fólk vinnur mjög mikið með búrekstrinum og víst er að mörgum þykir það súrt í broti að geta ekki einbeitt sér betur að sauðfjárræktinni. Fólk hefur sýnt dugnað og hugkvæmni við að ná endum saman og tekist á við aðsteðjandi erfiðleika oft og tíðum á árangursríkan hátt.

VIRKJUN SEM BJARGRÁÐ?

Virkjunaráform norðan Vatnajökuls hafa verið mikið í umræðunni á undanförnum misserum í þjóðfélaginu. Risavaxið verkefni eins og Kárahnjúkavirkjun hefur sitt að segja í litlu samfélagi eins og Fljótsdal. Sitt sýnist hverjum en það virðist ljóst að umræðan hefur engan látið ósnortinn. Í upphafi hafði ég gert ráð fyrir að virkjunarmálin myndu koma sterkar fram en þau gerðu í máli viðmælenda minna. Í ljós kom að aðrir þættir og önnur bjargráð voru ofar í huga þeirra heldur en hugsanleg virkjun. Virkjun er hins vegar eitthvað sem allir höfðu skoðun á enda er það eins og Þorsteinn segir „… hluti af menningunni að ræða virkjun".

Það má segja að íbúar Fljótsdals séu ekki að kippa sér upp við nýlega umræðu um virkjanir. Reynslan hefur kennt fólki að gera sér engar grillur þegar umræða um virkjunarframkvæmdir fer af stað.

> *Það eru allir dauðþreyttir á að ræða þetta [virkjun], menn eru kannski hættir að spekúlera mikið í þessu…það er búið að tala um þetta síðastliðin þrjátíu ár, og alltaf á þetta að fara að koma. Menn trúa þessu ekkert fyrr en þetta dynur á, að það verði eitthvað af þessu (Ragnar og Anna).*

Það kemur fram hjá fleirum að fólk er vantrúað á að það verði virkjað á svæðinu. Þetta er búið að vera lengi til umræðu og það hefur jafnvel verið byrjað á framkvæmdum en samt verið hætt við. Sigríður segir til dæmis að það eina sem bendir til þess að það verði af virkjun í þetta skiptið séu vegaframkvæmdir sem hafa staðið yfir í dalnum. Þar sé um mikla samgöngubót að ræða sem íbúar svæðisins hafa lengi beðið eftir. Þeim hefur ávallt verið frestað þar sem beðið hefur verið eftir virkjunarframkvæmdum.

Skiptar skoðanir eru um kosti og galla þeirra virkjunarkosta sem hafa verið í deiglunni. Viðmælendur mínir eru sammála um að mun meiri sátt hafi ríkt um Eyjabakkavirkjun. Þær framkvæmdir hefðu haft minni umhverfisáhrif í för með sér og á margan hátt hefði miðlun vatnsfalla niður í Fljótsdal getað haft jákvæð áhrif fyrir svæðið. Það eru hins vegar skiptari skoðanir um Kárahnjúkavirkjun og meiri efasemdir koma fram í máli fólks. Þar kemur til mat fólks á umhverfisáhrifum, sérstaklega í byggð, en einnig á hálendinu. Kárahnjúkavirkjun hefur í för með sér mikla vatnaflutninga þegar Jökulsá á Dal verður miðlað yfir í Fljótsdal:

> *Og svosem er ekkert tilhlakkandi að fá þetta skólp hérna yfir í Lagarfljótið, þetta er nú ekki svosem geðslegur sopi, Jökulsá á Dal (Ragnar).*

Fyrirséð er að grunnvatnsstaða í Fljótsdal muni hækka sem þýðir að tún nokkurra jarða gætu blotnað upp og þar með yrðu ræktunarskilyrði þar lakari en ella.

Þegar rætt er um önnur áhrif hugsanlegrar virkjunar á svæðið nefnir fólk fyrst og fremst auknar tekjur fyrir sveitarfélagið. Gjöld af virkjuninni sem myndu renna til Fljótsdalshrepps gætu að mati viðmælenda minna orðið 40 – 50

milljónir á ári og það liggur fyrir að ef að rétt er haldið á spöðunum gætu þeir fjármunir nýst íbúum sveitarfélagsins vel. Hjá sumum kemur fram megn óánægja með þær reglur sem eru um greiðslu gjalda af þeim mannvirkjum sem tengjast virkjunum. Þau benda á að þetta sé í raun ekki há fjárhæð fyrir allt það rask sem verður og miðað við þann hagnað sem fyrirsjáanlegur er af orkuframleiðslu virkjunarinnar.

Fólk er nokkuð efins um efnahagsleg áhrif fyrir svæðið að öðru leyti. Allir viðmælendur mínir eru sammála um að virkjunarframkvæmdir myndu hafa mikið að segja á framkvæmdartímanum sjálfum. Þau eru hins vegar mjög efins um að virkjunarframkvæmdir komi til með að hafa bein áhrif á svæðinu til langframa og sjá ekki fram á að fólk úr dalnum vinni í álveri. Fólk bendir á að óbein áhrif gætu orðið meiri, virkjunarframkvæmdir gætu opnað nýja möguleika og skotið stoðum undir fleiri þætti til atvinnusköpunar en nú eru í boði.

Íbúar á svæðinu hafa nú þegar orðið varir við aukinn straum ferðafólks á svæðinu í tengslum við umræðu í þjóðfélaginu um virkjunaraáform og hálendið. Það eru skiptar skoðanir um hvort ferðaþjónusta og virkjanir geti spilað saman. Páll Gíslason er starfsmaður Héraðsskóga og býr á svæðinu. Hann segir það ljóst að virkjunarframkvæmdir styrki grundvöll ferðaþjónustu. Hann bendir m.a. á að hálendið verði opnað fyrir meiri umferð og auknar tekjur sveitarfélagsins geti nýst við að byggja upp betri aðstöðu fyrir ferðafólk á vinsælustu stöðunum á hálendinu. Ragnar tekur í sama streng og segir það „fásinnu" að virkjun dragi úr komu ferðafólks á svæðið. Það koma hins vegar kannski aðrir hópar fólks. Sumir aðrir sjá ekki fram á að ferðaþjónusta og virkjun geti þrifist saman og segja engan áhuga fyrir því að skoða orkuver og þau umhverfisspjöll sem verða í kjölfar virkjunarframkvæmda. Björn Kristjánsson, eldri bóndi í dalnum, segir til dæmis að það væri nær að setja fjármagn í að byggja upp ferðaþjónustu sem gerði út á óspillta náttúru í stað þess að ætla að tengja hana við virkjunarframkvæmdir.

Vandamál ferðaþjónustu á svæðinu er svipað og annarsstaðar, þ.e. að tímabilið sem ferðafólk kemur á svæðið er of stutt. Til að breyta því þarf að fara

út í mikla uppbyggingu, bæði markaðsstarf en einnig uppbyggingu á grunn-aðstöðu, svo sem samgöngum á hálendinu. Enn sem komið er virðist virkjun vera tryggara bjargráð en uppbygging á ferðaþjónustu. Þorsteinn leggur kalt mat á málið:

> *Það er algjörlega óraunhæft að stilla þessu upp sem einhverju Yellowstone dæmi….fólk verður bara að hafa atvinnu í lengri tíma á ári heldur en einn og hálfan mánuð.*

Það er ekki hægt að segja að þeir íbúar Fljótsdals sem ég ræddi við um virkjunarmálin sjái virkjun fyrir sér sem allsherjar lausn eða hið endanlega bjargráð. Vissulega hefur virkjun ákveðna kosti í för með sér og líta flestir svo á að virkjun geti búið til nýja möguleika og tækifæri sem fólk gæti hugsanlega nýtt sér. Um leið sér það líka í hendi sér að sú hagnýting er algjörlega undir þeim sjálfum komið. Þórunn Óskarsdóttir er bóndi á fimmtugsaldri. Hún er ein þeirra sem hefur alist upp við virkjunarumræðuna. Hún dregur saman það viðhorf sem margir viðmælenda minna höfðu gagnvart hugsanlegri virkjun:

> *Ég held að það séu náttúrlega margir ósáttir við það að það skuli þurfa að vera þannig að þetta sé það bjargráð sem menn sjá….En hins vegar sjá það allir að byggðunum blæðir út…þetta er vont en það er eitthvað.*

SAMANTEKT

Hér hefur verið stiklað á stóru um þær breytingar sem hafa orðið í umhverfi íbúa Fljótsdals, aðstæður fólks í dag og þær aðferðir sem það hefur nýtt sér til að takast á við þær.

Breytingar á rekstrarumhverfi sauðfjárræktar og stórfelldur riðuniður-skurður á svæðinu hefur haft mikið að segja um aðstæður Fljótsdælinga. Eins og sjá má beitir fólk margvíslegum aðferðum til að takast á við þessar breytingar og má segja að flestir íbúar Fljótsdals séu aðilar að einhverskonar bjargráðum. Flestir vinna með sauðfjárrækt þar sem reglukerfi greinarinnar hefur komið í veg fyrir að bændur geti stækkað bú sín eins og þeir vildu. Sauðfjárrækt líkist því æ meira hlutastarfi. Margir eru í árstíðarbundnum störfum eða vinna reglubundna vinnu utan heimilis. Þó að aðeins tvær fjölskyldur stundi ferðaþjónustu þessa

stundina eru margir sem sjá möguleika á að efla hana í framtíðinni. Umræður um möguleika ferðaþjónustu tengjast oft hugsanlegum virkjunarframkvæmdum á svæðinu. Það er ljóst að ef virkjað verður mun sveitarfélagið fá auknar tekjur sem geta nýst til uppbyggingar annarra verkefna. Það eru skiptar skoðanir um samspil ferðaþjónustu og virkjana en margir sjá því ekkert til fyrirstöðu að hægt sé að virkja og byggja upp hálendisferðamennsku um leið.

Þau bjargráð sem gerð hefur verið grein fyrir hér eru flest einstaklingsbundin. Þau byggja á hugkvæmni og frumkvæði einstakra íbúa svæðisins. Fæstir líta svo á að virkjun muni koma til með að þjóna sem heildarlausn fyrir svæðið. Umræða um virkjanir síðustu ár hefur ef til vill kennt fólki að treysta frekar á sjálft sig en stjórnvöld þegar kemur að því að takast á við breyttar aðstæður. Bjargráð sem hafa styrkt búsetugrundvöll fólks í Fljótsdal eru þó ekki eingöngu einstaklingsbundin. Héraðsskógaverkefnið er víðfeðmt nýsköpunarverkefni sem er orðið stór þáttur í lífi margra íbúa svæðisins. Það er dæmi um bjargráð sem byggir á samvinnu fjölmarga aðila og veitir innsýn í hvernig fólk framkvæmir bjargráð ásamt því að undirstrika hlutverk ríkisins þegar kemur að byggðaaðgerðum.

KAFLI 10 HÉRAÐSSKÓGAR

Í þessum kafla er fjallað um upphaf, viðtökur og þróun Héraðsskógaverkefnisins. Ég byrja á að rekja sögu og forsendur Héraðsskóga út frá opinberum gögnum. Því næst er fjallað nánar um upphaf og stofnun Héraðsskógaverkefnisins. Í þriðja lagi er gerð grein fyrir viðtökum þess meðal heimafólks og embættismanna og að lokum er fjallað um hvernig verkefnið hefur verið þróað á svæðinu.

◊◊◊

SAGA, MARKMIÐ OG TILGANGUR HÉRAÐSSKÓGA

Rætur Héraðsskógaverkefnisins liggja aftur til annars skógræktarverkefnis á svæðinu, svokallaðrar Fljótsdalsáætlunar. Á sjöunda áratugnum var að frumkvæði Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags Austurlands farið að undirbúa skógrækt á nokkrum jörðum í Fljótsdal. Verkefnið var skipulagt á þann hátt að bændur létu skógræktinni í té land og hún lagði til plöntur og vinnu við gróðursetningu. Fyrstu plönturnar voru gróðursettar sumarið 1970 en alls miðaðist verkefnið við gróðursetningu í 1500 hektara lands (Héraðsskógar, 1995).

Árið 1986 skilaði svokallaður Auðlindahópur, skipaður af forsætisráðuneytinu, skýrslu um landnýtingu og landkosti á Íslandi. Þar kom fram að rækta mætti nytjaskóg á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal á Fljótsdalshéraði. Höfundar skýrslunnar hvöttu til nytjaskógræktar og skipti hún miklu þegar kom að því að afla Héraðsskógaverkefninu fylgis. Um vorið 1987 héldu Skógræktarfélag Austurlands og Skógræktarfélag Íslands fund um hlutverk skógræktar á Austurlandi. Á fundinum var samþykkt tillaga til stjórnvalda um að útvega aukið fé til skógræktar í fjórðungnum (Héraðsskógar, 1995).

Í maí 1988 stofnuðu áhugasamir bændur Félag skógarbænda á Héraði og Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu sem þingmenn Austurlands lögðu fram um eflingu skógræktar á Fljótsdalshéraði. Þar með fór málið í ákveðinn farveg í stjórnkerfinu. Árið 1989 samþykkti þáverandi ríkisstjórn að „klæða skyldi skógi

allt nýtanlegt skógræktarland á Fljótsdalshéraði á næstu 40 árum" (Héraðsskógar, 1995, bls. 14), og lagði fram fé til undirbúningsstarfs. Málið var kynnt bændum á Upphéraði og á sama tíma var verkefnið mótað. Verkefninu var úthlutað 15 milljónum á fjárlögum 1990, aðeins fjórðungi af því sem óskað hafði verið eftir. Skipulagning og undirbúningur hélt þó áfram og gerð var 40 ára kostnaðar- og framkvæmdaáætlun sem náði til 15 þúsund hektara lands. Drög að lögum og samningum við bændur voru einnig samin (Héraðsskógar, 1995). Allt að 90 landeigendur voru tilbúnir til að hefja þátttöku í verkefninu á þessum tíma. Verkefnið fékk 10 milljóna framlag á fjáraukalögum 1990 og hófust þá framkvæmdir, gróðursetning og girðingarvinna. Þrátt fyrir það dróst að leggja frumvarp til laga um verkefnið fyrir Alþingi til samþykktar. Það var loks gert vorið 1991 og voru lögin samþykkt á Alþingi þann 11. mars 1991 (Alþingi, 1991).

Fyrstu ár Héraðsskóga náði verkefnið til Upphéraðs, eða svæðisins suður af Eiðum. Undir lok tíunda áratugarins var ákveðið að víkka verkefnið út yfir allt Fljótsdalshérað. Verkefnið er framkvæmt þannig að bændur eða landeigendur gera samning við Héraðsskóga um skógrækt á jörðum sínum. Þeir fá greidd 97% af kostnaði sem af skógræktinni hlýst og þegar úrvinnsla fer að skila arði greiða þátttakendur hluta af honum til baka til ríkisins. Árið 2001 voru 104 landeigendur á Fljótsdalshéraði samningsbundnir Héraðsskógum og þar af voru 21 jörð í Fljótsdal. Það ár fékk verkefnið rúmar 86 milljónir á fjárlögum til að standa straum af starfseminni (Héraðsskógar, 2001a).

Tilgangur og markmið Héraðsskóga koma fram í lögum um verkefnið. Í fyrstu grein laganna segir:

> Tilgangur laga þessara er að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði. Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun (Alþingi, 1991).

Meginmarkmið Héraðsskóga er:

> ...með ræktun nytjaskóga að stuðla að þróun og viðhaldi byggðar á Fljótsdalshéraði. Þannig er verkefnið bæði byggða- og skógræktarverkefni. Skógana skal rækta í landi bænda og annarra landeigenda á svæðinu. Skulu

þeir verða í umsjón landeigenda og tekjugjafi þeirra í framtíðinni (Héraðsskógar, 2002).

Markmið og stefna Héraðsskóga er einnig að hvetja til smáiðnaðar og í samvinnu við heimamenn að skapa ný atvinnutækifæri tengd skógrækt. Þar má nefna ferðaþjónustu, úrvinnslu skógarafurða og smáiðnað í formi minjagripa-framleiðslu (Héraðsskógar, 2001b). Hlutverk stofnunarinnar Héraðsskóga er að vera „…stjórnar- og skipulagningaraðili við uppbyggingu skógræktar á Fljótsdalshéraði sem sjálfstæðrar atvinnugreinar meðal bænda. Stefna Héraðsskóga er að færa alla verkþætti út í sveitirnar." (Héraðsskógar, 2002).

Það liggur ljóst fyrir að tilgangur verkefnisins er að styrkja byggð og nytjaskógrækt er verkfæri í þeim tilgangi. Verkefnið er öðrum þræði byggðapólitískt, en er ekki sett upp sem markaðsfyrirtæki, þó að sá möguleiki sé fyrir hendi samkvæmt lögunum.

UPPHAFIÐ

Segja má að Héraðsskógaverkefnið sé að vissu leyti útvíkkun á Fljótsdalsáætlun. Hvatinn að því var ekki síst fyrrnefndir erfiðleikar í sauðfjárrækt og sagði Sigurður Gunnarsson, starfsmaður Héraðsskóga, m.a. að Héraðsskógar hefðu verið „ákveðin afleiðing af riðuveikisniðurskurðinum". Páll, starfsmaður Héraðsskóga, vísar til skýrslu auðlindahópsins (sjá að framan) og góðrar reynslu af Fljótsdalsáætlun sem meginforsendna fyrir því að fólk fór að huga að auknu fjármagni til skógræktar. Í þessu sambandi má ekki gleyma þætti þeirra sem töluðu fyrir skógrækt sem aukabúgrein, og sem þannig opnuðu augu fólks fyrir þeim möguleikum sem skógræktin er. Guðrún Gísladóttir, starfsmaður Héraðsskóga, sagði að á upphafsárum Fljótsdalsáætlunar hafi sú hugsun ennþá verið ríkjandi hjá mörgum að sauðfjárrækt og skógrækt gætu ekki farið saman en málflutningur skógræktarfólks hafi skipt miklu til að breyta þeim viðhorfum.

Frumkvæði að stofnun Héraðsskóga kom úr mörgum áttum og það er misjafnt hvernig hlutur bænda er metinn í því sambandi. Páll segir:

> *En ég held að það verði kannski aldrei sagt að það voru bændur sem hvöttu fyrst og fremst til skógræktar, það voru ekki eingöngu skógræktarmenn eða þingmenn eða eitthvað slíkt, heldur vann þetta allt saman, það var enginn einn tekinn þarna útúr.*

Sigurður lagði meiri áherslu á þátt bændanna. Hann sagði þá hafa verið að leita sér að einhverju nýju til að taka sér fyrir hendur til að nýta landið og í rauninni til að hafa að einhverju að hverfa þar sem ekki mátti taka fé aftur í tvö til þrjú ár eftir riðuniðurskurð. Hann nefnir stofnun Félags skógarbænda og segir að þeir hafi þrýst á um skógræktarverkefni. Aðspurður sagði Sigurður að það mætti segja að bændur hefðu alfarið átt frumkvæði að Héraðsskógaverkefninu, en þó ásamt Skógrækt ríkisins. Þessir aðilar drógu verkefnið í gang, en embættismenn og sérfræðingar voru til aðstoðar.

VIÐTÖKUR OG ÞRÓUN

Héraðsskógaverkefninu virðist hafa verið tekið vel á sínum tíma. Að vissu leyti má segja að jarðvegurinn fyrir skógrækt hafi verið plægður með framkvæmd Fljótsdalsáætlunar. Viðtökur og þróun skógræktar á Héraði gekk þó ekki snurðulaust fyrir sig. Ákveðin átök og/eða tregða hafa komið í ljós bæði í sambandi við stofnun og þróun skógræktarstarfsins. Á þeim tíma sem Fljótsdalsáætlun var að komast á laggirnar skiptist fólk í tvær fylkingar. Það var sauðfjárræktarfólk og skógræktarfólk. Páll lýsir umræðunni í samfélaginu á þessum tíma:

> *Þá voru bara stríð á milli búgreina sko, það var bara talað um skógrækt og sauðfjárrækt sem andstæður og þegar að forystan talar svona máli þá munu náttúrlega þeir sem eru í grasrótinni líka trúa því að þetta sé svona.*

Indriði tekur í sama streng þegar hann rifjar viðtökur Fljótsdalsáætlunar upp. Hann segir að það hafi ekki verið mikill meðbyr þegar farið var af stað með það verkefni. Það tengdist sérstaklega því að bændur máttu hreinlega ekki missa land undir skógrækt á þeim tíma. Þá var búið á hverjum bæ og sauðfé var miklu fleira á svæðinu. Jafnframt nefnir hann að mikilvægt atriði hafi verið að Skógrækt ríkisins hafi ekki samþykkt neina beit í skógi, land sem var lagt í skógrækt var

lokað um aldur og ævi og það var eitthvað sem margir bændur gátu ekki sætt sig við.

Þrátt fyrir þessa vankanta á Fljótsdalsáætlun nefndu flestir viðmælendur mínir sögu skógræktar á svæðinu og náttúrufar sem helstu ástæður fyrir því að fólk tók vel í að hefja skógrækt á jörðum sínum þegar Héraðsskógaverkefnið fór af stað. Þorsteinn segir t.d.:

> *Menn [eru] búnir að sjá það að það er vel hægt að rækta skóg á þessu svæði og búið að vera náttúrlega á Hallormsstað heilmikil svona skógarvinnsla og þannig að, margir hérna af íbúum hér sem hafa verið tímabundið í skógræktinni og þekkja heilmikið til skógræktar.*

Vegna heppilegs loftslags og náttúrufars gengur skógrækt mjög vel á svæðinu og þannig finnst fólki skógrækt vera raunhæfur kostur. Einn viðmælandi minn sagði að búið væri að innprenta í fólk að það væri skynsamlegt að rækta tré. Því sé almennur velvilji til skógræktar á svæðinu. Þetta sé afrakstur fræðslustarfs frá Hallormsstað, eitthvað sem hafi síast inn í fólk með móðurmjólkinni. Guðrún tók í sama streng. Hún sagði skógræktarstarf fyrir tíma Héraðsskógaverkefnisins skipti höfuðmáli. Fólk vill ekki taka mikla áhættu á krepputímum eins og voru í samfélaginu við upphaf verkefnisins. Því var mjög mikilvægt fyrir fólk að sjá árangur Fljótsdalsáætlunar svart á hvítu.

Hagrænar forsendur verkefnisins eru þó ekki síður mikilvægar. Grímur Erlendsson, starfsmaður Atvinnuþróunarfélags Austurlands, segir að margt hafi breyst þegar tryggt fjármagn kom inn í dæmið með samningi við ríkið. Miklu skipti að þau laun sem fólk var að fá fyrir verktakavinnu sína voru ekki lágmarkslaun. Verkefnið var því trygg tekjuuppspretta sem munaði um í heimilishaldi fólks. Að hans mati breyttu peningarnir í rauninni viðhorfum mjög margra. Viðmælendur mínir bentu einnig á að byggðarsjónarmið hefðu haft töluvert mikið að segja í þeirri vinnu sem var lögð í að koma Héraðsskóga-verkefninu af stað. Sveitirnar voru að tæmast og meðal bænda og annarra íbúa var eindrægur vilji til að breyta hlutunum eða reyna nýjar leiðir. Með þátttöku í Héraðsskógaverkefninu sá fólk fram á að geta aukið tekjur sínar af jörðunum.

Ákveðnir byrjunarörðugleikar tengdust uppbyggingu verkefnisins. Sigurður segir að verkefnið hafi ekki verið skipulagt á réttan hátt. Fólk var vant starfssemi Skógræktar ríkisins sem virkaði þannig að stofnunin komst yfir land, eða fékk afhent land frá bændum og svo sá Skógræktin um framkvæmdir á því landi. Bændur litu þannig á að þeir væru búnir að afsala sér landi og komu ekkert nálægt framkvæmdunum. Svona gekk þetta fyrsta árið hjá Héraðsskógum. Öllum framkvæmdum var varpað yfir á stjórn og framkvæmdastjóra verkefnisins og Héraðsskógar réðu gríðarlegan hóp af fólki til að vinna við gróðursetningu. Það kom fljótlega í ljós að verkefnið myndi ekki ganga með þessum hætti og eftir fyrsta árið var skipulagningu þess breytt þannig að bændur og landeigendur tóku ábyrgð á framkvæmdum. Við þá skipulagsbreytingu breyttist viðhorf fólks og fleiri komu af fullum krafti í verkefnið.

Eins og skýrt kemur fram í lögum um Héraðsskóga er verkefninu ætlað að styrkja búsetugrundvöll svæðisins. Vilji heimafólks til að framkvæma Héraðsskógaverkefnið virðist hafa verið eindreginn en þrátt fyrir almennan vilja stjórnvalda til að styrkja byggð voru ýmis ljón á veginum. Páll lýsir því að „á fyrstu tímum Héraðsskógaverkefnisins þá voru margir sem vildu það feigt." Hann sagði að það hefðu fyrst og fremst verið embættismenn í stjórnkerfinu í Reykjavík sem hafi verið tregir til að styðja verkefnið. Að hans mati björguðu stjórnmálamennirnir verkefninu. Bæði Páli og Guðrúnu finnst viðhorf embættisfólks hafa breyst mikið. Það er ekki sami andi frá stjórnvöldum og kerfinu „fyrir sunnan" og var. Að þeirra mati skiptir þar miklu hversu vel heimafólk tók verkefninu og sýnilegur árangur þess.

Sigurður talar líka um að samskiptin við stjórnmála- og embættismenn hafi gengið upp og ofan. Hann segir að stjórnmálamenn séu fyllilega búnir að átta sig á byggðaáhrifum verkefnisins og viðhorf þeirra hafi breyst mjög til batnaðar. „Embættismennirnir eru soldið tregari" segir hann og heldur áfram:

> *En svona í byrjun náttúrlega til að fá hjólin til að snúast, það kostaði, blóð svita og tár sko, en það hafðist, það var tregt náttúrlega til að byrja með, var tregt í kerfinu.*

Sigurður talaði um að fólk hefði hreinlega ekki haft trú á að þetta verkefni myndi ganga upp. Þetta hefði verið í fyrsta skipti sem farið hefði verið út í svona langtímaáætlun og það kostaði mikla vinnu að fá fólk til að trúa því að þetta myndi ganga upp. Páll, Guðrún og Sigurður tengja þessa tregðu embættisfólks, sérstaklega í upphafi verkefnisins, við að stjórn þess er í höndum heimaaðila. Sigurður nefnir að stjórnin sé skipuð beint af ráðherra og fari þannig strangt til tekið ekki eftir hefðbundnum leikreglum. Embættismennirnir hafi þannig ekkert um verkefnið að segja.

> *Miði okkur ekki áfram með okkar hagsmunamál í gegnum okkar ráðuneyti þá bara förum við framhjá því... við styttum okkur leið, inn á þing, eða förum beint í ráðherrann... þar af leiðandi virðist vera ákveðin tregða og pirringur. (Sigurður).*

Öll leggja þau áherslu á að það skipti máli um viðhorf embættisfólks að valdið sé fært út til héraðs frá kerfinu fyrir sunnan. Embættisfólk hefði ekki viljað setja af stað verkefni sem hefði möguleika á að stjórna sér sjálft[52].

Viðtökur við Héraðsskógaverkefninu voru almennt góðar en þó vekur athygli hversu erfiðlega hefur gengið að fá viðurkenningu embættismanna-kerfisins. Hugsanleg velgengni langtímaverkefnis eins og þessa ræðst ekki síst af áframhaldandi þróun þess eftir stofnsetningu og þar skipta ýmis atriði máli.

AÐ SKJÓTA RÓTUM

Nokkrir þættir virðast hafa haft mikil áhrif í þá átt að heimafólk skyldi taka verkefninu jafn vel og raun varð á og að sá stuðningur hafi haldist.

---

[52] Þrátt fyrir að viðhorf embættiskerfisins hafi breyst til batnaðar virðist skipulag og framkvæmd Héraðsskóga enn valda tregðu og/eða pirringi á sumum sviðum. Hingað til hafa framkvæmdir landeigenda á jörðum sínum ekki þurft að fara í gegnum umhverfismat af hálfu Skipulagsstofnunar en haustið 2001 voru uppi hugmyndir um að taka það upp á grundvelli þess að skógræktin flokkist sem meiriháttar aðgerð í umhverfinu. Að mati starfsfólks Héraðsskóga og sumra bænda hefði það verið ógnun við verkefnið. Umhverfismat þýðir að þeirra mati aukið skrifræði og umtalsverðan aukakostnað sem kæmi beint niður á tekjum bænda. Stofnkostnaður bænda myndi hækka mikið og því myndi þetta frekar letja fólk til þátttöku en hvetja það og síðast en ekki síst myndi vinna fyrir sérfræðimenntað fólk minnka og færast suður yfir heiðar. Stjórnendur Héraðsskóga hafa verið alfarið á móti því að skógræktin falli undir valdsvið Skipulagsstofnunar. Nú er búið að fella úrskurð um þetta mál og reglum um verkefnið verður ekki breytt að svo stöddu. Hins vegar tel ég að erfitt sé til lengdar að líta framhjá því að hér er um meiriháttar breytingu á ásýnd landslags að ræða þó að framkvæmdir hvers og eins landeiganda flokkist ekki sem slík. Það má því setja spurningamerki við hvort að ekki sé óumflýjanlegt að taka upp umhverfismat fyrir verkefnið í heild sinni en auka þá jafnframt framlög til verkefnisins sem nemur þeim kostnaði.

Þátttaka bænda og landeigenda í skipulagningu og þróun verkefnisins er grundvallaratriði í þessu samhengi. Héraðsskógaverkefnið er skipulagt sem verkefni bændafólks. Það hefur sjálfsstæða stjórn og er ekki háð stjórnkerfinu í Reykjavík. Verkefnið fær ákveðna upphæð til að spila úr og fólk á svæðinu ber fulla ábyrgð á framkvæmdum. Sigurður segir að „…þar af leiðandi virðist koma einhvernveginn sjálfkrafa innbyggður metnaður, að láta þetta skila sem mestu".

Guðrún undirstrikar að lykilatriði við gang verkefnisins sé að stjórnun þess sé á svæðinu. Bændur hafa mjög gott aðgengi að starfsfólki Héraðsskóga, það eru engir sérstakir viðtalstímar og fólk getur verið það sjálft. Hún segir að það sé höfuðatriði að bændur upplifi sig sem virka þátttakendur í framkvæmd verkefnisins. Þannig getur fólk verið stolt af vinnu sinni og bætt land sitt. Páll segir að skógrækt sé eins og hver önnur búgrein, yfirleitt er það þannig að sá sem er góður fjárbóndi sé einnig góður skógarbóndi. Þau sem koma inn í verkefnið af fullum krafti *til þess að rækta* skóg ná miklu meiri árangri en þau *sem vilja fá ræktaðan* skóg á jörðum sínum. Guðrún og Páll segja bæði að samskipti við bændur hafi gengið vel. Páll segir að það séu ekki allir í einhverjum „já-kór", og það séu heilbrigð skoðanaskipti, en líka greinileg jákvæðni í samfélaginu. Starfsfólk Héraðsskóga leggur áherslu á að það sé ekki að ýta fólki út í skógrækt. Guðrún segir það hjálpa svolítið til að nánast allir starfsmenn Héraðsskóga búa í sveit. Það minnkar enn aðgreininguna á þeim og bændafólki, það séu eins lágir veggir á milli þeirra og hægt er. Það að skrifstofan sé eins opin og raun ber vitni getur þó stundum skapað álag í vinnunni. Hins vegar séu þessi samskipti við þátttakendur í verkefninu nauðsynleg fyrir framgang þess. Eftirfarandi orð Sigurðar draga kjarna Héraðsskógaverkefnisins fram:

> *Héraðsskógar eru ekki stofnun, eða ríkisstofnun sem að yfirtekur lönd og menn afsala sér eignahaldi. Heldur, framkvæma þeir sjálfir, verkefnið vinnur til þess að styrkja innviði hvers bús um sig til þess að hvetja menn til dáða... Héraðsskógar er í raun og veru samheiti þeirra landeigenda sem eru í því... frumkvæðið er þeirra, það er það sem gildir.*

Annað atriði sem hafði áhrif á það að fólk tók vel í verkefnið var að skógrækt var stillt upp sem nýrri aukabúgrein. Þannig var reynt að komast hjá

því að stilla skógrækt upp sem andstæðu við sauðfjárrækt. Sigurður sagði að það hefði tekið smá tíma fyrir bændur að sjá að það væri engin fyrirstaða að stunda skógrækt og sauðfjárrækt saman. Aðspurður sagði hann að í fyrstu hefðu menn kannski ekki verið tilbúnir að prófa, þeir hafi ekki skilið hvernig í ósköpunum þetta ætti að ganga. Sigurður sagði að þau hefðu hvatt bændur til að beita sauðfé í skóga sem voru fyrir á jörðum þeirra og árangurinn lét ekki á sér standa.

Indriði segir að afstaða stjórnenda Héraðsskóga hafi skipt miklu um breytt viðhorf bænda til skógræktar. Hann segir það „ekkert mál" að fella skógrækt að öðrum búskap. Einungis þurfi að skipuleggja jörðina, ákveða að taka ákveðna spildu undir skógrækt, planta í hana og svo eftir ákveðinn tíma, þegar plönturnar eru búnar að ná ákveðinni hæð, þá sé tilvalið að byrja að beita í skóginn. Ragnar og Anna tóku undir þetta og sögðu að það væri hreinlega til bóta að beita í skóga, mosamyndun yrði ekki eins mikil og eins hentaði það skepnunum. Fólk er hætt að líta á skógrækt og sauðfjárrækt sem andstæðar búgreinar og í stað þess eru þær stundaðar samhliða.

Páll segir að sprenging hafi orðið í skógræktaráhuga á svæðinu og raunar landinu öllu síðan verkefnið fór af stað. Árið 1988 var fyrsta félag skógarbænda stofnað og þá voru um hundrað manns þátttakendur. Tíu árum síðar voru landssamtök skógarbænda stofnuð og nú eru um fimmhundruð manns félagar að skógarbændafélögum um allt land. Skógrækt sem raunveruleg atvinnugrein til sveita er því að öllum líkindum komin til að vera.

Þátttakendur í verkefninu sem ég talaði við voru sammála um að verkefnið gengi vel. Það kom hins vegar fram ákveðinn óróleiki varðandi framgang úrvinnslu og markaðssetningar á skógarafurðum. Sumum bændum fannst að markaðssetning á skógarafurðum hefði gengið of hægt og það væri veikur hlekkur í verkefninu. Enn sem komið er hafa aðallega verið framleiddir girðingastaurar úr því efni sem til fellur við grisjanir. Einstaklingar hafa þó byrjað að gera tilraunir með að búa til parkett og húsgögn úr viðnum. Starfsfólk Héraðsskóga tók að nokkru leyti undir með bændum og sagði að nauðsynlegt væri að fara að huga að úrvinnslu og markaðssetningu skógarafurða. Þau höfðu

samt litlar áhyggjur af þessum þætti verkefnisins enn sem komið er og bentu á að framboð hráefnis væri enn sem komið er flöskuháls á þróun úrvinnslu.

SAMANTEKT

Það er greinilegt að í upphafi Héraðsskógaverkefnisins var jarðvegurinn fyrir því á svæðinu nokkuð góður. Mesta tregðan lá í hinu opinbera embættismannakerfi. Verkefnið er í grundvallaratriðum byggðapólitískt en er ætlað að leiða að því langtímamarkmiði að standa undir sér sjálft. Það kemur skýrt fram að frumkvæði og samvinna bænda og stjórnmálamanna skipti höfuðmáli við stofnun verkefnisins.

Saga skógræktar á Héraði, umhverfi, náttúrufar og skipulag verkefnisins höfðu líklega mest að segja um þær viðtökur sem Héraðsskógar fengu á svæðinu. Miklir erfiðleikar í sauðfjárrækt stilltu fólki á vissan hátt upp við vegg. Það varð að finna eitthvað í staðinn og skógrækt féll vel að aðstæðum þess. Einnig er mikilvægt atriði að heimafólk hafði frumkvæði að stofnun Héraðsskóga og hefur komið að skipulagningu og mótun þess frá upphafi. Héraðsskógar er því ekki algjörlega utanaðkomandi bjargráð, heldur byggir það á samvinnu heimafólks, stofnana og stjórnvalda. Þessir þættir ollu því að flestir tóku vel í verkefnið í upphafi og gáfu því möguleika á að sanna tilverurétt sinn.

Það má með nokkrum rétti segja að Héraðsskógar hafi verið sérlega heppilegt bjargráð við þær aðstæður sem ríktu við upphaf tíunda áratugarins í Fljótsdal. Það hafði hrikt í stoðum búsetu í Fljótsdal – sú hagræna formgerð sem lá búsetu þar til grundvallar var að rakna upp. Héraðsskógaverkefnið virðist hafa komið inn sem nokkurskonar haldreipi á tímum hraðra breytinga og nýst fólki vel til að takast á við þær. Nánar er fjallað um áhrif Héraðsskóga hér á eftir.

KAFLI 11 EFLING EINSTAKLINGA OG BYGGÐAR

Þessi kafli hefst á umfjöllun um samfélagsleg áhrif Héraðsskóga sem í grófum dráttum eru þríþætt. Í seinni hluta kaflans geri ég grein fyrir hvernig einstaklingar hafa hagnýtt sér Héraðsskógaverkefnið á margvíslegan hátt.

◊◊◊

SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF HÉRAÐSSKÓGA

> *Þetta skógræktarverkefni, Héraðsskógar, það hefur hérna í raun og veru komið í veg fyrir að það yrði algjört hrun í byggðinni…Það er alls ekki hægt að halda því fram að menn lifi af skógræktinni… en það hefur örugglega orðið til þess að menn geta bjargað sér á jörðunum (Páll).*

Þessi orð Páls lýsa áhrifum Héraðsskóga á samfélagið í Fljótsdal. Hér á eftir dreg ég saman þrjá samfélagslega þætti sem hafa tekið breytingum vegna Héraðsskógaverkefnisins.

BYGGÐIR

Forsendur Héraðsskógaverkefnisins eru byggðapólitískar. Það kemur skýrt fram hjá viðmælendum mínum að verkefnið hefur að miklu leyti náð markmiðum sínum og styrkt búsetugrundvöll svæðisins.

Páll telur að miklu máli skipti að skógræktin geti farið eins vel og raun ber vitni með öðrum búgreinum. Að hans mati er ástand byggðarinnar þó viðkvæmt, en ef tekst að brúa bilið þangað til skógræktin er farin að gefa meiri tekjur af skógarvinnslu áður en byggðin hrynur of mikið þá sé góður möguleiki á að byggja upp sterkara samfélag á svæðinu. Enn sem komið er þá er sauðfjárrækt aðalatvinnuvegur fólks á svæðinu en ef skógræktin væri ekki til staðar þá væri ástandið „ansi dapurt", það myndi veikja búsetugrundvöll svæðisins mikið.

Aðspurður um byggðaáhrif Héraðsskóga sagði Sigurður starfsmaður Héraðsskóga, að í rauninni væri þörf á heildarúttekt á byggða- og efnahags-áhrifum verkefnisins.

Við vitum náttúrlega að hér hafa komið inn á svæðið á áratug, í tæplega þrjúþúsund manna byggð, um 800 milljónir. Þær hafa staðnæmst á svæðinu og það hlýtur að muna um það.

Þessir peningar fara aðallega til bændanna en að sjálfsögðu hefur verkefnið líka áhrif í þéttbýlinu. Héraðsskógar hafa aðsetur á Egilsstöðum. Þar fær sérfræðimenntað fólk vinnu og plöntuframleiðslustöð hefur verið byggð upp. Í kjölfar skógræktarinnar hefur jarðaverð hækkað, jarðirnar eru seljanlegri og það er varla eyðijörð að finna á Héraði.

Bændafólk er sammála þessu í stórum dráttum. Þorsteinn segir engan vafa leika á því að verkefnið hafi styrkt búsetu. Hann nefnir eins og Sigurður mikilvægi þess að allt fjármagnið sem er ætlað til verkefnisins er nýtt á svæðinu, það staðnæmist þar og þannig styður það við það sem fyrir er. Anna tekur í sama streng og segir að jarðir hafi beinlínis byggst á svæðinu vegna verkefnisins. Fólk hafi möguleika á að sækja vinnu annað en búa á jörðunum og hafa einhverjar tekjur af þeim.

Flestir eru á því að bændur hafi getað lengt búskapartíma sinn með því að taka þátt í skógrækt. Skógræktin hefur virkað vel með sauðfjárrækt þannig að fólk hefur náð að auka tekjur sínar og vegið upp samdrátt í sauðfjárrækt. Þó eru sumir sem nefna líka að verkefnið hafi gert fólki kleift að hætta í hefðbundnum búskap, eiga jarðirnar en vinna annarstaðar með. Þannig hefur verkefnið einnig getað stuðlað að fækkun bænda í hefðbundnum landbúnaði en um leið gert fólki kleift að halda búsetu sinni áfram á svæðinu.

UMHVERFI

Áhrif Héraðsskóga á umhverfið eru hvarvetna fyrir augum þegar keyrt er inn Fljótsdalinn. Gríðarlegum fjölda af trjám hefur verið plantað á svæðinu, eða á bilinu ein milljón til um 1.400.000 á ári frá 1991. Það eru alltaf einhver afföll, yfirleitt um 20-25%. Nú þegar rúmlega tíu ár eru frá upphafi áætlunarinnar eru trén að verða það hávaxin að þau eru farin að setja virkilegan svip á umhverfið. Flestir eru sáttir við verkefnið þrátt fyrir mikil sjónræn áhrif en þó má heyra neikvæðar raddir inn á milli.

Anna og Ragnar segja skógræktina koma til með að hafa gríðarleg sjónræn áhrif. Anna segir þess ekki langt að bíða að þau sjái bara tré, „þetta verður alveg nýtt svæði að koma hérna eftir tíu ár". Ragnar tók fram að skoðanir íbúa séu skiptar um hversu mikið þetta breytir ásýndinni og segir að fólk sé sérstaklega að hugsa um útsýnið á fljótið. Það eru ekki allir sáttir við það. Hann nefnir líka að skógræktin komi til með að breyta veðráttunni, það verður mun skjólsælla og Anna nefnir að dýralífið muni einnig taka breytingum.

Þorsteinn segir að kannski hefði átt að huga betur að umhverfisáhrifum þegar farið var af stað með verkefnið. Það hefði ef til vill ekki verið skoðað nægilega vel hvar ætti að planta og hvar ekki, „en ég held nú samt sem áður að það sé nú auðvelt að saga þessi tré niður ef þau eru fyrir". Indriði tekur í sama streng og segir skógræktina fullkomlega afturkræfa aðgerð. Hann segir fólk missátt, en þó séu flestir jákvæðir gagnvart verkefninu enn sem komið er. Hann býst þó við að þegar að trjánum fjölgi þá muni fleiri verða ósáttir við sjónræn áhrif verkefnisins.

Óánægju gætir meðal sumra íbúa svæðisins og þá sérstaklega vegna sjónrænna áhrifa. Sigríður og Kristinn segja umhverfisáhrifin varasöm. Sigríður segir að eftir nokkur ár þá muni þau ekki sjá neitt og Kristinn segir að það séu skiptar skoðanir um þetta. Einnig má heyra raddir um að synd sé að planta trjám í tún og góðar bújarðir. Irma og Finnur, ung hjón sem stunda sauðfjárbúskap í nágrannasveitarfélagi Fljótsdals eru ekki ánægð með áhersluna á skógrækt. Þeim finnst að sér sótt en þau eru ekki aðilar að Héraðsskógaverkefninu. Þau segja að það sé ekki skilningur á stöðu þeirra á svæðinu, fólk sjái bara tré og vilji fá að planta allsstaðar.

Umhverfisáhrif Héraðsskógaverkefnisins eru einnig táknræn. Tveir viðmælendur lögðu áherslu á ímynd svæðisins og hlutverk bændaskóganna í uppbyggingu hennar. Hjá þeim kom fram að einn meginstyrkur svæðisins alls væri hin græna ímynd þess og Héraðsskógaverkefnið styrkti þá ímynd. Ímynd svæðisins út á við byggir að verulegu leyti á skógræktinni og tengir það við vinsæla umhverfismálaorðræðu í samfélaginu. Sumir telja að þetta gæti verið

kostur til markaðssetningar á svæðinu fyrir ferðafólk. Það getur þó einnig reynst tvíbent og byggir á því hvernig upplifun fólks af umhverfisáhrifum verkefnisins mun koma til með að þróast.

Umhverfisáhrif skógræktarverkefnisins eru þar af leiðandi mikil og margvísleg. Í upphafi virðist sem fólk hafi ekki hugsað dæmið alveg til enda og ef til vill ekki gert sér grein fyrir því hvernig útlit svæðisins gæti tekið stakkaskiptum. Stjórn verkefnisins hefur þó ávallt unnið samkvæmt gildandi reglum að skógræktinni, á þann hátt að votlendi og náttúru- og fornminjar eru verndaðar. Fólk virðist sammála um að meira muni bera á neikvæðum og/eða efasemdaröddum um verkefnið þegar að trén vaxa upp, en enn sem komið er telja flestir viðmælendur mínir að jákvæð áhrif verkefnisins vegi upp þau neikvæðu. Héraðsskógar hafa einnig táknræn umhverfisáhrif sem hægt er að hagnýta til markaðssetningar á grunni ímyndar svæðisins. Héraðsskógaverkefnið afmarkar Fljótsdalshérað á mjög sterkan hátt á landsvísu þar sem það verður langstærsta skóglendi landsins.

SAMFÉLAG OG MENNING

Héraðsskógaverkefnið hefur jafnframt félagslega- og menningarlega þýðingu á svæðinu. Svo virðist sem að Héraðsskógaverkefnið hleypi lífi í svæðið og hvetji fólk til að virkja tengsl sín við það. Páll og Guðrún, starfsfólk Héraðsskóga, töluðu bæði um að ekki síst hjá fólki sem væri flutt burt en ætti ennþá land, þá veitti skógrækt möguleika á að virkja tengslin við heimahaganna. Páll sagði að sumt af þessu fólki tæki ekki síður þátt í samfélaginu en aðrir íbúar sveitarfélaganna, og það væri mjög mikilvægt þar sem að það sé kannski frekar spurning um hvað sé gert í samfélaginu en endilega að fólk hafi þar fasta búsetu. Verkefnið hefur þannig óbein áhrif þar sem það hvetur landeigendur til að vinna á jörðum sínum.

Guðrún segir að bændafólk á svæðinu sé orðið miklu opnara fyrir nýjungum en áður var. Hún segir að það sé jákvæður andi og fólk sé til í að prufa nýjar hugmyndir og veiti einnig sveitungum sínum meira svigrúm til þess en áður var. Aukin víðsýni og umburðarlyndi eykur hæfni fólks til að takast á við

breytingar í umhverfi sínu. Páll tekur þó fram að erfitt sé að gera sér grein fyrir því hvort jákvæðni í samfélaginu sé eingöngu vegna skógræktarinnar og segir að það sé ýmislegt að gerast. „Það er ekki allt jákvætt, í sjálfu sér en það samt sem áður verður til þess að það verður meiri rótering á samskiptum manna af öðrum svæðum".

Sigurður sagði að þegar verkefnið hefði farið af stað þá hefði verið mikil kreppa í sauðfjárrækt og þeim sem voru viðriðnir skipulagningu og stjórnun Héraðsskógaverkefnisins hefði þótt bændur „hnípnir".

> *Jafnvel þegar maður var með þeim einhversstaðar á ferð sko annað, í öðrum landshlutum þá svona voru menn bognir og vildu kannski ekki tala um hvaðan þeir voru. Að ferðast með þeim núna, þá finnst mér sko, það fer eiginlega mest fyrir Héraðsmönnum hvort sem það séu einhverjar samkomur eða menn eru á ferðinni og menn eru mjög teinréttir, stoltir af því sem þeir eru að gera (Sigurður).*

Hann talaði einnig um árlega veislu skógarbænda í Víðivallaskógi sem styrkir böndin á milli skógarbændanna sjálfra og segir að verkefnið hafi aukið samkennd og bjartsýni hjá fólki.

Aðrir staðfestu þetta og bentu á að þegar fólk er ekki í kreppu þá er það bjartsýnna og tilbúnara til að taka meiri áhættu en ella. Héraðsskógaverkefnið hefur á margan hátt losað fólk úr tökum landbúnaðarkreppunnar á fyrri hluta tíunda áratugarins. Atli Björnsson, bóndi um fertugt, endurómar orð Páls um þátttöku fólks í „sveitalífinu" og segir að verkefnið hafi fært líf í Héraðið, en hann segir þetta verkefni þó geta verið tvíbent. Að vissu leyti þá er það rétt upp í hendurnar á fólki, þannig að það þarf ekki að skapa sér vinnu á meðan. Bitinn er réttur að fólki í stað þess að það þurfi að sækja. Að mati Atla er þetta eitthvað sem hefur viðgengist í hefðbundnum landbúnaði og sem fólk verður að vara sig á. Hann telur að það megi færa rök fyrir því að frumkvæði hafi verið drepið niður eða veikt hjá bændum. Fólk hefur ekki alltaf þurft að hafa mikið fyrir hlutunum, árangur hefur ekki skipt miklu og það hljóti að hafa áhrif á hugsunarhátt fólks.

Félagsleg áhrif Héraðsskógaverkefnisins virðast hafa leitt til þess að samfélagið hefur á vissan hátt lifnað við. Á grundvelli þátttöku í skógræktinni

hefur fólk getað virkjað tengsl sín við heimahaganna og það er meiri hreyfing á samskiptum fólks. Fólk er opnara fyrir nýjum möguleikum í umhverfinu og það er stolt af því sem það er að gera. Íbúar Fljótsdals virðast betur í stakk búnir nú en áður til að takast á við aðsteðjandi breytingar.

Hér hefur verið gerð grein fyrir almennum áhrifum Héraðsskóga-verkefnisins á samfélagið í Fljótsdal. Til að skýra mikilvægi verkefnisins á svæðinu er þó jafnframt nauðsynlegt að lýsa hvernig fólk hefur hagnýtt sér verkefnið til að takast á við breyttar aðstæður.

HÉRAÐSSKÓGAR SEM SVEIGJANLEGT BJARGRÁÐ

Langflestir bæir í Fljótsdalshreppi hafa einhverskonar samning um skógrækt á jörðum sínum. Yfirleitt virðist það vera fjölskyldan í heild sem tekur að sér skógræktina. Þó er ýmislegt sem bendir til þess að plöntun hvíli frekar á herðum kvenna og unglinga en girðingavinna, jarðvinnsla og skógarhögg (grisjun) er þá frekar á hendi karla. Þórunn nefnir til dæmis að unglingar og ungt fólk hafi haft tækifæri til að afla sér nokkurra tekna við plöntun á sumrin. Anna staðfestir þetta. Þegar börn hennar voru á unglingsaldri þá plöntuðu þau á sumrin og var það eina sumarvinnan sem þá bauðst. Anna segir að þetta hafi bjargað þeim tekjulega séð. Fleiri dæmi eru um að fjölskyldur hafi gerst aðilar að Héraðsskógaverkefninu fyrst og fremst til að skapa unglingum sumarvinnu.

Vinnan við skógræktina hefur verið að breytast og tímabilið sem hægt hefur verið að fá vinnu hefur lengst með vaxandi skógi. Það birtist aðallega í skógarhöggi sem fer fram yfir vetrartímann. Í febrúar til apríl 2001, unnu 15 manns (allt karlmenn) við skógarhögg í Víðivallaskógi. Um haustið unnu 10 manns í einn og hálfan mánuð við grisjun og slóðagerð (Héraðsskógar, 2001a). Það virðist ljóst að Héraðsskógaverkefnið er orðið afgerandi hluti af lífi flestra á svæðinu og er samofið daglegu lífsmynstri fólks. Það hefur veitt fólki tekjur en það er misjafnt hvernig fólk hefur hagnýtt sér það.

Þrátt fyrir að allir viðmælendur mínir væru sammála um að Héraðsskógaverkefnið hefði veitt fólki mikilvægar aukatekjur og mörgum

möguleika á atvinnu var misjafnt hversu mikla áherslu fólk lagði á þýðingu verkefnisins. Héraðsskógaverkefnið veitir aðilum sínum fastar aukatekjur, mismiklar eftir framkvæmdum fólks á jörðum sínum. Sumir drógu í efa að skógræktin sé eitthvað sem skipti sköpum, en flestir lögðu þó meiri áherslu á þýðingu verkefnisins fyrir fólk á svæðinu. Ragnar og Anna hafa verið öflugir aðilar að verkefninu nokkuð lengi og fullyrti Ragnar að verkefnið hefði haft mikið að segja fyrir marga.

Sigurður segir að skógræktin verði að vinna með öðru því það lifi enginn af skógrækt án skógarhöggs af fullum krafti. Enn sem komið er þá er skógarhögg ekki nema tímabundin vinna fyrir takmarkaðan fjölda fólks. Guðrún tekur fram að á þeim tíma sem skógræktarverkefnið var að fara af stað hafi verið mjög lítið um vinnu á svæðinu og sérstaklega voru takmarkaðir atvinnumöguleikar fyrir konur, en með Héraðsskógaverkefninu hafi fólk í sveit haft möguleika á að nálgast tvítekjufjölskyldur tekjulega séð og konur hafi ekki síður verið virkar í verkefninu en karlar.

Þeir bændur sem ég talaði við voru sammála um að ennþá yrði að líta á skógræktina sem aukavinnu eða aukabúgrein. Þau voru einnig sammála að verkefnið hentaði mjög vel sem aukavinna. Hjá þeim aðilum sem stunda ferðaþjónustu kom það fram að skógrækt hentar vel til að fylla upp í eyðurnar. Fólk er ekki fastbundið dagsdaglega við skógræktina og hægt er að sinna henni með ferðaþjónustunni. Plöntun er eins og áður segir ekki síst tekjuuppspretta fyrir unglinga á sumrin en skógarhöggið á veturna er mikilvægur þáttur fyrir þó nokkra bændur. Skógarhöggið kemur inn á þeim tíma sem minnst er að gera í sauðfjárræktinni, frá áramótum og fram að sauðburði. Sigurður leggur áherslu á hversu vel bændafólk hefur fellt verkefnið að hefðbundnum búskap:

> *Þannig að kannski eftir sauðburð, þá byrja þeir að gróðursetja og eftir sláturtíð byrja þeir að höggva, þannig að það er búið að smella þessu alveg inn í, þannig að þeir hafa fyllt upp, þetta hefur ekki sko skarast.*

Dæmi um hvernig verkefnið brúar bilið fyrir bændur kemur frá Indriða:

Það eru semsagt tveir mánuðir þarna [í slátrun og smölun], svo er ég að vinna hjá Héraðsskógum, hef verið að vinna hjá þeim undanfarin ár í skógarhöggi, á veturna,... verið þrjá mánuði kannski þar. Svo hef ég verið í girðingaviðhaldi fyrir þá á vorin, ... fyrir það fékk ég um 300 þúsund krónur. Ég er að fá fyrir þrjá mánuði í skógarhöggi sexhundruð þúsund krónur, þá eru komin 900 þúsund, ég er að fá 400 þúsund í sláturhúsinu, þetta er það sem ég lifi á.

SAMANTEKT

Það er greinilegt af orðum Indriða að Héraðsskógaverkefnið þjónar mikilvægu hlutverki til að brúa bilið fjárhagslega fyrir hann og fjölskyldu hans. Það hefur verulega efnahagslega þýðingu fyrir fólk sem tekur fullan þátt í því. Áhrif þess snerta þó fleiri þætti samfélagsins. Það hefur styrkt búsetugrundvöll svæðisins og haft veruleg áhrif á umhverfið í dalnum. Verkefnið hefur einnig haft mjög áhugaverða félagslega og menningarlega þýðingu sem minnir á félagleg bönd og brýr sem rætt var um hér að framan. Héraðsskógar er samheiti þeirra sem taka þátt í því og það hefur styrkt bæði sjálfsmynd einstaklinga og afmarkað ímynd svæðisins.

Þó að það lifi enginn eingöngu á skógrækt má segja að verkefnið sé tiltölulega stöðugt og öruggt bjargráð. Héraðsskógar svipta ekki öðru burt heldur getur verkefnið fallið að því sem fyrir er, það styrkir hvert bú en felur í sér hugsanlegan möguleika á fullri vinnu í framtíðinni. Það er misjafnt hvernig fólk hefur tekið þátt í verkefninu og sértæk þýðing þess er þannig að mestu leyti undir hverjum og einum komin. Héraðsskógaverkefnið er til staðar og býður upp á möguleika á að fólk hagnýti sér það. Landeigendur geta að miklu leyti sniðið það að aðstæðum sínum og þessi sveigjanleiki er einn helsti styrkur verkefnisins.

KAFLI 12 AÐ LOKUM

Í þessum hluta hefur verið fjallað um bjargráð fólks í Fljótsdal í kjölfar samfélagslegra breytinga. Ég byrjaði á að gera grein fyrir því umhverfi sem sauðfjárrækt er búið. Atvinnugreinin í heild býr við fastmótað reglukerfi sem á margan hátt virkar sem haft á áframhaldandi þróun hennar og nýsköpun bændafólks. Henni er haldið á milli steins og sleggju þar sem annars vegar takast á hugmyndir markaðshyggju og hins vegar byggðasjónarmiða. Afleiðingin er kerfi þar sem ríkið styrkir ákveðna atvinnugrein með það fyrir augum að halda ákveðnum svæðum landsins í byggð.

Í níunda kafla var fjallað um hvaða breytingar íbúar Fljótsdals hafa upplifað síðan framleiðslustýring í sauðfjárrækt var tekin upp. Aðstæður bænda hafa breyst mikið vegna breytinga á reglukerfi greinarinnar, breyttra markaðsaðstæðna og stórfellds riðuniðurskurðar á svæðinu á níunda og tíunda áratugnum. Íbúum hefur fækkað, fæst bú standa undir sér og fólk hefur orðið að grípa til margvíslegra ráða til að tryggja búsetugrundvöll svæðisins. Nánast á öllum bæjum er fólk í annarri vinnu með búskapnum. Flestir leita vinnu til nálægra þéttbýlisstaða eða stofnana í nágrenninu, eins og Hallormsstaðarskóla. Þó eru sumir sem hafa leitast við að skapa sér atvinnu á jörðum sínum, t.d. með ferðaþjónustu að ógleymdri skógrækt.

Í tíunda og ellefta kafla hlutans fjallaði ég um Héraðsskógaverkefnið. Það er almennasta og áhrifaríkasta bjargráðið á svæðinu. Héraðsskógaverkefnið er skipulagt til langs tíma, það er beinlínis gróðursett á svæðinu og það er orðið rótgróið í daglegu lífi margra. Lykillinn að velgengni verkefnisins er að það er skipulagt í samvinnu heimafólks og utanaðkomandi aðila. Landeigendur sem taka þátt í verkefninu hafa frá upphafi getað mótað það og sveigt að þörfum og högum sínum. Héraðsskógar er mjög víðfeðmt nýsköpunarverkefni og hefur haft margvísleg áhrif. Hagræn áhrif þess eru augljós þó að nákvæm úttekt á þeim liggi ekki fyrir. Verkefnið hefur aukið tekjur fólks og þannig hefur það gert mörgum kleift að halda áfram búskap. Verkefnið hefur veitt fólki tryggar tekjur

og þannig virkað sem fjárhagslegt öryggisnet. Því má segja að Héraðsskóga-verkefnið hafi náð tilgangi sínum og markmiðum sem sett voru fram í lögum um það í upphafi.

Verkefnið hefur einnig haft annars konar áhrif á svæðinu. Skógræktin hefur augljós umhverfisáhrif. Landslag Fljótsdals hefur tekið miklum breytingum á tiltölulega stuttum tíma. Það eru skiptar skoðanir um ágæti þessara breytinga. Flestir telja þó jákvæð áhrif vega upp þau neikvæðu og leggja einnig áherslu á að skógrækt sé afturkræf aðgerð í umhverfinu. Skógræktin hefur einnig táknræn umhverfisáhrif, hún styrkir ímynd svæðisins sem græns svæðis á landsvísu og sumir líta til þess sem tækifæris til markaðssetningar.

Héraðsskógar hafa jafnframt breytt félagslegu og menningarlegu andrúmslofti í dalnum. Héraðsskógar sem stofnun er samheiti þeirra sem vinna að verkefninu. Það má segja að verkefnið hafi stofnanavætt félagsleg tengslanet á milli þátttakenda þess og utanaðkomandi aðila, bæði á svæðinu og annarsstaðar. Verkefnið hefur aukið samkennd og eflt samhug í samfélaginu. Það hefur styrkt sjálfsmynd fólks, það er stolt af því sem það er að gera og er ef til vill hreyfanlegra en áður. Þó að staðan í sauðfjárrækt sé slæm þá hefur Héraðsskógaverkefnið losað fólk úr mestu kreppunni. Bændafólk heldur ekki eins að sér höndum og er tilbúnara til að skoða nýja möguleika og nýjar leiðir til að takast á við breyttar aðstæður.

Fólk hagnýtir verkefnið á margvíslegan hátt. Það byggir upp tengslanet inn á við og út á við, það leggur til við sköpun sjálfsmyndar sinnar og ímyndar svæðisins og síðast en ekki síst nýtir fólk verkefnið til að ná endum saman. Í næsta hluta er reynsla og aðstæður íbúa Fljótsdals settar í fræðilegt samhengi með það fyrir augum að auka skilning á því hvernig fólk tekst á við samfélagslegar breytingar með nýsköpunarverkefnum – eða bjargráðum.

V. HLUTI UMRÆÐUR OG LOKAORÐ

Í þessum hluta eru niðurstöður dregnar saman og hin fræðilega umræða og umfjöllun um breytingar í sauðfjárrækt og bjargráð fólks í Fljótsdal fléttaðar saman. Lögð er áhersla á þrjá samhangandi þætti sem tengjast markmiði ritgerðarinnar, þ.e. að skýra hvaða breytingum fólk á landbúnaðarsvæðum hefur staðið frammi fyrir, hverskonar bjargráðum það hefur beitt og hvernig það framkvæmir eða hagnýtir bjargráð.

KAFLI 13 SAUÐFJÁRRÆKT OG HNATTVÆÐING

Í þessum kafla er fjallað um hvernig breytingar á reglukerfi sauðfjárræktar og nýjar hugmyndir um hlutverk atvinnugreina og byggðastefnu tengjast hnattrænum breytingum.

Eins og kom fram í umfjölluninni um hnattvæðingu hér að framan eru hnattrænar breytingar í sjálfu sér ekki nýjar af nálinni. Ýmiskonar samskipti hafa lengi átt sér stað á milli fjarlægra staða á jarðarkringlunni. Flæði ímynda, fólks, fjármagns og upplýsinga hafa hins vegar orðið mun hraðvirkari á síðustu árum samfara tækninýjungum. Friedman (1995, 2000) bendir á að hnattvæðing eigi sér ekki stað á tilviljunarkenndan hátt þó hún virðist að mörgu leyti vera stjórnlaus. Áhrif og afleiðingar hnattvæðingar mótast af ákveðinni formgerð sem hefur orðið til í sögulegu og pólitísku samhengi.

Ýmsir hafa óttast að hnattvæðing leiði til einsleitni og hafa sérstaklega bent á flæði vestrænna áhrifa til annarra menningarsvæða. Hugmyndin um einsleitni einfaldar veruleikann um of og lítur fram hjá því að fólk er ekki strengjabrúður utanaðkomandi ferla heldur virkir gerendur í lífi sínu. Það má því segja að um leið og fólk lifir innan ákveðinna formgerða þá vefi það utanaðkomandi áhrif saman við staðbundið samhengi og mótar þá formgerð sem það lifir í. Segja má að hnattvæðing leiði til sífellds rofs – félagslegar formgerðir rakna upp hraðar en áður. Við þær aðstæður þarf skilvirkar aðgerðir til að vefa

veruleikann aftur saman á merkingarbæran hátt. Einstaklingar þurfa með öðrum orðum að hnatt**s**væða tilveru sína sem vísar til þess að fólk tekur við utanaðkomandi áhrifum en byggir viðbrögð sín og bjargráð á meðvitaðan hátt á staðbundnu samhengi hverju sinni.

Hnattvæðing lýsir sér í tilfinnanlegum hreyfanleika flestra þátta samfélagsins. Samfara því eru ákveðnar breytingar að verða á heimsmynd Vesturlandabúa. Aukinn hreyfanleiki hefur dregið fram óreiðu veruleikans og veikt stoðir hugmyndakerfa módernismans og um leið þá samfélagsskipan sem módernisminn skapaði. Við lifum á „póst-módernískum" tímum. Það vísar til aukinnar sjálfsrýni og meðvitundar fólks um að nær ómögulegt sé að ná altækri stjórn á aðstæðum sínum. Í hagkerfinu sér þessara breytinga merki þar sem megin vaxtabroddur efnahagslífisins byggir á hagnýtingu upplýsinga, tækni og þekkingar til nýsköpunar við breytilegar aðstæður í stað magn – eða frumframleiðslu. Veruleikinn er fljótandi og því þurfa einstaklingar og stofnanir að beita sveigjanlegum ráðum til að takast á við hann og jafnframt þarf sveigjanleg hugtök og myndlíkingar til að skilja og skýra hann.

Fjallað var sérstaklega um þrjú hugtök í samhengi við hnattsvæðingu, þ.e. flæði, tengslanet og netvíddir. Öll vísa þau til hreyfanleika. Tengslanet geta verið misvíðfeðm og innan þeirra geta ólíkar netvíddir skarast. Netvíddir vísa til brauta á milli ákveðinna staða í tengslanetum. Þær eru nokkurskonar farvegir fyrir ýmiskonar flæði á milli aðila sérhvers tengslanets. Flæði geta einnig átt sér stað á milli tengslaneta eða netvídda. Við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi er óumdeilanlega kostur að geta tengst mismunandi netvíddum til að hafa aðgang að upplýsingum, þekkingu, fjármagni og tækni. Um leið er nauðsynlegt að hafa hæfileika til að hagnýta margvísleg flæði. Ef fólk er rígbundið einu tengslaneti með takmörkuðum netvíddum þá er hætt við því að það nái ekki að skapa sér árangursrík bjargráð eða með öðrum orðum, að hnattsvæða tilveru sína.

Á vissan hátt er þróun sauðfjárræktar táknmynd fyrir hnattrænar breytingar. Mótun og skipulag reglukerfis sauðfjárræktar átti sér stað samhliða nútímavæðingu íslensks samfélags. Á fyrri hluta aldarinnar var lögð áhersla á að

auka framleiðni landbúnaðarins og um leið hófst uppbygging reglukerfis utan um hefðbundinn landbúnað, nautgriparækt og sauðfjárrækt.

Gildi módernískrar hugmyndafræði voru allsráðandi. Leitast var við að auka framleiðslumagn, vél- og tæknivæðingu. Stjórnkerfið sem var smíðað utan um sauðfjárrækt og hugsað sem stuðningstæki við atvinnugreinina landsmönnum til hagsbóta var hins vegar að lokum keyrt í strand. Mikil verðbólga hér á landi ásamt versnandi markaðsaðstæðum erlendis hafði sitt að segja en einnig er ljóst að þau sem stjórnuðu kerfinu náðu ekki að sveigja það að breyttum aðstæðum.

Allt frá áttunda áratug 20. aldar hefur sauðfjárrækt sem atvinnugrein og fólkið sem stundar hana háð varnarbaráttu og leitast við að aðlagast breyttum aðstæðum. Það hefur verið hægara sagt en gert þar sem sauðfjárrækt hefur verið nýtt sem byggðameðal í dreifbýli landsins. Sauðfjárrækt sem atvinnugrein hefur þannig verið hagnýtt til svæðisbundinnar styrkingar eða viðhalds byggðar. Þetta hefur heft bændafólk við að þróa atvinnugreinina sem slíka og það má einnig færa rök fyrir því að þessi tenging dreifbýlis við eina atvinnugrein hafi ekki verið byggðunum til góðs. Allar breytingar á reglukerfi sauðfjárræktar eru því hápólitískar og stjórnvöld hafa ekki enn viljað taka af skarið og ákveða hvort skuli stefna að fullri markaðsvæðingu greinarinnar eða vinna að byggðastefnu með stuðningi við hana.

Á sama tíma eru gildi og forsendur byggðastefnu að breytast. Það er lögð meiri áhersla á nýsköpun og frumkvæði heimafólks á kostnað lánafyrirgreiðslu og aðstoðar við einstök fyrirtæki. Þó það megi setja spurningarmerki við hvort það hafi tekist að hrinda nýjum áherslum byggðastefnunnar í framkvæmd er hér um hugmyndafræðilega stefnubreytingu að ræða sem tengist vaxandi áherslu á markaðsvæðingu og hagnýtingu tækni og upplýsinga til nýsköpunar. Staða sauðfjárbænda í dag er því þversagnakennd. Annars vegar er áhersla lögð á markaðsvæðingu og að greinin starfi í sama umhverfi og aðrar atvinnugreinar. Hins vegar er greininni ætlað að halda uppi byggð í landinu og henni búin þröngur stakkur til framþróunar. Sauðfjárbændum er ætlað að sýna meira

frumkvæði og framtak og skapa sér þannig ný tækifæri en um leið eru þau bundin af reglukerfi greinarinnar.

Það virðist að reglukerfi sauðfjárræktar hafi lent í því óskemmtilega hlutverki að standa uppi sem minnisvarði um móderníska stjórnunar- og skipulagshætti. Í kjölfar breytinga á heimsmynd Vesturlandabúa og uppgangs hugmynda nýfrjálshyggju hefur fjarað undan grundvallarforsendum kerfisins. Altæk stjórnun af því tagi sem stjórnkerfið er dæmi um á ekki við þær aðstæður sem eru ríkjandi í samfélaginu í dag. Samfélagsgerð módernismans hefur raknað upp og fólk þarf að hagnýta sjálfsrýnin bjargráð til að vefa félagslega veröld sína aftur saman.

Bændafólk í Fljótsdal hefur ekki frekar en aðrir verið viljalausir þolendur breytinga heldur tekið sem gerendur á aðstæðum sínum. Þrátt fyrir að reglukerfið hafi takmarkað hreyfanleika og þar með möguleika fólks til að takast á við breyttar aðstæður hefur það beitt margvíslegum bjargráðum sem byggja á sjálfsrýni þess. Bændafólk hefur getað hagnýtt sér nýja möguleika með tilkomu hnattrænna breytinga, t.d. með tilkomu nýrrar tækni og meiri fjölda ferðafólks. Á margan hátt má segja að þau hafi tekið til við hnattsvæðingu á grunni sauðfjárræktar.

KAFLI 14 BJARGRÁÐ Í FLJÓTSDAL

Hér verður stuttlega fjallað um bjargráð íbúa í Fljótsdal. Leitast verður við að skýra afhverju fólk hefur valið þau bjargráð sem nú eru sýnileg en ekki önnur og einnig dregin fram reynsla þess af utanaðkomandi bjargráðum. Jafnframt verður fjallað um hvernig bjargráð fólks tengjast á mismunandi hátt nýsköpun, tengslanetum og sköpun sjálfsmyndar, þ.e. þremur grundvallarþáttum bjargráðahugtaksins.

Bjargráð er víðfeðmt hugtak sem vísar bæði til breytinga eða rofs í samfélaginu (e. disembeddedness) og hvernig fólk vefur (e. reembed) formgerð samfélagsins aftur saman á merkingarbæran hátt. Til grundvallar árangursríkum bjargráðum liggur sjálfsrýni. Eins og Lash (1994) bendir á vísar hugtakið bæði inn á við, að einstaklingnum sjálfum og út á við, að formgerð samfélagsins. Í báðum tilvikum á sjálfsrýni við aðgerðir fólks sem byggja á því að það rýni í aðstæður sínar og aðgerðir og sé meðvitað um ástæður og afleiðingar þeirra. Við þær aðstæður sem hnattvæðing hefur lagt til við að móta er ekki lengur hægt að taka neitt sem gefið. Það er orðið ljóst að allt er breytingum undirorpið. Þetta ástand krefst sjálfsrýni, með öðrum orðum verður fólk að svara afhverju það gerir þetta en ekki hitt og hugsa um stöðu sína í víðara samhengi til að byggja upp sjálfsmynd sína á merkingarbæran hátt.

Þrjár víddir felast í bjargráðum sem vísa til nýsköpunar, uppbyggingar sjálfsmyndar og tengslaneta. Þessar víddir eru snertifletir bjargráða og sjálfsrýni. Nýsköpun felur ávallt í sér ákveðið rof í formgerðum samfélagsins um leið og hún byggir oftast á því sem fyrir er. Sköpun sjálfsmyndar er orðið flóknara ferli en áður var. Það eru fleiri hugsanlegir möguleikar til staðar þar sem fólk hefur aðgang að margvíslegum tengslanetum og netvíddum innan þeirra. Tengslanet eru nokkurs konar miðill fyrir nýsköpun og sköpun sjálfsmyndar. Þau fela í sér möguleika á sköpun félagslegs auðs sem getur bæði nýst til að byggja félagslegar brýr á milli ólíkra tengslaneta og styrkt félagsleg bönd innan þeirra.

Tengslanet og netvíddir eru þannig farvegir fyrir ýmiskonar flæði og eru því grundvallarþættir að árangursríkum bjargráðum.

Bjargráð íbúa Fljótsdals eru mörg og ólík. Sauðfjárrækt er enn megin atvinnugrein Fljótsdælinga. Á langflestum sauðfjárbúum stundar fólk þó vinnu með þar sem sauðfjárbúskapurinn veitir ekki nægilegar tekjur til að reka heimili. Nokkuð er um að fólk búi á svæðinu en stundi ekki sauðfjárbúskap sem atvinnu. Aðstæður fólks í dag eru tilkomnar vegna ýmissa samverkandi þátta en framleiðsluniðurskurður og stórfelldur riðuniðurskurður eru miðlægir áhrifaþættir á svæðinu.

Reglukerfi sauðfjárræktar og vilji fólks til að stunda sauðfjárrækt hefur markað þau bjargráð sem það hefur tekið til við. Þróun og nýsköpun í sauðfjárrækt hefur verið miklum takmörkunum háð á síðustu árum. Margir bændur hafa þó leitast við að nýta hús og aðrar fjárfestingar eins vel og kostur er jafnvel þó að hluti framleiðslunnar falli utan beingreiðslumarks. Jafnframt eru margir að vinna markvisst að því auka framleiðni skepnanna og aðlaga framleiðsluna að óskum neytenda með markvissu ræktunarstarfi. Það er ekki sérlega bjart yfir sauðfjárrækt á svæðinu ekki síst vegna óvissu um framhald slátrunar. Sláturhúsið á Fossvöllum er mikilvægur vinnuveitandi fyrir margt bændafólk á svæðinu á haustin. Húsið er lítið og úr sér gengið en hins vegar er mjög dýrt að ráðast út í nýbyggingu sérstaklega með tilliti til vannýtingar annarra húsa á landinu. Flutningsleiðir til annarra afurðastöðva eru langar og það skiptir bændur miklu að hafa gott aðgengi að dreifikerfi afurðastöðva. Það má segja að afurðastöðvar séu mikilvæg netvídd fyrir sauðfjárbændur sem þau þurfa nauðsynlega að hafa góðan aðgang að til að vera samkeppnisfær.

Önnur bjargráð sem má nefna eru ferðaþjónusta, aukabúgreinar, föst vinna utan heimilis og ýmis tilfallandi tímabundin störf. Ferðaþjónusta er það bjargráð þar sem allar þrjár víddir hugtaksins eru hvað skýrastar. Tveir aðilar hafa farið út í ferðaþjónustu. Án þess að fara djúpt ofan í saumana á þessum bjargráðum er í báðum tilvikum um hrein og klár nýsköpunarverkefni að ræða. Hvorki hefur verið boðið upp á hestaferðir eða gistingu áður í íbúðum á svæðinu.

Bæði fyrirtækin byggja á virkjun tengslaneta bæði innan sveitar og utan. Sömu viðskiptavinirnir koma ítrekað til þeirra og hestaferðirnar eru reknar í samstarfi við stærra fyrirtæki annarsstaðar á landinu. Þannig hafa þau í báðum tilfellum náð að tengjast mikilvægum netvíddum – náð að byggja félagslegar brýr - til að treysta grundvöll rekstursins. Um leið byggja báðir aðilar á samþættuðum tengslum, þ.e. félagslegum böndum, sérstaklega til að láta hlutina ganga upp á álagspunktum. Þau fá hjálp frá nágrönnum sínum og ýmiskonar aðra aðstoð í gegnum samþættuð tengslanet. Sú ferðaþjónusta sem þau reka tengist sterklega sköpun sjálfsmyndar og ákveðinni ímynd svæðisins. Það er mikið um að veiðifólk gisti í íbúðunum og hestaferðirnar njóta hylli meðal fólks sem vill upplifa og komast í snertingu við náttúruna. Þessi dæmi sýna glögglega að tengslanet og sköpun sjálfsmyndar eru gagnvirk ferli, þau geta ekki átt sér stað í tómarúmi eða einhliða. Neytendurnir, ferðafólkið í þessu tilfelli, sækist eftir ákveðinni ímynd og/eða sjálfsmynd til að neyta. Í gegnum bjargráð sín eru ferðaþjónustuaðilarnir að selja fólki ímynd svæðisins og hluta af sjálfsmynd sinni og um leið eru þeir að byggja upp og móta sjálfsmynd sína í tengslum við svæðið.

Fólk hefur leitast við að afla sér aukatekna á þann hátt að það geti haldið áfram annaðhvort búskap eða búsetu á jörðum sínum. Þau bjargráð sem „virka" fyrir íbúana eru flest hver sveigjanleg að búsetuskilyrðum þeirra. Það kemur skýrt fram hjá viðmælendum mínum að þau vilja búa á svæðinu og þær aðferðir sem þau hagnýta sér bera þess glöggt vitni. Sauðfjárbúskapur er enn kjölfesta samfélagsins í Fljótsdal og fólk nýtir sér hann sem grunn að öðrum bjargráðum. Þó verður að taka tillit til þess að reglukerfi sauðfjárræktar hefur heft hreyfanleika fólks. Sumir segjast ekki hafa efni á að selja og flytja burt jafnvel þó þau vildu. Það er óvíst hvort miðlægt hlutverk sauðfjárræktar muni breytast eftir að framsal greiðslumarks verður gefið frjálst í upphafi árs 2004 en það verður að teljast líklegt að sauðfjárbúum í Fljótsdal fækki en þau sem eftir verða muni stækka.

Virkjunarframkvæmdir norðan Vatnajökuls hafa verið fyrirhugaðar í tugi ára. Fólk er jarðbundið gagnvart virkjun og lítur ekki á framkvæmdirnar sem

allsherjarlausn fyrir svæðið. Margir eru mjög gagnrýnir á virkjunarframkvæmdir, sérstaklega Kárahnjúkavirkjun, og sumir eru alfarið á móti virkjun á svæðinu. Flestir viðmælendur mínir líta hins vegar til virkjunar sem ákveðins tækifæris sem íbúar dalsins gætu nýtt sér. Með auknu fjármagni gæti sveitarfélagið byggt upp grunnaðstöðu fyrir ferðafólk og á grunni virkjunarframkvæmda gæti búsetu-grundvöllur svæðisins styrkst. Fólk leggur áherslu á að virkjun út af fyrir sig breyti ekki miklu heldur skipti mestu hvernig einstaklingar hagnýti sér þá möguleika sem fylgja henni. Í þessu sambandi er því ljóst að fólk sér sjálft sig sem gerendur í umhverfi sínu en bíður ekki eftir utanaðkomandi bjargráðum til að leysa staðbundin vandamál. Hins vegar kemur líka fram að fólk saknar trausts stoðkerfis sem það getur leitað til með hugmyndir að nýsköpunarverkefnum eða viðskiptaáætlanir. Viðmælendur mínir segja fólk skorta aðstoð, reynslu og fjármagn til að móta hugmyndir að verkefnum, meta þær og ef hægt er hrinda þeim í framkvæmd.

Langflestir ábúendur í Fljótsdal eru aðilar að Héraðsskógaverkefninu. Verkefnið hefur haft margvísleg áhrif og virðist vera árangursríkt bjargráð í flesta staði. Það sameinar allar þrjár víddir bjargráða og varpar einnig skýru ljósi á hlutverk félagslegs auðs í bjargráðum.

KAFLI 15 HÉRAÐSSKÓGAR SEM BJARGRÁÐ

Í þessum kafla verður fjallað um bjargráðið Héraðsskóga með sérstakri áherslu á félagslegan auð. Ástæður þess að Héraðsskógar hafa náð sýnilegum árangri eru ræddar en einnig einkenni Héraðsskóga sem bjargráðs og veikleikar verkefnisins.

Saga skógræktar á svæðinu, skipulagning Héraðsskógaverkefnisins og sveigjanleiki þess sem bjargráðs eru þrjár megin ástæður fyrir árangri Héraðsskóga í Fljótsdal.

Þegar kemur að því að setja nýsköpunarverkefni á laggirnar, hverju nafni sem það nefnist, skiptir máli að það sé merkingarbært fyrir hugsanlega þátttakendur, þ.e. að fólk geti séð sig í því að vinna það. Fljótsdalsáætlun ruddi brautina fyrir skógræktarverkefni í Fljótsdal. Íbúar dalsins vissu að skógrækt var raunhæfur kostur á svæðinu og eins höfðu margir persónulega reynslu af skógrækt, bæði á jörðum sínum og í gegnum vinnu á Hallormsstað. Það má því segja að skógrækt hafi verið hluti af menningarlegum auði íbúa Fljótsdals, hún stóð nær þeim sem bjargráð en margt annað.

Skipulagning og framkvæmd Héraðsskóga eru lykilþættir í þessu samhengi. Frumkvæði að verkefninu kom bæði frá félögum í skógræktarfélögum og bændum. Stjórnmálamenn höfðu mikið að segja með því að tengja heimafólk og stjórnkerfið í Reykjavík og vinna verkefninu pólitískt fylgi. Verkefnið er skipulagt til langs tíma og það hefur tryggt fjármagn. Héraðsskógar eru því öruggt haldreipi, fólk sér það sem öruggan tekjugjafa og það getur fært þátttakendum umtalsverðar tekjur. Heimafólk hefur verið virkir þátttakendur í skipulagningu og framkvæmd verkefnisins frá upphafi. Verkefnið er skipulagt sem verkefni þátttakenda, landeigendur vinna sjálfir á jörðum sínum og bera ábyrgð á efndum samnings við stofnunina Héraðsskóga. Fastráðnir starfsmenn Héraðsskóga eru því frekar starfsmenn landeigenda heldur en öfugt. Héraðsskógaverkefnið er í grundvallaratriðum skipulagt þannig að það miðar að því að styrkja fólk í starfi á jörðum sínum og ýtir þannig undir það að fólk sé gerendur í lífi sínu.

Áhrif Héraðsskóga dyljast engum. Verkefnið hefur augljós hagræn áhrif og fólk er sammála um að það hefur styrkt byggðina. Umhverfisáhrif verkefnisins eru mikil og nokkuð umdeild. Verkefnið hefur samt sem áður sótt á sem bjargráð meðal bændafólks. Bændur, sem sumir voru í vafa um að skógrækt gæti gengið upp með sauðfjárrækt, eru nú sammála um að þessar búgreinar eigi vel saman. Vinnsla við verkefnið hefur hingað til passað mjög vel við árstíðarbundnar vinnulotur í sauðfjárrækt. Jafnframt hefur verkefnið veitt unglingum sumarvinnu sem hefur verið af skornum skammti á svæðinu. Sveigjanleiki verkefnisins er einn höfuðkostur þess. Hver og einn landeigandi gerir samning við Héraðsskóga um framkvæmdir á sinni jörð svo að um leið og verkefnið hefur áhrif á svæðinu í heild hefur það einstaklingsbundinn sveigjanleika þannig að flestir sem vilja geta nýtt sér það. Héraðsskógar sópa því ekki öðru burt heldur kemur það sem viðbót við t.d. hefðbundinn búskap eða ferðaþjónustu. Fólk getur nýtt það til að vinna áfram á þeim grunni sem það hefur byggt, hvort sem það er sauðfjárrækt eða aðrar atvinnugreinar.

Allar þrjár víddir bjargráðahugtaksins eru greinanlegar í Héraðsskógum. Verkefnið felur í sér breytingar á hagrænni formgerð samfélagsins í Fljótsdal. Það byggir á staðbundinni þekkingu og reynslu en tengist einnig utanaðkomandi netvíddum – embættismannakerfinu, hinu pólitíska stjórnkerfi og sérfræði-þekkingu á sviði skógræktar. Styrkur verkefnisins felst í því að um leið og það skapar eitthvað nýtt á svæðinu þá byggir það á gömlum grunni. Fólk á svæðinu hefur haft aðstöðu til að kynnast skógrækt og hefur þannig haft aðgengi að netvíddum sem innihalda þekkingu um skógrækt. Þátttakendur hafa því nokkuð auðveldlega getað ofið nýsköpunarverkefnið Héraðsskóga saman við daglega reynslu sína á merkingarbæran hátt.

Héraðsskógar hafa líka lagt til við sköpun sjálfsmyndar. Verkefnið hefur styrkt fólk í því sem það er að gera. Með þátttöku í því hefur fólk átt auðveldara með að finna lífi sínu merkingarbæran farveg, eða að hugsa um tilveru sína á sjálfsrýnin hátt. Eftir að þættir sjálfsmyndar sauðfjárbænda röknuðu að nokkru upp hefur Héraðsskógaverkefnið aðstoðað fólk við að vefa þá aftur saman.

Verkefnið hefur fært líf inn á svæðið og sumir nefna að það hafi beinlínis styrkt sjálfsmynd bændafólks. Eftir mikla erfiðleika og gagnrýni í þjóðfélaginu hafi fólk getað verið stolt af skógræktinni. Eins og fram hefur komið hefur verkefnið lagt til við ímyndarsköpun svæðisins. Fljótsdalshérað hefur að mati viðmælenda minna „græna" áru og skógræktarverkefnið hefur styrkt þá ímynd. Sumir líta til þess sem möguleika á eflingu annarra bjargráða, t.d. ferðaþjónustu.

Félagsleg tengsl og virkjun þeirra hefur skipt höfuðmáli við stofnun og viðhald verkefnisins. Félagslegur auður vísar til bjarga sem felast í tengslanetum. Eins og fram kom hér að framan er félagslegur auður ekki mælanleg eign heldur felst hann í aðgerðum einstaklinga í ólíkum tengslanetum. Það má því segja að auðurinn sé táknræn eign sem er ávallt aðstæðubundin. Áhrif hagnýtingar félagslegs auðs eru að einstaklingar skapa skilvirkari tengsl sín á milli og til stofnana. Tvær helstu birtingarmyndir félagslegs auðs eru félagslegar brýr (e. bridges) og félagsleg bönd (e. bonds) sem vísa annars vegar til tengsla á milli netvídda eða hópa og hins vegar til samþættaðra tengsla innan netvídda eða hópa. Aðgerðir fólks eru aldrei lausar undan áhrifum einhverskonar formgerða. Woolcock (1998) bendir til dæmis á að ríkið hafi mikilvægu hlutverki að gegna til að styrkja félagslegan auð, þ.e. að ýta undir og auðvelda virkjun fólks á félagslegum tengslum. Þegar kemur að nýsköpun, eða bjargráðum, skiptir máli að stofnanir ríkisins og víðara félagslegt umhverfi sé tryggt og sjálfu sér samkvæmt. Það auðveldar fólki að tengjast mismunandi netvíddum eða tengslanetum og brúa mismunandi net. Með öðrum orðum gerir það einstaklingum auðveldara fyrir að nálgast upplýsingar, tækni og fjármagn og aðra nauðsynlega þætti nýsköpunarverkefna.

Héraðsskógar hafa byggst á samstöðu fólks á svæðinu en verkefnið hefði aldrei orðið að veruleika nema þau sem höfðu frumkvæði að því hefðu ekki hagnýtt félagsleg tengsl við stjórnmálamenn og embættismannakerfið. Það er athyglisvert að erfiðlega hefur gengið að skapa traust tengsl (eða brýr) á milli embættismannakerfisins og Héraðsskóga. Verkefnið hefur frekar náð markmiðum sínum með því að hagnýta félagslegan auð í tengslum við stjórnmálamenn óháð

embættisfólki. Stjórnmálamenn af svæðinu eru hluti af tengslaneti fólks í Fljótsdal og starfsfólks Héraðsskóga. Um leið þjóna tengslanet við stjórnmálamenn því hlutverki að brúa bilið á milli staðbundins bjargráðs og pólitísks vettvangs á höfuðborgarsvæðinu þar sem ákvarðanir um fjárframlög til verkefnisins eru til að mynda teknar. Félagslegur auður þessara tengsla birtist því bæði sem bönd og brýr[53].

Um leið og verkefnið hefur byggst á virkjun félagslegs auðs hefur það bæði skapað brýr á milli mismunandi gerenda og þjappað fólki á svæðinu saman. Að vissu leyti má segja að verkefnið hafi skapað brýr á milli dreifbýlis og þéttbýlis innan svæðis og það um leið styrkt félagsleg bönd íbúa svæðisins. Með því að gerast aðilar að Héraðsskógum er fólk ekki eingöngu að tengjast einföldu skógræktarverkefni heldur er það um leið að tengjast öðrum aðilum verkefnisins á nýjan hátt. Fólk tengist með öðrum orðum víðfeðmu tengslaneti í gegnum Héraðsskóga sem veitir því möguleika á hagnýtingu og sköpun félagslegs auðs og þar með skilvirkari tengslanetum.

Að framansögðu er ljóst að Héraðsskógaverkefnið sameinar allar þrjár víddir bjargráða. Fólk vinnur að nýsköpun, byggir upp sjálfsmynd sína og ímynd svæðisins og hagnýtir tengslanet og félagslegan auð í því ferli. Styrkleikar verkefnisins eru óneitanlega margir og það hefur ekki marga áberandi veikleika. Þrjú atriði má þó greina sem veikja eða geta veikt framgang verkefnisins nú og í framtíðinni

Í fyrsta lagi virðast tengsl á milli verkefnisins og stjórnkerfisins eða embættisfólks innan þess, ekki vera byggð á nægilega traustum grunni. Í upphafi voru aðilar innan kerfisins sem unnu gegn verkefninu og starfsfólk Héraðsskóga hefur fundið fyrir andstöðu frá embættisfólki við að verkefni eins og Héraðsskógar skuli ráða sér sjálft. Ef þetta er sett í samhengi við hugmyndir Woolcocks (1998) má segja að stjórnkerfið hafi ekki reynst nægilega trúverðugt gagnvart Héraðsskógum. Það eru ekki nægilega traustar brýr félagslegra tengsla til staðar sem geta þjónað sem farvegir fyrir hagnýtingu félagslegs auðs. Þrátt

[53] Það er mikilvægt að undirstrika að bönd og brýr eru ferli en ekki ástand eða félagslegar staðreyndir.

fyrir að tengslin á milli embættismannakerfisins og Héraðsskóga hafi breyst til batnaðar á síðustu árum ber enn á titringi í samskiptum þessara aðila. Samkvæmt viðmælendum mínum leita stjórnendur verkefnisins annarra leiða ef samskipti við kerfið eru stirð, þau hagnýta önnur óhefðbundnari/óformlegri félagsleg tengsl og fara jafnvel framhjá kerfinu.

Verkefnið hefur sannað tilverurétt sinn með því að ná þeim árangri sem til var ætlast. Þar sem forsendur þess eru pólitískar miklu frekar en hagrænar er mikilvægt að viðhalda pólitískum stuðningi við það. Ótraust tengslanet á milli stjórnkerfisins og Héraðsskóga getur verið veikleiki þar sem það þýðir að ekki er skýrt hvernig samskipti kerfisins við nýsköpunarverkefni sem þetta eiga að ganga fyrir sig. Ef samskipti sem þessi eru látin ráðast er hætt við því að allar tilraunir til að endurtaka leikinn, skapa önnur svipuð verkefni, verði ómarkvissar og háðar hæfni einstakra aðila til að hagnýta félagsleg tengsl við ólíka aðila eða stofnanir. Stjórnvöld verða því að leggja sig fram um að skapa áreiðanlegar og trúverðugar stofnanir og netvíddir til að auðvelda stofnsetningu og framkvæmd byggðavænna nýsköpunarverkefna sem þessa.

Í öðru lagi eru umhverfisáhrif verkefnisins mikil og sumir viðmælendur mínir telja að þau komi til með að verða umdeildari þegar fram líða stundir. Ofuráhersla á eitt bjargráð getur leitt til þess að fólk sem ekki er hluti af því upplifi sig í vörn og finnist að sér sótt. Þær raddir má heyra á Fljótsdalshéraði. Verkefni eins og Héraðsskógar hafa í för með sér gagngera breytingu á landslagi. Ákvarðanir sem eru teknar í dag munu hafa áhrif á ásýnd svæðisins næstu tugi ára. Það skiptir miklu að sem flestir komi að stefnumótun og ákvörðunum um svo miklar breytingar á umhverfinu, jafnvel þó að þær séu tiltölulega afturkræfar. Sú ábyrgð hvílir jafnt á þátttakendum verkefnisins og stjórnendum þess að vinna það í sátt við umhverfi sitt, náttúrulegt og félagslegt.

Í þriðja lagi má benda á upplýsingastreymi frá stjórnendum verkefnisins til bænda. Héraðsskógaverkefnið byggir á vissan hátt á þéttriðnu tengslaneti þátttakenda og stjórnenda þess. Þrátt fyrir mjög gott aðgengi þátttakenda að stjórnendum virðist það enn geta batnað. Eftir rúmlega tíu ára starfssemi er

úrvinnsla skógarafurða og markaðssetning þeirra orðin meira aðkallandi en áður. Bændur sem talað var við höfðu frekar áhyggjur af framtíð verkefnisins hvað varðar markaðssetningu á skógarafurðum en stjórnendur þess sem höfðu aðrar forsendur fyrir mati sínu. Þetta undirstrikar að þátttakendur og stjórnendur verða stöðugt að vinna áfram að verkefninu og halda félagslegum tengslum virkum. Þau verða að hagnýta félagslegan auð til að samþætta aðila í verkefninu og dreifa upplýsingum jafnt innan þess og utan. Félagsleg tengsl eru ekki staðnaðar formgerðir heldur virk ferli sem verður að vinna að ef þau eiga að virka sem farvegir eða netvíddir upplýsinga.

KAFLI 16 AÐ LOKUM

Hér hafa verið dregnir saman helstu þættir bjargráða íbúa Fljótsdals og tengdir fræðilegri umræðu í upphafi ritgerðarinnar. Bjargráð er hugtak sem samþættar þrjár meginvíddir tilverunnar: Uppbyggingu sjálfsmyndar, tengslanet og nýsköpun. Hnattrænar breytingar hafa valdið því að einstaklingar verða í auknum mæli að treysta á sjálfa sig til að vefa veröldina saman á merkingarbæran hátt. Altækar formgerðir eru ekki teknar jafn trúanlegar og á gullaldarárum módernískrar hugmyndafræði. Þar með er ekki sagt að fólk sé óháð félagslegum formgerðum eins og stjórnmálum, hagkerfi eða menntakerfi. Fólk verður að vinna innan þessara formgerða, rýna í þær og stöðu sína í þeim til þess að geta mótað árangursrík bjargráð. Með sjálfsrýnum bjargráðum skapar fólk sjálft sig og leggur um leið til við sköpun félagslegra formgerða í umhverfi sínu.

Bjargráð fólks í Fljótsdal eru margvísleg. Fyrir sauðfjárbændur skiptir miklu að geta beitt sveigjanlegum bjargráðum. Héraðsskógar er dæmi um slíkt bjargráð. Um leið og það byggir á því sem fyrir er leggur það til við endursköpun og styrkingu á samfélagslegum þáttum. Félagsleg tengsl og virkjun félagslegs auðs er grundvallarþáttur í verkefninu. Það byggir á samþættuðum félagslegum tengslum og bæði styrkir og útvíkkar þau og skapar þannig möguleika á frekari hagnýtingu félagslegs auðs af hálfu þátttakenda. Megin styrkur þess fyrir Fljótsdælinga og sauðfjárbændur sérstaklega er að það hefur aðstoðað fólk við að takast á við miklar þrengingar í sauðfjárrækt og gert mörgum kleift að halda áfram búsetu sinni á svæðinu. Það er á margan hátt sniðið að takmarkandi reglukerfi sauðfjárræktar. Héraðsskógar er bjargráð sem byggir á því að þátttakendur séu virkir og um leið hvetur það fólk til frekari aðgerða. Þrátt fyrir marga kosti hefur verkefnið einnig ákveðna veikleika. Það fer eftir því hvernig verkefnið verður unnið í framtíðinni hvort þeir verði viðvarandi og/eða verði að alvarlegum vandamálum.

Í þessari ritgerð hefur verið gerð grein fyrir samfélagslegum breytingum sem íbúar Fljótdsdals hafa staðið frammi fyrir, þeim bjargráðum sem þeir hafa

tekið til við og ljósi varpað á hvernig fólk vinnur bjargráð og hvað skiptir máli í þeim ferlum. Að lokum er mikilvægt að undirstrika það að einstök bjargráð líkt og Héraðsskógaverkefnið leysa í sjálfu sér ekki vanda svæða eða staðbundinna samfélaga. Það er fólkið sem sameinast um að vinna að þeim sem tekur á aðstæðum sínum sjálft með aðstoð bjargráða. Þegar kemur að því að skapa árangursrík bjargráð verður að hafa í huga hvernig ætlunin er að vinna þau og hvaða þættir skipta þar máli. Það skiptir engu hversu góð hugmynd að verkefnum er ef framkvæmd þeirra bregst. Félagsleg tengslanet og hagnýting félagslegs auðs skiptir þar höfuðmáli.

HEIMILDIR

Alþingi. (1991). Lög um Héraðsskóga. *Lagasafn, Nr. 32*.

Austur - Hérað. (2001). *Á nýrri öld: Stefna Austur - Héraðs - staðardagskrá 21, 2001-2006*.

Bauman, Z. (2000). *Liquid Modernity*. Cambridge: Polity Press.

Bauman, Z. (2001). *The Individualized Society*. Cambridge: Polity Press.

Beck, U. (2000). Living Your Own Life in a Runaway World: Individualisation, Globalisation and Politics. Í W. Hutton og A. Giddens (Ritst.), *On the Edge: Living with Global Capitalism*. London: Jonathan Cape.

Beck, U., Giddens, A., og Lash, S. (1994). *Reflexive Modernization: Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order*. Cambridge: Polity Press.

Bernard, F. d. (2002). *Privatisation or sharing of cultural identities and diversity? A two-sided approach of the relationship between "Globalisation" and "Culture" today.* Fyrirlestur haldinn á ráðstefnu um hnattvæðingu: Globalisation: Panel VI - Flows and Borders: Culture, Identity and Space. University of Iceland - Reykjavík.

Björn S. Stefánsson. (1986). Forsendur verðlags á landbúnaðarafurðum í 100 ár. Í Heimir Þorleifsson (Ritst.), *Landshagir: Þættir úr íslenzkri atvinnusögu, gefnir út í tilefni af 100 ára afmæli Landsbanka Íslands*. Reykjavík: Landsbanki Íslands.

Boggs, C. (2001). Social capital and political fantasy: Robert Putnam's *Bowling Alone*. *Theory and Society, 30*, 281-297.

Bourdieu, P. (1986). The Forms of Capital. Í J. G. Richardson (Ritst.), *Handbook of Theory and Research for the Sociology of Education* (pp. 241-258). Westport: Greenwood Press.

Bourdieu, P. (1998a). *Acts of Resistance: Against the Tyranny of the Market* (R. Nice, Þýð.). New York: The New Press.

Bourdieu, P. (1998b). *Practical Reason: On the Theory of Action*. Stanford: Stanford University Press.

Busch, L., og Juska, A. (1997). Beyond Political Economy: Actor Networks and the Globalization of Agriculture. *Review of International Political Economy, 4* (4), 688-708.

Byggðastofnun. (1997). *Staða sauðfjárræktar og áhrif á byggðaþróun - Skýrsla unnin fyrir stjórn Byggðastofnunar*. Byggðastofnun

Byggðastofnun. (1998). *Stefnumótandi Byggðaáætlun 1998-2002: Forsendur.*: Byggðastofnun.

Byggðastofnun. (1999). *Byggðir á Íslandi: Aðgerðir í byggðamálum.*: Byggðastofnun.

Bændasamtök Íslands. (2002). *Hagtölur Landbúnaðarins*. Reykjavík: Bændasamtök Íslands.

Bærenholdt, J. O., og Aarsaether, N. (1998). Coping Strategies in the North. Í J. O. B. og N. Aarsaether (Ritst.), *Coping Strategies in the North: Local Practices in the Context of Global Restructuring*. Copenhagen: Nordic Council of Ministers.

Bærenholdt, J. O., og Aarsaether, N. (2001). Reflexive Local Development: Coping Strategies in a Globalized Environment. Í N. Aarsaether og J. O. Bærenholdt (Ritst.), *The Reflexive North* (pp. 15-40). Copenhagen: Nordic Council of Ministers.

Bærenholdt, J. O., og Aarsaether, N. (2002). Coping Strategies, Social Capital and Space. *European Urban and Regional Studies, 9* (2), 151-165.

Castells, M. (2000). *The Rise of the Network Society* (Önnur útg. Bindi. I). Oxford: Blackwell.

Clifford, J. (1986). Introduction: Partial Truths. Í J. Clifford og G. E. Marcus (Ritst.), *Writing Culture: The Poetics and Politics of Ethnography*. Berkeley, Los Angeles, London: University of California Press.

Coleman, J. S. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology, 94 (Supplement)*, 95-121.

Eriksen, T. H. (1993). *Ethnicity & Nationalism: Anthropological Perspectives*. London: Pluto Press.

Falk, I., og Kilpatrick, S. (2000). What *is* Social Capital? A Study of Interaction in a Rural Community. *Sociologia Ruralis, 40* (1), 87-110.

Fine, B. (1999). The Developmental State Is Dead - Long Live Social Capital? *Development and Change, 30* (1), 1-19.

Fontana, A. (1994). Ethnographic trends in the postmodern era. Í D. R. Dickens og A. Fontana (Ritst.), *Postmodernism and Social Inquiry*. London: Guilford Press.

Friedman, J. (1995). Global System, Globalization and the Parameters of Modernity. Í M. Featherstone, S. Lash og R. Robertson (Ritst.), *Global Modernities*. London: Sage.

Friedman, J. (2000). Globalization, Class and Culture in Global Systems. *Journal of World-Systems Research, 3*, 636-665.

Friedman, T. L. (1999). *The Lexus and the Olive Tree*. New York: Ferrar, Straus and Giroux.

Fukuyama, F. (1992). *The End of History and the Last Man*. London: Penguin Books.

Geertz, C. (1988). *Works and lives: The anthropologist as author*. Cambridge: Polity Press.

Giddens, A. (1991). *Modernity and Self - Identity: Self and Society in the Late Modern Age*. Cambridge: Polity Press.

Giddens, A. (1999). *Runaway World: How Globalisation is Reshaping our Lives*. London: Profile Books.

Giddens, A., og Hutton, W. (2000). In Conversation. Í W. Hutton og A. Giddens (Ritst.), *On the Edge: Living with Global Capitalism*. London: Jonathan Cape.

Gísli Pálsson. (1995). *The Textual Life of Savants: Ethnography, Iceland, and the Linguistic Turn* (Vol. 18). Chur: Harwood Academic Publishers.

Gísli Pálsson. (1996). Human-environmental relations: Orientalism, paternalism and communalism. Í P. Descola og G. Pálsson (Ritst.), *Nature and Society: Anthropological Perspectives*. London: Routledge.

Gísli Pálsson. (Í prentun). Nature and Society in the Age of Postmodernity. Í A. Biersack og J. Greenberg (Ritst.), *Imagining Political Ecology*. Durham: Duke University Press.

Goodman, D. (1999). Agro-Food Studies in the "Age of Ecology": Nature, Corporeality, Bio-Politics. *Sociologia Ruralis, 39* (1), 17-37.

Granovetter, M. (1973). The Strength of Weak Ties. *American Journal of Sociology, 78* (6), 1360-1380.

Granovetter, M. (1985). Economic Action and Social Structure: The Problem of Embeddedness. *American Journal of Sociology, 91* (3), 481-510.

Gudeman, S., og Rivera, A. (1990). *Conversations in Colombia: The domestic economy in life and text*. Cambridge: Cambridge University Press.

Guðmundur Jónsson, og Magnús S. Magnússon (Ritst.). (1997). *Hagskinna: Icelandic Historical Statistics*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Guðmundur Stefánsson. (1998). Landbúnaðarstefnan og búvörusamningar. *Ráðunautafundur*, 3-12.

Gunnar H. Kristinsson. (2001). *Staðbundin stjórnmál: Markmið og árangur sveitarfélaga*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Gunnar Þór Jóhannesson, Unnur Dís Skaptadóttir, og Karl Benediktsson. (Óbirt). *Coping with Social Capital? The Cultural Economy of Tourism in the North*. Óbirt handrit.

Hagstofa Íslands. (1999). *Landshagir 1999: Hagskýrslur Íslands III 65*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (2000). *Landshagir 2000: Statistical Yearbook of Iceland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hagstofa Íslands. (2002). *Landshagir 2002: Hagskýrslur Íslands III 88*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.

Hammersley, M., og Atkinson, P. (1983). *Ethnography: Principles in Practice*. London: Tavistock Publications.

Héraðsskógar. (1995). *Náttúruauðlind nýrra tíma*. Egilsstöðum: Héraðsskógar.

Héraðsskógar. (2001a). *Ársskýrsla 2001*. Egilsstaðir: Héraðsskógar.

Héraðsskógar. (2001b). *Lög*, [Internet]: http://www.isholf.is/ HERADSSKOGAR/ [2001, 07.08].

Héraðsskógar. (2002). *Starf Héraðsskóga*, [Internet]: http://www. heradsskogar.is [2002, 18.12].

Hirst, P., og Thompson, G. (1996). *Globalization in Question: The International Economy and the Possibilities of Governance*. Cambridge: Polity Press.

Ingold, T. (2000a). Globes and spheres: The topology of environmentalism, *The Perception of the Environment: Essays in Livelihood, Dwelling and Skill* (pp. Chapter 12). London: Routledge.

Ingold, T. (2000b). *The Perception of the Environment: Essays in Livelihood, Dwelling and Skill*. London: Routledge.

Irwin, A. (2001). *Sociology and the Environment: A Critical Introduction to Society, Nature and Knowledge*. Cambridge: Polity Press.

Kaltoft, P. (1999). Values about Nature in Organic Farming Practices and Knowledge. *Sociologia Ruralis, 39* (1), 39-53.

Karl Benediktsson. (2000, 15. - 19. November). *Recreating rural spaces: Iceland's agricultural regions in a post-productivist era.* Fyrirlestur haldinn á málþingi MOST CCPP: Whether, how and why regional policies are working in concert with coping strategies locally?, Joensuu - Finland.

Karl Benediktsson. (2001). Beyond Productivism: Regulatory Changes and their Outcomes in Icelandic Farming. Í K. Kim, I. Bowler og C. Bryant (Ritst.), *Developing Sustainable Rural Systems*. Pusan: PNU Press.

Kopytoff, I. (1986). The cultural biography of things: Commoditization as process. Í A. Appadurai (Ritst.), *The social life of things: Commodities in cultural perspective*. Cambridge: Cambridge University Press.

Kristín Loftsdóttir. (2001). Commercializing Culture: Artisanry Production and the Wodaabe in Niger. *Journal of Cultural Studies, 3* (2), 316-332.

Lakoff, G., og Johnson, M. (1980). *Metaphors We Live By*. Chicago: The University of Chicago Press.

Landbúnaðarráðuneytið. (1998). *Úttekt á lífskjörum bænda í hefðbundnum landbúnaði 1989 - 1996 ásamt tillögum um opinberan stuðning og félagslegar aðgerðir*. Reykjavík: Landbúnaðarráðuneytið.

Landbúnaðarráðuneytið. (2000). *Samningur um framleiðslu sauðfjárafurða*, [Internet]. Bændasamtök Íslands: http://bondi.is/landbunadur/wgbi.nsf/key2/saudsam [2002, 08.11].

Landbúnaðarráðuneytið. (2002). *Fréttatilkynning frá landbúnaðarráðuneytinu nr. 12/2002*, [Internet]. Landbúnaðarráðuneytið: http://landbunadarraduneyti.is/interpro/lan/lan.nsf/pages/frett_2002_12 [2002, 11.11.02].

Lash, S. (1994). Reflexivity and its Doubles: Structure, Aesthetics, Community. Í U. Beck, A. Giddens og S. Lash (Ritst.), *Reflexive Modernization: Politics, Tradition and Aesthetics in the Modern Social Order* (pp. 56-109). Cambridge: Polity Press.

Lash, S., og Urry, J. (1994). *Economies of Signs and Space*. London: Sage.

Latour, B. (1993). *We Have Never Been Modern* (C. Porter, Þýð.). Cambridge: Harvard University Press.

Latour, B., og Woolgar, S. (1986). *Labratory Life: The Construction of Scientific Facts*. Princeton: Princeton University Press.

Law, J. (1992). *Notes on the Theory of the Actor Network: Ordering, Strategy and Heterogeneity*. Centre for Science Studies Cartmel College Lancaster University: http://www.comp.lancs.ac.uk/sociology/soc054jl. html [2001, 17.01].

Malinowski, B. (1984). *Argonauts of the Western Pacific*. Prospect Heights: Waveland Press.

Marcus, G. E. (1998). *Ethnography Through Thick and Thin*. Princeton: Princeton University Press.

Marcus, G. E., og Fischer, M. M. J. (1986). *Anthropology as cultural critique: An experimental moment in the human sciences*. Chicago: University of Chicago Press.

Marsden, T. (1998). Agriculture Beyond the Treadmill? Issues for Policy, Theory and Research Practice. *Progress in Human Geography, 22* (2), 265-275.

Marsden, T. (1999). Rural Futures: The Consumption Countryside and its Regulation. *Sociologia Ruralis, 39* (4), 501 - 520.

Marsden, T. (2000). Food Matters and the Matter of Food: Towards a New Food Governance? *Sociologia Ruralis, 40* (1), 20-29.

Maskell, P., Eskelinen, H., Hannibaldsson, I., Malmberg, A., og Vatne, E. (1998). *Competitiveness, Localised Learning and Regional Development: Specialisation and prosperity in small open economies*. London: Routledge.

Mauss, M. (1990). *The Gift: The form and reason for exchange in archaic societies* (W. D. Halls, Þýð.). London: Routledge.

McLuhan, M. (1994). *Understanding Media: The Extensions of Man*. London: Routledge.

Murdoch, J. (1997). Inhuman/Nonhuman/Human: Actor-Network Theory and the Prospects for a Nondualistic and Symmetrical Perspective on Nature and Society. *Environment and Planning D: Society and Space, 15* (4), 731-756.

Murdoch, J. (1998). The Spaces of Actor-Network Theory. *Geoforum, 29* (4), 357-374.

Murdoch, J. (2000). Networks - A New Paradigm of Rural Development. *Journal of Rural Studies, 16* (4), 407 - 419.

Murdoch, J., og Miele, M. (1999). "Back to Nature": Changing "Worlds of Production" in the Food Sector. *Sociologia Ruralis, 39* (4), 465-483.

Mörður Árnason (Ritst.). (2002). *Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. Reykjavík: Edda.

Neil, C., og Tykkyläinen, M. (1998). An introduction to research into socio-economic restructuring in resource communities. Í C. Neil og M. Tykkyläinen (Ritst.), *Local Economic Development: A Geographical Comparison of Rural Community Restucturing*. Tokyo: United Nations University Press.

Pieterse, J. N. (1995). Globalization as Hybridization. Í M. Featherstone, S. Lash og R. Robertson (Ritst.), *Global Modernities* (pp. 45-68). London: Sage.

Plattner, S. (Ritst.). (1994). *Economic Anthropology*. Stanford: Stanford University Press.

Portes, A. (1998). Social capital: Its origins and applications in modern sociology. *Annual Review of Sociology, 24*.

Portes, A. (2000). The Two Meanings of Social Capital. *Sociological Forum, 15* (1), 1-12.

Portes, A., og Sensenbrenner, J. (1993). Embeddedness and Immigration: Notes on the Social Determinants of Economic Action. *American Journal of Sociology, 98* (6), 1320-1350.

Putnam, R. D. (1993). *Making Democracy Work: Civic Traditon in Modern Italy*. Princeton: Princeton University Press.

Putnam, R. D. (2000). *Bowling Alone: The Collapse and Revival of American Community*. New York: Simon & Schuster.

Rannveig Traustadóttir. (2001). Research with Others: Reflections on Representation and Othering. *Scandinavian Journal of Disability Research*.

Ray, C. (1998). Culture, Intellectual Property and Territorial Rural Development. *Sociologia Ruralis, 38* (1), 3-20.

Ray, C. (1999). Endogenous Development in the Era of Reflexive Modernity. *Journal of Rural Studies, 15* (3), 257-267.

Ritzer, G. (1996). *Modern Sociological Theory*. Singapore: McGraw - Hill.

Said, E. W. (1979). *Orientalism*. New York: Vintage Books.

Schulman, M. D., og Anderson, C. (1999). The Dark Side of the Force: A Case Study of Restructuring and Social Capital. *Rural Sociology, 64* (3), 351 - 372.

Schumpeter, J. A. (1970). *Capitalism, Socialism and Democracy*. London: Unwin University Books.

Sclosser, E. (2002). *Fast Food Nation: The Dark Side of the All-American Meal*. New York: Houghton Mifflin Company.

Shiva, V. (2000). The World on the Edge. Í W. Hutton og A. Giddens (Ritst.), *On the Edge: Living with Global Capitalism*. London: Jonathan Cape.

Sigurður Snævarr. (1993). *Haglýsing Íslands*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Simonsen, K. (2001). Space, Culture and Economy - A Question of Practice. *Geofgrafiska Annaler, 83 B* (1), 41-52.

Sjömannanefnd. (1991). *Áfangaskýrsla um framleiðslu sauðfjárafurða*. Reykjavík.

Svendsen, G. L. H., og Svendsen, G. T. (2000). Measuring Social Capital: The Danish Co-operative Dairy Movement. *Sociologia Ruralis, 40* (1), 72-86.

Swyngedouw, E. (1996). Reconstructing Citizenship, the Re-scaling of the State and the New Authoritarianism: Closing the Belgian Mines. *Urban Studies, 33* (8), 1499-1521.

Swyngedouw, E. (2000). Elite Power, Global Forces, and the Political Economy of "Glocal" Development. Í G. Clark, M. Feldman og M. Gertler (Ritst.), *Handbook of Economic Geography*. Oxford: University Press.

Taylor, S. J., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource* (Þriðja útg.). New York: John Wiley & Sons.

Toynbee, P. (2000). Who's Afraid of Global Culture? Í W. Hutton og A. Giddens (Ritst.), *On the Edge: Living with Global Capitalism*. London: Jonathan Cape.

Unnur Dís, S. (1997). Breytingar í sjávarbyggðum: Sýn kvenna. Í G. Pálsson, H. Ólafsson og S. D. Kristmundsdóttir (Ritst.), *Við og hinir: Rannsóknir í mannfræði*. Reykjavík: Mannfræðistofnun Háskóla Íslands.

Urry, J. (2000). *Sociology Beyond Societies: Mobilities for the Twenty-first Century*. London: Routledge.

Van Maanen, J. (1988). *Tales of the Field*. Chicago, London: The University of Chicago Press.

Vigdís Jónsdóttir. (1992). Stuðningur stjórnvalda við landbúnað. *Fjármálatíðindi*, 174-192.

Wallerstein, I. (1974). *The Modern World - System: Capitalist Agriculture and the Origins of the European World - Economy in the Sixteenth Century*. New York: Academic Press.

Wallerstein, I. (1979). *The Capitalist World - Economy*. Cambridge: Cambridge University Press.

Wolf, E. (1982). *Europe and the People Without History*. Berkley: University of California Press.

Woolcock, M. (1998). Social Capital and Economic Development, Toward a Theoretical Synthesis and Policy Framework. *Theory and Society, 27*, 151 - 208.

Woolcock, M., og Narayan, D. (2000). Social Capital: Implications for Development Theory, Research, and Policy. *The World Bank Research Observer, 15* (2), 225-249.

World Bank. (2002, 10.10.02). *Social Capital for Development*, [Vefsíða]. World Bank: http://www.worldbank.org/poverty/scapital/index.htm [2002, 25.10].